

Anna Rún Tryggvadóttir
RÍSANDI STJARNAN
 Í MYNDLISTAR-
 HEIMINUM
 ▶ 60



**HART
 BARIST Í
 SUPER
 BOWL**
 ▶ 30



Sumarið
 2014 er komið
 Bæklingur fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
 1. febrúar 2014
 27. tölublað 14. árgangur
 Sími: 512 5000

**MEST LESNA
 DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***

*Samkvæmt ótrúlegu tölfræðingnum Ólafskelli Gellu, janúar - maí 2014



STARFAR MEÐ HOLLYWOOD- STJÖRNUNUM

Eva María Daniels er kvikmyndaframleiðandi, búsett í New York, og hefur starfað með sumum af frægustu stjörnum Hollywood. Hún ræðir ferilinn, endurgreiðslur vegna kvikmynda á Íslandi og áföllin en faðir hennar og bróðir létust nýlega með nokkurra mánaða millibili. ▶ 24



ÁNÆGD Á ÍSAFIRÐI
 Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir starfar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og er formaður Feministafélags Vestfjarða. ▶ 38



Einar Kristinn
DRAUMURINN UM OLYMPIULEIKA
RÆTTIST ▶ 68



TILNEFND TIL EDDU EN TALAR EKKI
 Sigríður María Egilsdóttir er tilnefnd til Eddunnar en önnur leikkona talaði fyrir hana. ▶ 74



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RISAÚTSALA
 MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
 FERDATÆKI MAGNARAR DVD SPILARAR HEYRNARTÓL
 MYNDAVÉLAR MP3 SPILARAR HÁTALARAR ÍSSKÁPAR
 ÞRÁDLAUSIR SÍMAR FRYSTIKISTUR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRÁUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

GÖTUMARKAÐUR
 ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

SMÁRALIND

ÚTSALA
 SÍÐUSTU DAGAR
 Götumarkaður og ótrúleg verð

Kringlan
 AF ÖLLU HJARTA



ÚTSÖLULOK SÍÐASTA HELGIN

Götumarkaður og ótrúleg verð!

OPIÐ 10-18 LAUGARDAG
OPIÐ 13-18 SUNNUDAG

Kringlan

25.01.2013 → 01.02.2013



100 ár eru liðin frá því haförn var alfriðaður á Íslandi.



93% fólks af erlend-um uppruna upplifði fordómafulla hegðun og mismunun gagnvart sér samkvæmt rannsókn.

1.400

milljónir króna eru í verkfallssjóði Kennarasambands Íslands.

10

voru lagðir inn til aðgerðar á Landspítalanum vegna hálkuslysa á einum degi í síðustu viku.

1

tilvitnun í kvenkynspersónu þótti eiga heima á lista yfir 20 bestu tilvitnanirnar úr íslenskum kvikmyndum fyrir árið 2000.



20

ára afmælis Sigur Rósar var fagnað nýverið.

3,1%

mælist verðbólgan um þessar mundir.

41.693

sorptunnur eru í Reykjavíkurborg, þar af

11.225

bláar tunnur



Kennarar ræða stöðuna: Ganga úr tíma og til fundar

MENNTAMÁL Boðað er til fundar kennara í öllum framhaldsskólum landsins á mánudaginn. Kennsla hefst með venjubundnum hætti klukkan 11.05 og leggja kennarar fyrir verkefni fyrir nemendur sína. Að því loknu ganga kennarar til fundar „vegna þeirrar grafalvarlegu stöðu sem við blasir í framhaldsskólum landsins“, eins og stendur í fundarboði.

Á dagskrá eru umræður um stöðu samninga- og kjaramála og næstu skref. Gert er ráð fyrir að samþykkt verði ályktun sem send verði til stjórnvalda og fjölmiðla í lok fundar.

Sýna lögreglu skilning:

Engar endurbætur hafnar

LÖGREGLUMÁL Tæpum tveimur mánuðum eftir skotárásina í íbúð í Hraunbæ, hafa engar endurbætur hafist á íbúðinni. Bráðabirgðabil er fyrir gluggum og blóðslettur í stigagangi.

Fréttastofa náði tali af þremur íbúum í húsinu. Enginn vildi koma í viðtal. Allir sýndu því skilning að vanda þyrfti til verka við rannsóknina en engu að síður eru þeir orðnir langeygir eftir umbótum.

EFNAHAGSMÁL


Raunminnkun í kortaveltu

Erlendir ferðamaður greiddu 78,4 milljarða króna með greiðslukortum á síðasta ári, samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar. Heildarvelta jókst um 24,4% á milli ára. Að meðaltali greiddi hver ferðamaður 97.400 krónur með korti árið 2012, en 100.400 árið 2013. Aukning á ferðamann var þrjú prósent á milli ára, sem er minna en verðlagshækkunir. Því er raunminnkun í erlendri kortaveltu.

Fylgi Sjálfstæðisflokks eykst

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn hefur aukist milli kannana og mælist nú 30,5 prósent. Framsóknarflokkurinn fengi 15,1 prósent ef kosið yrði nú. Stuðningur við Vinstri græn minnkar og er kominn niður í 10 prósent.

Fylgi Framsóknarflokks heldur áfram að dala




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 29. og 30. janúar 2014

Aðferðafræðin

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegast að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku 55,7 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Fjöldi þingsæta



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 29. og 30. janúar 2014

ÞETTA ER MÁLIÐ 2014

Kaffimál og áfylling allt árið aðeins **2.490 kr.**

olis
Vinur við veginn

Veðurspá

VINDASÖM HELGI Hvasviðri eða stormur SA- og NV-lands í dag, víða allhvasst annars staðar. Rigning eða slydda S- og A-til, dálftil el eða slydda fyrir norðan. Kólnar heldur til morguns með snjókomu eða slyddu N- og A-til.

Gildistími korta er um hádegis

Á morgun
13-18 m/s NV- og V-til, annars hægari.

Mánudagur
Allhvasst NV-til, vaxandi NA-átt S-til.

Alicante 20°	Billund 3°	Gautaborg 3°	London 9°	Orlando 26°	San Francisco 13°
Basel 4°	Frankfurt 8°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 15°	Oslo 1°	Stokkhólmur 1°
Berlín 4°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 20°	New York 6°	París 9°	

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður



Friðrik Dór tekur lagið
Laugardag kl. 14:00

Áritaðar servíettur,
sálmabækur og kerti.
PANTIÐ UM HELGINA
NÝTIÐ AFSLÁTTINN!

20%
afsláttur
af allri fermingarvöru
gegn framvísun
fermingarpóstsins
frá Blómavali

10%
Aukaafsláttur
á fermingar-
sýningunni

FERMING

Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi



40 manna
kransakaka
aðeins
6.990
(allt innifalið)

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á
netfangið kransakaka@blomaval.is



Fermingarskraut,
fermingarblóm,
merktar sálmabækur,
áprentun á servíettur,
skrautskrifuð kerti,
hanskar og margt fleira.

Fáið hugmyndir!
sjáið skreytt veisluborð
fyrir ferminguna

Túlípanar
10 stk.
999 kr.

Rósir
7 stk.
999 kr.

Fjórleg fermingarsýning í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Friðrik Dór tekur lagið laugardag kl 14:00

**Veislan, veislupjónusta býður upp á smakk
á gómsætri fermingartertu!**

Einnig sýna þau það nýjasta í fermingarmat og tertum.

Ljósmyndir og list

bjóða sérstakt tilboð á fermingarmyndatökum aðeins fyrir
gesti fermingarsýningarinnar.

**Skartgripir frá Energetix
segulmagnaðir skartgripir**

Remington kynnr hársnyrtivörur

Fermingarfatnaður til sýnis frá:

Gyllta kettinum - Flash - Kiss - Gallerí 17 - Hagkaup

Halldór KR Sigurðsson, bakari og konditor

kynnir kransakökunámskeið Blómavals kl 14-16

Wilton bökunarvörur - 25% afsláttur

Húsasmiðjan býður eitt mesta úrval landsins
af Wilton bökunarvörum!

**Uppdekuð borð frá Blómavali og allt
það nýjasta í borðskreytingum.**

**Eitt mesta úrval landsins af servíettum
og kertum til áritunar.**

**Pantið áritaðar servíettur, kerti og
sálmabækur um helgina á frábærum afslætti.**

Frábært verð á búsáhöldum í Húsasmiðjunni.

Kaffistell, matarstell, hnífaparasett og margt fleira á frábæru verði!

Munið fermingarleik Blómavals!

- glæsilegir vinningar í boði.

**Fermingarföt til sýnis
frá nokkrum verslunum:**

Gyllti kötturinn
Kiss Kringlunni
Flash
Gallerí 17
Hagkaup

blómaval

galleri sautján



Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

Hráfnislausar fiskvinnslur: Lægri hluti endurgreiddur

SJÁVARÚTVEGUR Um áramót breyttust lög og reglur um endurgreiðslur í hráfnisleysi til fiskvinnslufyrirtækja þannig að starfsmönnum eru nú greidd laun fyrir fyrstu fimm hráfnislausu daga á hvorum árhelmingi í stað fyrstu þriggja 2013.

Um áramótin 2012/13 lækkuðu meðalendurgreiðslur úr 60 prósentum í 40 prósent. Til stóð í fjárlagavinnu síðasta árs að fella þær niður. Það breyttist eftir viðræður Samtaka fiskvinnslustöðva og stjórnvalda.

- skó

Samstiga sveitarfélög vegna ágreinings um greiðslu fyrir sjúkraflutninga: Telja ráðuneytið skilningslaust

HEILBRIGÐISMÁL Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eru samstiga í stuðningi við stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna ágreinings við ríkið um greiðslur fyrir sjúkraflutninga.

Í ályktunum sem samþykktar hafa verið í borgarráði Reykjavíkur og í bæjarráðum Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Mosfellsbæjar er lýst vonbrigðum vegna þess sem kallað er skilningsleysi heilbrigðisráðuneytisins á því að ríkið þurfi að greiða þann kostnað sem ríkinu ber. Það hafi nú leitt til þess

að stjórn SHS hafi þurft að biðja um verklok vegna þjónustunnar. „Það neyðarúrræði byggist ekki á einlægum vilja til þess að slíta samstarfi ríkis og sveitarfélaga og skilja að sjúkraflutninga og slökkvistarfar, heldur á algjöru vonleysi gagnvart stöðu mála,“ segja sveitarfélögin.

Í Hafnarfirði og Garðabæ var ályktunin samþykkt mótatkvæðalaust en sjálfstæðismenn í Reykjavík lögðu til að því væri beint til stjórnar slökkviliðsins að fallast á ósk heilbrigðisráðherra um að hefja samningaviðræður að nýju.

- gar



SJÚKRAFLUTNINGUR Slökkviliðið telur ríkið skulda nær milljarð fyrir sjúkraflutninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhyggjur af rafmagnsöruggi: Tafir á göngum skapa óvissu

ORKUMÁL Framkvæmdastjóri rafveitusviðs Orkubús Vestfjarða segir óvissu um tilkomu Dýrafjarðarganga slæma því ekki sé hægt að leggja í framkvæmdir til að tryggja rafmagnsöruggi svæðisins. Þetta kom fram á fundi almannavarnanefndar.

„Brýnt er að hafa í huga að á meðan beðið er Dýrafjarðarganga liggur allt annað viðhald og uppbygging í frosti og því lífsspursmál fyrir byggðirnar að ríkisstjórnin taki af allan vafa og ljúki málinu,“ bókaði bæjarráð Ísafjarðar.

- gar

EMBÆTTISFERÐIR FORSETA ÍSLANDS ÁRIÐ 2013



Ferðalög forseta kostuðu ríkið tæplega átta milljónir í fyrra

Forseti Íslands var 94 daga erlendis árið 2013 og kostaði hver dagur um 84 þúsund krónur. Það er þó lægri tala en árið 2010 þegar hver dagur kostaði 217 þúsund en þá voru ferðadagarnir færri og heildarkostnaður lægri.

STJÓRNSÝSLA Kostnaður við embættisferðir Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, nam tæplega átta milljónum króna á síðasta ári.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna, um ferðalög forseta Íslands og maka hans.

Svandís óskaði eftir svörum við nokkrum spurningum, þar á meðal hversu marga daga forseti var erlendis árið 2013, hverjar utanferða hans voru opinberar og hverjar í einkaerindum.

Alls voru embættisferðir forseta sautján en í svari forsætisráðherra kemur fram að forseti hafi greitt sjálfur fyrir þær ferðir sem hann fór í einkaerindum.

Dýrasta embættisferð forseta var vegna ráðstefnu um norðurslóðir í Washington, funda með þingmönnum í öldungadeild Bandaríkjaþings, annarra funda í Washington og þátttöku í ráðgjafarnefnd Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans um hreina orku. Kostnaður við þá ferð nam um 1,3 milljónum króna.

Ólafur fór sautján ferðir og var 94 daga erlendis árið 2013 vegna opinberra erindagjörða. Árið 2010 fór hann í tíu ferðir sem stóðu í samtals 56 daga vegna opinberra erinda og voru kostaðar af skattgreiðendum. Ferðadögum forseta hefur því fjölgað um tæp sjötíu prósent á þremur árum.

erlabjorg@frettabladid.is/haukur@frettabladid.is

17 embættisferðir forseta
17 sinnum var greitt fyrir fargjöld maka forseta
7.898.570 var samanlagður kostnaður við ferðirnar
1,3 milljónir króna kostaði dýrasta ferðin.



FORSETAHJÓN Dorrit Moussaieff fór með manni sínum í sjö embættisferðir þar sem embætti forseta greiddi fargjöld fyrir hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jeppadekk

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich
TAKE CONTROL

MAXXIS



Þjónustusími: 561 4210

Reykjavík • Fiskislóð 30
Reykjavík • Grióthálsi 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Upplýsingar á benni.is

Bílabúð Benna - Dekkjáþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000

FERMINGAR- VEISLUSÝNINGIN ER UM HELGINA



FERMINGARVEISLUSÝNING – DAGSKRÁ FRÁ KL. 13:00 TIL 17:00 – LAUGARDAG OG SUNNUDAG

- 13:30 » UPPÁKOMA FRÁ DANSHÓPNUM REBEL
14:30 » TÍSKUSÝNING Á FERMINGARFATNAÐI FYRIR STÚLKUR OG DRENGI
FRÁ COSMO OG OUTFITTERS NATION
- » HÁR OG DEKUR SÝNIR ÞAÐ NÝJASTA Í FERMINGARGREIÐSLUM
 - » KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA GEFA SMAKK AF VEISLUMAT
 - » OKKAR BAKARÍ GEFUR SMAKK AF FERMINGARTERTUM
 - » STUDIO DOUGLAS KYNIR FERMINGARMYNDATÖKUR
 - » BLÓMASKREYTAÐ GARDHEIMA SÝNA GLÆSILEGAR VEISLUSKREYTINGAR OG GEFA GÓÐ RÁÐ
 - » ÁLETRANIR Á KERTI, SÁLMABÆKUR OG SERVÍETTUR
 - » HANS PETERSEN SÝNIR FERMINGARBOÐSKORT
 - » STONEWALL KITCHEN KYNIR HUGMYNDR AF VEITINGUM
 - » LUKKUPOTTUR Á STAÐNUM FYRIR FERMINGARBÖRNIN
 - » LUKKULEIKUR FORELDRA
SKILIÐ INN AFRIFU AF FERMINGARBRÉFINU TIL AÐ TAKA ÞÁTT

FORELDRAR MUNIÐ 20 % AFSLÁTTINN

GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS
+ 10% AUKAASFÁTTUR
NÚ UM HELGINA

EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI ERU MEÐ KYNNINGAR
Í GARDHEIMUM UM HELGINA



HANS PETERSEN

OKKAR BAKARÍ



COSMO

Hár & Dekur

STONEWALL KITCHEN

LJÓSMYNDASTOFAN
STÚDÍÓ DOUGLAS

Grand
HOTEL
REYKJAVÍK

SPÍRAN
BORDUM VEL



- » MEXÍKÓSK KJÚKLINGASÚPA MEÐ NACHOS
- » HEITAR SAMLOKUR » GÓMSÆTAR KÖKUR OG KAFFI

OPIÐ FRÁ
11 TIL 21
UM HELGAR



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Nýsköpunarsjóður námsmanna Sumarvinna við sjálfstæðar rannsóknir

Umsóknarfrestur 4. mars 2014



Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein
- Verkefnin skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna
- Stjórn er heimilt að veita forgang verkefnum sem fela í sér samstarf við fyrirtæki eða aðra aðila
- Úthlutun liggur fyrir um miðjan apríl 2014

Hverjir geta sótt um?

- Háskólanemar í grunn- og meistaranámi
- Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Umsóknir eru rafrænar og skal sækja um á www.rannis.is.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Proppé,
hulda.proppe@rannis.is,
sími 515 5825.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA



rannis
www.rannis.is

Vetrarfærð á höfuðborgarsvæðinu



VEL BÚIN Vetur konungur minnti á sig á sunnanverðu landinu nú rétt fyrir helgi. Eins og gengur er fólk misvel búið til ferðalaga í vetrarfæri, en fáir jafn vel og Sigurlaug Hjaltadóttir þar sem ljósmyndari rakst á hana í Reykjavík á leið með barn sitt til dagmómmu. Gönguskíði og skíðakerra eru náttúrulega hárréttur búnaður þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ertu með hugmynd?

Hefur þú góða viðskiptahugmynd?
Rekur þú fyrirtæki og vilt þróa
nýja vöru eða þjónustu?

Vinnuálastofnun/velferðarráðuneyti auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2014 lausa til umsóknar.
Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu.
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun.
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar.
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð.
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar og gerðar markaðsáætlunar, þróunar vöru eða þjónustu, hönnunar og efniskostnaðar.
- Ennfremur geta konur sem hafa fullmótaða viðskiptaáætlun og hafa hug á því að stofna fyrirtæki á næstunni eða hafa stofnað fyrirtæki en ekki hafið rekstur, sótt um styrk til að koma henni í framkvæmd.

Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 35.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 3.000.000. Ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 400.000.

Umsóknarfrestur er til og með 24.02.2014 og skal sækja um rafrænt á heimasíðu verkefnisins en þar má ennfremur finna nánari upplýsingar um styrkina.

Kynningarfundir verða haldnir á eftirtöldum stöðum;

Ísafjörður - 7.febrúar - Háskólasetur Vestfjarða	Kl. 12.00- 13.00
Akureyri - 10.febrúar - Hótel Kea	Kl. 12.00- 13.00
Egilsstaðir - 11.febrúar - Hótel Hérað	Kl. 12.00- 13.00
Reykjanesbær - 12 febrúar - Krossmói 4	Kl. 12.00- 13.00
Selfoss - 13.febrúar - Hótel Selfoss	Kl. 12.00- 13.00
Reykjavík 14.febrúar - Kringlan 1	Kl. 12.00- 13.00
Akranes - 17.febrúar - Gamla Kaupfélagið	Kl. 12.00- 13.00

Auk kynninga á styrkmöguleikum verða lánamöguleikar hjá Svanna - Lánatryggingasjóði kvenna og vinnuáætlunar kynnt. Nánari upplýsingar um fundina og skráningu á þá má finna á heimasíðu og facebook síðu verkefnisins.

www.atvinnumalkvenna.is

<https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna>



ATVINNUMÁL
KVENNA

Hættir hjá Framtakssjóði: Brynjólfur lætur af störfum

VIÐSKIPTI Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, lætur af störfum eftir aðalfund sjóðsins 27. mars næstkomandi. Hann óskaði eftir því við stjórnina að láta af störfum.

Brynjólfur segir í tilkynningu frá FSÍ að ákvörðunin eigi sér nokkurn aðdraganda og að sú löngun að vera „herra eigin tíma“ hafi orðið sífellt áleitnari. Brynjólfur hóf störf hjá FSÍ í ársbyrjun 2012. - skó



**BRYNJÓLFUR
BJARNASON**

Virðisaukaskattur í Evrópu: Vsk. á lyf hæstur hér á landi

EFNAHAGSMÁL Virðisaukaskattur á lyfseðilsskyld lyf í Evrópu er hæstur á Íslandi, 25,5 prósent. Þetta kemur fram í nýlegri úttekt Frumtaka.

Sjö Evrópulönd af 33 leggja hæsta þrep af virðisaukaskatti á lyfseðilsskyld lyf. Þá leggja 23 lönd virðisaukaskatt í neðri þrepum á bilinu 2,1 til 15 prósent. Þrjú lönd í Evrópu, Malta, Svíþjóð og Bretland, leggja engan virðisaukaskatt á lyfseðilsskyld lyf. - skó

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Ætla að malbika

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps stefnir að því að klára lagningu bundins slitlags á íbúðargötur á Flúðum á næstu 2 árum.



Vertu í íslensku sambandi við erlent efni á Ljósnetinu

www.siminn.is/ljosnet

Hjá Símanum er vinsælt YouTube efni hluti af innlendu gagnamagni

Til að auka gæði þjónustunnar og draga úr álagi á útlendasambönd hóf Síminn að nýta innlenda netþjóna fyrir erlent efni af krafti í maí á síðasta ári. Í kjölfarið minnkaði erlent niðurhal heimila hjá Símanum um 28%. Allt efni sem vistað er hérlendis telst til innlends niðurrhals hjá Símanum.

Í september jók Síminn einnig gagnamagn leiða í Internetáskriftum um allt að 40% til að mæta aukinni þörf viðskiptavina og breyttu umhverfi netnotkunar. Kynntu þér hraðar og öruggar leiðir til að vera í sterkara netsambandi á siminn.is.



Síminn nýtir innlenda netþjóna til að spegla vinsælt erlent efni og flokkar það sem innlent niðurhal.

Nánar um innlent og erlent gagnamagn á siminn.is

Borgin styrkir Eir:

Fær 22 milljóna neyðaraðstoð

VELFERÐARMÁL Reykjavíkurborg styrkir hjúkrunarheimilið Eir um 22 milljónir króna „til að verða við áskorun sjálfseignarstofnunarinnar um neyðaraðstoð“, eins og segir í síðustu fundargerð borgarráðs. Með þessu á að „freista þess að tryggja rekstrarhæfi stofnunarinnar á þessu ári og framgang nauðasamninga félagsins“. Styrkurinn er veittur með fyrirvara um að ríkið standi við að reka 20 dagdvalarrými fyrir heilablaða í þjónustumiðstöð við Spöngina. -gar

Oxfam vildi ekki kvikmyndaleikkonuna Scarlett Johansson vegna starfa hennar fyrir SodaStream:

Auglýsingar samrýmast ekki stefnu Oxfam

ÍSRAEL Á fimmtudaginn skýrðu alþjóðlegu hjálparstjórnir Oxfam frá því að leikkonan Scarlett Johansson væri ekki lengur alþjóðlegur sendiherra á þeirra vegum.

Ástæðan er sú að hún tók að sér auglýsingastörf fyrir SodaStream-gosdrykkjatakín, en þau eru að mestu framleidd í verksmiðju ísrælskra landtökumanna á Vesturbakkanum.

„Oxfam lítur svo á að fyrirtæki á borð við SodaStream, sem starfa í byggðum landtökumanna, auki á viðvarandi fátækt og réttindabrot gagnvart samfélögum Palestínnumanna sem við vinnum að stuðningi við,“ segir í tilkynningu frá Oxfam, þar sem Johansson eru



SCARLETT JOHANSSON

jafnframt þökkuð þau störf sem hún hefur innt af hendi fyrir samtökin.

Sjálf sendi Johansson frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagðist styðja efnahagslega samvinnu Ísraels og Palestínnumanna.

Málið hefur hins vegar vakið athygli umheimsins á því að SodaStream-verkmiðjurnar eru í eigu Ísraels og SodaStream-tækin eru framleidd á landtökubyggðum á herteknu svæðunum.



FRAMLEIÐSLAN Palestínskir verkamenn setja saman SodaStream-tæki í ísrælskri verkmiðju á svæði landtökumanna á Vesturbakkanum. NORDICPHOTOS/AFP



Brekurnar bíða

Skálafell verður opnað um helgina.

Opið um helgar frá kl. 10–17 fram yfir páska.

Nánari upplýsingar á skidasvaedi.is



Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2014

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði áfengis- og vímuvarna, tóbaksvarna, heilbrigðra lífnaðarháttanna og geðræktar og með áherslu á að draga úr ójöfnuði til heilsu.

Í ár er sérstaklega auglýst eftir styrkumsóknum um eftirfarandi:

- Heildrænar aðgerðir í forvörnum og heilsueflingu sem miða að heilbrigðum lífnaðarháttum.
- Auka þekkingu og færni fagfólks og foreldra um árangursríkar áfengis- og kannabisforvarnir.
- Þjálfun fagfólks í meðferð við tóbaksfíkn og þróun þjónustueiningar fyrir aðstoð til tóbaksleysis.
- Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu og vellíðan barna, unglunga og fjölskyldna.

Við úthlutun mun stjórn sjóðsins meta umsóknir út frá því hvernig þær falla að hlutverki Lýðheilsusjóðs. Verkefni eiga að hafa raunhæf og skýr markmið og skal gera grein fyrir því hvernig árangur þeirra verður metinn. Stjórn Lýðheilsusjóðs úthlutar úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2014 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>.

Nánari upplýsingar fást hjá Embætti landlæknis, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík. Sími 510 1900. www.landlaeknir.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum gegnum vefsvæði sjóðsins.



Ísland með lægstu tíðni barnadauða

Í skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um stöðu barna í heiminum segir að tíðni barnadauða sé lægst á Íslandi. Náðst hefur að lækka tíðni barnadauða og fækka vannærðum börnum í heiminum undanfarna áratugi. Enn bíða áskoranir.

ALPJÓÐAMÁL Með markvissum aðgerðum gegn barnadauða síðastliðna áratugi hefur tekist að bjarga 90 milljónum barna frá dauða, ef miðað er við að tíðni barnadauða hefði haldist sú sama og árið 1990.

Samkvæmt skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er lægstu tíðni barnadauða í heiminum að finna á Íslandi og í Lúxemborg. Tíðni barnadauða hefur því lækkað á heimsvísu, en þar sem barnadauði er mestur í heiminum í dag er hann þó minni en á Íslandi fyrir rúmri öld.

Mikill árangur hefur náðst í að vinna gegn vannæringu barna og hefur tíðni vanþroska hjá börnum vegna vannæringar lækkað um tæp fjórutíu prósent á undanförunum tveimur áratugum. Þá hefur sá árangur náðst að 80 prósent barna í fátækustu ríkjum heims hefja nám í grunnskóla.

Enn bíða þó áskoranir þegar kemur að því að bæta stöðu barna í heiminum. Daglega deyja um 18.000 börn innan fimm ára aldurs vegna ástæðna sem hægt væri að fyrirbyggja með einföldum hætti.

Hæstu tíðni barnadauða í heiminum er að finna í Sierra Leóne, þar sem eitt af hverjum fimm fæddum börnum deyr fyrir fimm ára aldur. Þar á eftir koma Afríkurlökin Tsjad og Angóla. Á toppnum tróna Ísland og Lúxemborg með lægstu tíðni barnadauða í heiminum.

Í skýrslunni er fjallað um mikinn fjölda óskráðra fæðinga í heiminum. Um 250 milljón börn eru ekki skráð þegar þau fæðast og eru því



Á FÆÐINGARDEILD Hæstu tíðni barnadauða er að finna í Sierra Leóne þar sem eitt af hverjum fimm börnum deyr fyrir fimm ára aldur. MYND/AFR

„ekki til“ samkvæmt opinberum gögnum. Mikill munur er á ríkum og fátækum í þessu samhengi. Sem dæmi eru fjögur prósent fátækustu barna Kenýa skráð við fæðingu á móti 56 prósentum ríkustu barnanna.

Aðgangur óskráðra barna að grunnþjónustu er oft lakari en annarra. Þá eru þau jafnframt líklegri til að enda í barnaprælkun og verða fyrir öðrum réttindabrotum, því án löglegra skilríkja er hægt að skrá þau í hjónaband, í vinnu eða í herinn áður en þau ná löglegum aldri.

Réttur barna til að vera skráð og fá fæðingarvottorð er tryggður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Eitt af verkefnum UNICEF

18.000

Daglega deyja um átján þúsund börn fyrir fimm ára aldur vegna ástæðna sem hægt væri að fyrirbyggja með einföldum hætti.

er því að stuðla að skráningu fæðinga og voru 30 milljón börn skráð árið 2012 fyrir tilstuðlan þeirra.

Á Íslandi styðja 22.000 manns, eða svokallaðir heimsforeldrar, starf UNICEF í hverjum mánuði.

eva@frettabladid.is

Mín skoðun hefur göngu sína á morgun:

Fjármálaráðherra mætir í fyrsta þáttinn

FJÖLMIDLAR Nýr þjóðmálabáttur í sjónvarpi lítur dagsins ljós á sunnudag.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar Alþingis, og Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar og fyrrverandi iðnaðar-, fjármála- og efnahagsmálaráðherra, leiða saman hesta sína í fyrsta þætti Minnar skoðunar í umjón Mikael Torfasonar, aðalritstjóra fréttastofu 365.

Þátturinn hefst klukkan 13.00 á sunnudag, 2. febrúar, og er í opinna dagskrá.

„Aðalgestur þáttarins verður hins vegar Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins,“ segir Mikael. „Í þættinum förum við yfir fréttir



MIKAEL TORFASON

vikunnar og það sem efst er á baugi í þjóðmálanum.“

Mikael segir að þátturinn sé hefðbundinn þjóðmálabáttur, en þó með óhefðbundnum sniði að því leyti að þáttarstjórnandinn sjálfur leyfi sér að hafa skoðanir. „Segja mætti að þátturinn sé undir áhrifum frá erlendum þáttum sem fólk þekkir, svo sem þætti Pierce Morgan á CNN, Bills O'Reilly á Fox eða jafnvel Meet the Press á NBC.“ Sannleikans verði leitað á sanngjörnum og heiðarlegum nótum.

-6ka



Brettarekkar til sölu.
Hillur til sölu ýmsar stærðir.
Milligólf ca. 150fm.
Góð verð.
Sími 893 8985



Way of Life!

Öruggir í vetrarfærðinni

ALLGRIP



...hann liggur svo vel á vegi að bros færðist breiðar og breiðar yfir ökumann eftir því sem hann var reyndur meira...

...Einn af allra stærstu kostum þessa nýja SX4 er hve mikill staðalbúnaður fylgir...
Fréttablaðið 01.10.2013

S-CROSS: Nýstárleg hönnun S-CROSS býður upp á sérlega rúmgott farþega- og farangursrymi. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar gera bilinn einstakan í sínum flokki.

VERÐ: fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI SWIFT 4x4

Stór og rúmgóður með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Swift 4x4 er til beinskiptur í GL og GLX gerðum.
Verð frá 3.090 þús. Meðaleyðsla 5.5L/100 km

SUZUKI 4WD

FULL
FRAME
4x4



Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.
Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur“.

Verð frá kr. 3.450 þús.
Meðaleyðsla frá 7,1/100km, beinskiptur.

FULL
FRAME
4x4



SUZUKI GRAND VITARA – Tákmynd áreiðanleikans.
Með öflugri og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél.

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur. Verð frá 5.590 þús., beinskiptur. Meðaleyðsla 8.8L/100 km



Kizashi er fjórhjóladrifinn sjálfskiptur fólksbílur í millistærðarflokki.
Vandaður og með frábæra aksturseiginleika.
Bílur sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

SX4 CLASSIC: Sparneytin vél, fullkomið fjórhjóladrif, vandaður búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.780 þús.
Meðaleyðsla 6,5L/100 km.



Hjá okkur geturðu upplifað hátt og lágt drif

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRAUST UMBOD Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Tilboðsdagar

Á tilboðsdögum bjóðum við allt að **50% afslátt** í verslunum okkar frá miðvikudegi til sunnudags.



30-50% afsláttur af völdum vörum
20% afsláttur af öllum öðrum vörum

JÓN & ÓSKAR

Trúlofunar- og giftingarhringar **20% afsl.**
Skartgripir úr gulli **20% afsl.**
Skartgripir úr silfri **20% afsl.**
Öll úr **20% afsl.**
Valdar vörur **30-50% afsl.**

Opnunartímar

	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
Kringla	10-18.30	10-21	10-19	10-18	13-18
Smáralind	11-19	11-21	11-19	11-18	13-18
Laugavegur	10-18	10-18	10-18	11-17	Lokað



jonogoskar.is | Sími 552 4910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind



VILJA EKKI KOSNINGAR Stjórnarandstæðingar vilja stjórnina burt en engar kosningar strax. NORDICPHOTOS/AFP

Taílandingar kjósa í óvissu

Fátt bendir til þess að kosningarnar, sem haldnar verða á morgun, muni breyta miklu. Núverandi stjórn er spáð sigri en mótmælendur vilja hana áfram burt.

TAÍLAND Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, lætur engan bilbug á sér finna og efnir til þingkosninga á morgun, þrátt fyrir að úrslit þeirra séu ólíkleg til að breyta nokkrum. Yingluck er talin eiga sigur nokkuð vísan og getur því eftir sem áður stuðst við meirihluta á þingi, en andstæðingar hennar munu áfram krefjast þess að hún segi af sér. Stjórnarandstaðan telur kosningarnar tilgangslausar, hyggst ekki mæta á kjörstað og ætlar að trufla framkvæmd þeirra eftir megni.

Krafa mótmælenda er sú að Yingluck segi af sér ásamt ríkisstjórn sinni, en í stað kosninga verði mynduð bráðabirgðastjórn sem fái það hlutverk að breyta stjórnskipan landsins áður en kosid verði að nýju. Breytingarnar eigi að tryggja að Yingluck og fjölskylda hennar geti ekki lengur haft áhrif í stjórnárum landsins. Mótmælendur munu því áfram fjölmenna á götum Bangkok og loka aðgangi að ýmsum stjórnarbyggingum. Búast má við hörðum átökum áfram og pattstöðu, sem lamar þjóðlífið.

Stuðningurinn við stjórnina kemur frá landsbyggðinni, einkum

í norðanverðu landinu þar sem fátækt er víða meiri en í höfuðborginni Bangkok.

Andstæðingar stjórnarinnar eru hins vegar betur stæðir höfuðborgarbúar, sem höfðu verið vanir því að fara með stjórn landsins allar götur þangað til auðkýfingurinn Thaksin Shinawatra, bróðir núverandi forsætisráðherra, vann sigur í þingkosningum árið 2001.

Thaksin höfðaði meira til alþýðunnar í sveitunum, en var sakaður um lýðskrum og spillingu. Hann hrökklaðist frá völdum árið 2006 og var á endanum dæmdur í fangelsi fyrir spillingu, og býr nú í útlegð utan landsteinanna.


Yingluck er á hinn bóginn sökuð um að vera strengjabrúða í höndum bróður síns.

Óvissan um kosningarnar snýst meðal annars um það, hvort stjórnarandstæðingum tekst að trufla framkvæmd þeirra nægilega mikið til þess að úrslitin verði ekki afgerandi.

Nýtt þing getur til dæmis ekki komið saman nema tekist hafi að kjósa í að minnsta kosti 95 prósent af þeim 500 þingsætum, sem kosid er um. gudsteinn@frettabladid.is


Umdeildar kosningar í Taílandi

Ríkisstjórnin ætlar að halda þingkosningar á morgun þrátt fyrir átök og mótmæli sem öruggt þykir að muni halda áfram þótt stjórnin haldi meirihluta sínum. Óttast er að átökin muni harðna enn frekar.



STJÓRNIN

- Yingluck Shinawatra forsætisráðherra: Bróðir hennar er Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem steypt var af stóli og býr í sjálfkpaðri útlegð.
- Yingluck komst til valda þegar flokkur hennar, Pheu Thai, vann stórsigur í kosningum árið 2011. Hún boðaði í skyndi til kosninga í von um að með því leystist úr deilunum.



STJÓRNARANDSTAÐAN

- Mótmælendur: Leiðtogi þeirra er Suthep Thaugaban (til vinstri), fyrrverandi þingmaður. Mótmælin hófust í nóvember eftir að stjórnin reyndi að fá þingið til að samþykkja lög um sakaruppgjöf, sem hefðu gert Thaksin kleift að snúa aftur úr útlegðinni án þess að þurfa að aflplána fangelsisdóm.
 - Lýðræðisflokkurinn er helsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Leiðtogi hans er Abhisit Vejjajiva (til hægri), fyrrverandi forsætisráðherra, sem sakar Thaksin um spillingu og segir Yingluck vera strengjabrúða hans.
 - Mótmælendur hóta því að hindra kosningarnar eftir mætti. Lýðræðisflokkurinn ætlar að hunska kosningarnar.
 - Átökin eru í grófum dráttum á milli stórborgarbúa í Bangkok, sem lengi höfðu einokað völdin í landinu, og kjósenda Thaksins í sveitunum í norðurhluta landsins.
- Myndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS

Opinn fundur:

Breytingar á jöklum við hlýnandi loftslag



Vísindamenn frá Bandarísku geimferðastofnuninni (NASA) og Caltech-háskóla í Kaliforníu vinna nú að þróun nýrrar tækni til ratsjarmælinga á hreyfingu jökla í samvinnu við jöklafræðinga Háskóla Íslands. Frumgerð þessa tæknibúnaðar er nú um borð í rannsóknflugvél NASA sem stödd er hér á landi ásamt vísindamönnum frá NASA og Caltech.

Í tilefni þessarar heimsóknar efna Háskóli Íslands og Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi til hádegisfundar í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands, **þriðjudaginn 4. febrúar nk. kl. 12.00–13.15.** Íslenskir og bandarískir vísindamenn munu fjalla um alþjóðlegt samstarf í jöklafræði og framangreint samstarfsverkefni NASA, Caltech og Háskóla Íslands.

Dagskrá:

Dr. Helgi Björnsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans

– **Mikilvægi alþjóðlegs samstarfs í jöklafræði**

Dr. Mark Simons, prófessor í jarðeðlisfræði, og Brent Minchew, doktorsnemi í jarðeðlisfræði, Caltech-háskóla

– **Breytingar á jöklum við hlýnandi loftslag**

Erindin verða flutt á ensku.



RISA- ÚTSALA

ELLINGSEN

**20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**



**DIDRIKSONS
BARNAÚLPUR
25%
AFSLÁTTUR**

**MOUNTAIN HARDWEAR
MONKEY FLÍSPEYSA KVK
Stærðir S-XL
6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.**



**PULSE-LÍNAN
FRÁ DEVOLD
40%
AFSLÁTTUR**

**ADRAR
DEVOLD VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR**

**COLUMBIA
POWDERBUG
KULDASKÓR
Stærðir 25-31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.**

**50%
AFSLÁTTUR**



**MANNBRODDAR
Stærðir S-XL
1.521 KR.
VERÐ ÁÐUR 1.890 KR.**



**COLUMBIA CHAMPEX
GÖNGUSKÓR
Stærðir 8,5-15
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 38.990 KR.**



**COLUMBIA TRACK
SVEFNPOKI
4.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.**



**SKOGSTAD
BARNAÚLPUR
30%
AFSLÁTTUR**



**COLUMBIA ROPE
TOW KULDASKÓR
Stærðir 25-31
6.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.**

**50%
AFSLÁTTUR**



**40%
AFSLÁTTUR**

**DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIÚLPA
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.**



**DIDRIKSONS RONJA ÚLPA
Stærðir 36-42
21.742 KR.
VERÐ ÁÐUR 28.990 KR.**



**TATONKA
HITABRÚSI 750 ML
3.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.**

**ZAMBERLAN PARROT
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37-48
16.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.**



**DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.**

**50%
AFSLÁTTUR**



**45%
AFSLÁTTUR**

**MERIDA KRAKE
CLASSIC REIÐHJÓL
59.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.**

**20%
AFSLÁTTUR
AF ÖÐRUM
HJÓLUM**

**RAFSKUTLUR
Litur: Svartur, rauður og blár
79.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.**



**ATH!
ÚTLITS-
GALLAÐAR**



**COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 41-50
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.**



**BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR**

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is




BÆTTU SMÁ N-AMERÍKU Í LÍF ÞITT

Verð frá **33.200*** kr.







Superbowl á sunnudaginn á Laugardalsvelli

Við þekkjum það þegar spennan er í hámarki á Laugardalsvelli. En hún er ekki síðri á Superbowl, úrslitaleiknum í ameríska fótboltanum. Hvort liðið skyldi nú vinna, Seattle Seahawks eða Denver Broncos? Láttu það eftir þér að finna stemninguna í Bandaríkjunum. Láttu hrífast með á staðnum og taktu flugið með Icelandair. Þeir sem kunna að njóta lífsins eru alltaf í sigurliðinu.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

Íbúakosningar á vef Reykjavíkurborgar:

Beint lýðræði í litlu málunum

Pegar rætt er um beint lýðræði er oft einblínt á það sem aðferð til að leysa úr stórum ágreiningsmálum, jafnvel málum sem eru svo mikil ágreiningsmál að þau kljúfa flesta flokka og eina leiðin til að höggva á hnútin er að almenningur kjósi. Þjóðaratkvæðagreiðslur, sem við höfum skyndilega öðlazzt nokkra reynslu af, útheimta mikla skipulagningu og umstang og eru dýrar í framkvæmd.

Beint lýðræði getur hins vegar nýtt vel á miklu smærri skala og með miklu minni tilkostnaði. Gott dæmi um það eru íbúakosningar í hverfum Reykjavíkurborgar, sem haldnar hafa verið undanfarin ár, nú síðast undir merkjum Betri Reykjavíkur.

Þessar íbúakosningar hófust árið 2009, í tíð þáverandi borgarstjórnarmeirihluta, og felast í því að íbúar borgarhervanna geta kosið um það hvernig eigi að forgangsraða þeim fjárfunum sem hafa verið settir til hliðar í viðhaldsverkefni og smærri nýframkvæmdir í hverfunum.

Síðustu tvö árin hafa íbúarnir sjálfir sent inn hugmyndir að verkefnum, sem síðan hefur verið hægt að kjósa um á vefnum Betri Reykjavík. Árið 2012 voru sendar inn 354 hugmyndir og 124 komu til framkvæmda. Í fyrra sendu íbúarnir inn 600 hugmyndir og 111 þeirra voru kosnar í framkvæmd í rafrænni hverfiskosningu.

Nýlega var birt skýrsla um öll verkefni sem hafa verið unnin á árunum 2010 til 2013 og athygli vekur hvað þau eru fjölbreytileg; lagfæring á göngustígum hér, tröppur til að laga aðgengi að fjörunni þar, æfingataeki fyrir hlaupara á einum stað og leiktæki fyrir börn annars staðar, útigrill, bekkir, sparkvellir, nestis-aðstaða og þannig mætti áfram telja.

Undanfarin tvö ár hafa talsvert meiri peningur verið settir í þessi verkefni, um 300 milljónir hvort ár. Það er bara lítið brot af fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, en með þessari aðferð geta íbúar þó haft talsverð áhrif á nærumhverfi sitt.

Að sjálfsgöðu eru það íbúarnir sjálfir sem vita best í hvernig og hvaða verkefni á að ráðast, fremur en embættismenn eða borgarfulltrúar. Með þessu móti fæst líka lýðræðislegri niðurstaða en ef það eru bara þeir háværustu eða þeir sem hafa beztan aðgang að borgarkerfinu sem hafa sitt fram. Auðvitað er hægt að segja sem svo að fylgismenn tiltekinn verkefna geti „smalað“ og hvatt fólk til að kjósa með „sínu“ verkefni, en leikreglurnar eru þá alltént sanngjarnar og gegnsæjar. Þetta er líka ágæt aðferð til að velja úr endalausum frábærum hugmyndum, sem flestar eiga skilið að komast í framkvæmd en geta það aldrei allar af því að peningarnir eru takmarkaðir.

Þegar íbúakosningar af þessu tagi hófust 2009 sagði Gunnar Helgi Kristinsson stjórnfræðingur að þetta væri einstök tilraun í beinu lýðræði; hann þekkti þess ekki önnur dæmi að þannig væri kosið „um raunverulega peninga“. Líklega er það enn svo að Reykjavíkurborg er í fararbroddi á þessu sviði. Tilraunin hefur gengið ágætlega og sýnir að það er hægt að færa valdið til fólksins með ýmsum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFRAMMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



**Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is**

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Nú slær í baksegl popúlismans

Loforðið um afnám verðtryggingar var einn af mörgum ávöxtum hins nýja þjóðernispopúlisma sem heillaði marga í síðustu kosningum. Nú segir meirihluti nefndar forsætisráðherra að efnidir á loforðinu myndu veikja þjóðarbúskapinn og íþyngja skuldurum.

Einn fulltrúi í nefndinni vill þó efna loforðið. Forsætisráðherra hefur boðað að ríkisstjórnin ætli að taka jafn miklið tillit til hans og meirihlutans. Jafnframt lofar hann hliðarráðstöfunum til að



breytingin bitni ekki með þeim þunga á skuldurum er við blasir. Þverstæðan í þessu máli er sú að markmiðið um að koma verðtryggingunni fyrir kattarnef er afar mikilvægt en það næst ekki með lögbanni án þess að valda einstaklingum, fyrirtækjum og þjóðarúinu í heild miklum skaða. Í stað þess að beygja sig fyrir þeirri staðreynd

er strax komið með loforð um að skaðann eigi að leiðrétta með nýjum töfrabrogðum millifærsluhagkerfisins.

Ástæðan fyrir því að svo fljótt slær í baksegl þjóðernispopúlismans er sú að leiðin að markmiðinu liggur í gagnstæða átt. Hún felst í því að tryggja stöðugleika. Þjóðernishlið popúlismans er hins vegar Þrándur í Gótu á vegferðinni þangað. Það er klípa ríkisstjórnarinnar og fyrir þá sök boðar hún nú millifærslur til að deyfa afleiðingar misráðinna áfarma.

Siðræn rök fremur en hagræn

Verðtryggingin var lögfest 1979 í tíð ríkisstjórnar undir forystu Framsóknarflokksins. Þetta var hins vegar mál Alþjóðflokksins sem sat í þeirri stjórn. Vilundur Gylfason var helsti baráttumaðurinn. Honum voru vel ljósar efnahagslegar afleiðingar þeirrar peningastefnu sem þá var fylgt. En hann beitti hins vegar meir siðferðilegum sjónarmiðum til að fá áheyrn.

Menn höfðu lengi látið hagfræðilegu rökin fara inn um annað eyrað og út um hitt. Vilundur benti aftur á móti, og með nokkrum rétti, á þá spillingu

sem því gæti fylgt þegar pólitískt skipaðir bankastjórar veittu lán sem ekki þurfti að greiða til baka nema að hluta. Það reyndist erfiðara fyrir stjórnámamenn að loka eyrunum fyrir þessum málflutningi.

Seðlabankinn hafði ekki á þeim tíma sama sjálfstæði og nú. Vaxtaákvæðanir voru í reynd teknar á vettvangi stjórnámanna. Þær réðust af pólitískum lögmálum en ekki efnahagslegum. Að því leyti er auðveldara nú að banna verðtryggingu. Lögmál markaðarins sjá um að keyra upp vextina ef aðstæður eru þannig.

En þá komum við aftur að því sem meirihlutinn í nefnd forsætisráðherra sagði: Við það þyngist greiðslubyrði skuldara. En pólitíski veikleikinn er enn til staðar. Það kemur best fram í ummælu forsætisráðherra þegar hann segir að lausnin felist í því að leiðrétta efnahagslögmálin með pólitískum hliðarráðstöfunum. Raunverulegar aðstæður í þjóðarbúskapnum mega ekki endurspeglast í fjármagnskostnaðinum fremur en á verðbólguþímanum. Þess vegna þarf nýjar millifærslur. Hver á að borga þann brúsa?

Fullveldi fyrir stjórnámálin eða fólkið?

Það leiðir af þjóðernishlið popúlismans að hafna þátttöku í alþjóðlegu myntsamstarfi því þá fórnir menn fullveldisráðum yfir krónunni. Ýmsir sem ekki stunda efnahagslegan popúlisma sjá reyndar krónufullveldið í þessu sama ljósi.

Vandinn er sá að í opnu alþjóðlegu hagkerfi með frjálsum viðskiptum er það markaðurinn sem ræður gengi krónunnar en ekki stjórnvöld. Eina tæki þeirra til að beita fullveldisfyrirráðunum eru höftin. Afleiðingar þeirra birtast launafólki í yfirvofandi hættu á eignabólu og bráðri hlutabréfabólúvá.

Margir segja að við þessar

aðstæður sé best að bæta launabólunni við. Tilfinningar geta leitt menn að þeirri niðurstöðu. Skynsemin og reynslan segir annað. Hættan er að raunsæið víki ef ríkisstjórnin kynnir ekki fljótt til sögunnar trúverðuga stefnu í peningamálum.

Spurningarnar eru þessar: Á fullveldið að þjóna stjórnunargleði þeirra sem fara með peningamál- in eða hagsmunum almennings og fyrirtækja í landinu? Blasir ekki við að almannahagsmunum er betur borgið með því að nota fullveldisréttinn til að tryggja launafólki gjaldgenga mynt? Mynt sem ekki þarf að stjórna með höftum og ekki kallar á verðtryggingu eða

millifærslur til að fela raunverulegan fjármagnskostnað.

Nýja verðtryggingarskýrslan opnar góða sýn á þetta stærsta viðfangsefni íslenskra stjórnámála í dag. Alþjóðlegu myntsamstarfi fylgja vissulega margs konar vandamál. En álitafnið er hvort þau eru ekki léttvægari en hin sem við horfumst í augu við.

Nú reynir á hugsjónir í pólitík. Valið er um tvennt: Annars vegar óskert fullveldi í peningamálum með höftum og millifærslum. Hins vegar að nýta fullveldið í samvinnu við aðra og fá frelsi til að eiga kost á varanlegum stöðugleika og möguleika á að skapa ný tækifæri.

NÝR 4BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

MERKIN ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXLAÐAR
12 MÁNÁÐIR

50% AFSLÁTTUR
Á MEDAN BIRGDIR
ENDAST

16GB MINNISLYKILL
Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill úr nautsterku sílíkoni sem festist tryggilega á lykkláttu

2.495
8GB USB2 1.495 • 32GB USB3 4.995

ENN BETRA VERÐ

SPIEL
Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Thonet&Vander með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu

6.990
FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI

ÖFLUGASTA ANDROID ÖRYGGISVÖRNIN
BÆÐI FYRIR SÍMA OG SPJALDTÖLVUR

MOBILE SECURITY
McAfee Mobile Security er heildarlaun á öllu öryggi í Android spjaldtölvum og snjallsímum

1.990
FULLKOMIÐ ÖRYGGI

OPÍÐ
Í DAG FRÁ
11-16

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

McAfee LiveSafe 2014
6.990

GIGABYTE
129.900

LEIKJATÖLVA
19.900

MINIMUS
19.900

CLOUDBOX
29.900

J4110DW
29.900

SMART TV
19.900

27" FULL HD VA-LED
49.900

2.1 HLJÓÐKERFI
19.900

120GB SSD
19.900

J132W
14.900

OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-16

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar, innstættarvillur og myndabreytingar



Vetrarljós

LANGUR LAUGARDAGUR
1. FEBRÚAR

ÍÐANDI MANNLÍF OG FJÖR Í MIÐBORGinni

SVAVAR KNÚTUR SYNGUR OG LEIKUR

14:00 Skólatorg – á horni Skólavörðustígs
og Bankastrætis.

15:30 Laugatorg – við Kjörgarð, Laugavegi 59.

KOMDU Í MIÐBORGina

Yfir 300 verslanir og veitingahús

Útsölur og kostaboð

Gjafakort Miðborgarinnar er góð gjöf

Fylgstu með á midborgin.is og á facebook.com/midborgin

Verum þar sem hjartað slær

VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 6.-15. FEBRÚAR



29 MISMUNANDI LJÓSA-LISTAVERK
UM ALLA MIÐBORGina

WWW.MIDBORGIN.IS
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgar
MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN



HELGIN

Ragnar Hansson, leikstjóri

Andleg og líkamleg knúshelgi

„Þetta verður viðburðarík helgi full af andlegu og líkamlegu knúsi. Laugardagurinn er vinnudagur okkar frambjóðendanna í Bjartri framtíð í Reykjavík og svo fer allur sunnudagurinn í nafnaveislu fyrir nýjustu ástina í lífinu mínu: Akiru Maju Melkorkudóttur. Get. Ekki. Beðið!“



Anna Ringsted, kaupkona

Lætur lífið ráða ferðinni

„Ég er með útrýmingarsölu í Fríðu frænku og verð þar milli klukkan tólf og tvö í dag. Eftir það fer ég að versla eins og húsmóður sæmir og elda góðan mat.“



Hugleikur Dagsson, myndasagnahöfundur

Brandarar og De Palma

„Ég ætla að kíkja á Brian De Palma-helgina í Bíói Paradís. Svo mun ég skrifa brandara inni á milli.“



Sigríður Thorlacius, söngkona

Afslöppun alla helgina

„Það verður ekkert vinnutengt hjá mér um helgina. Ég ætla að láta lífið leiða mig áfram og bara slaka á.“

HLUSTAÐU, FARÐU, LESTU, HORFÐU

Hlustaðu ...

á nýjasta lag Mono Town, **Peace-maker**. Þetta grípandi popplag er að finna á fyrstu plötu sveitarinnar, In the Eye of the Storm, sem er nýkomin út. Hljómsveitin spilar á tónlistarháttíðinni Air d'Islande í París í kvöld ásamt Samaris og norsku tónlistarkonunni Therese Aune.

Lestu ...

HHhH eftir Frakkann Laurent Binet. Þessi sögulega skáldsaga sem hefur vakið mikla athygli um allan heim fjallar um tvo menn sem ætla að drepa Reinhard Heydrich, yfirmann Gestapo, leynipjónustu nasista, og skipuleggjanda Endanlegu lausnarinna á „gyðingavandamálinu“.



Farðu ...

á sjónræna tónlistarháttíð í Hörpu. Hún nær hápunkti sínum kl. 22.30 í kvöld þegar goðsögnin, raftónskáldið og listamaðurinn Ryoji Ikeda flytur verk sitt datamatics (2.0).

Horfðu ...

á **Super Bowl** á Stöð 2 Sport. Besta sóknin mætir bestu vörninni þegar Denver Broncos og Seattle Seahawks leika til úrslita í NFL-deildinni á sunnudagskvöld. Útsendingin hefst kl. 23.00.



FLOTT HÁTÍÐ FRAM UNÐAN Nemendur voru með uppákomu í Kringlunni þar sem þeir kynntu Japansháttíðina. Gunnella lofar flottri hátíð eins og síðustu ár. MYND/GUNNELLA

Kimono á Japansháttíð

Allir eru velkomnir á hina árlegu Japansháttíð sem verður haldin í tíunda sinn á Háskólatorginu í dag. Í fyrsta sinn verður boðið upp á kimono-tískusýningu.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Hin árlega Japansháttíð verður haldin á Háskólatorgi Háskóla Íslands í tíunda sinn í dag. Á meðal þess sem í boði verður má nefna japanska matargerðarlist, japanska skrautritun og kynningu á japanskri tungu og -menningu.

Á aðalsviði Háskólatorgs verður haldin kimono-tískusýning í fyrsta sinn. „Við munum sýna japanska fatamenningu, frá því hefðbundna yfir í nútíma-klæðnað. Við verðum með mjög fallega kimono, þar á meðal giftinga-kimono,“ segir Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjúnkt í japönsku við HÍ. Þar verður einnig keppt

um glæsilegasta og frumlegasta cosplay-búninginn en þeir eru byggðir á japönskum teiknimyndapersónum.

„Þessi dagur hefur virkað afskaplega vel. Við höfum oft fengið að heyra frá nýjum nemendum að þeir hafi kynnt japanskri menningu í gegnum háttíðina. Hún er líka góður grundvöllur fyrir þá sem hafa gaman af japanskri menningu til að sýna sig og sjá aðra,“ segir Gunnella en um áttatíu manns hafa tekið þátt í undirbúningnum.

Neðri hæð torgsins verður undirlögð af listum og leikjum þar sem gestum gefst færi á að nema manga-teikningu, spreyta sig á pappírbrotalist (origami) sem og að spila og prófa færni sína með hefðbundnum japönskum barnaleikföngum. Gestir geta þannig kynnt sér japanska dægurmenn-

ingu og hvað hún hefur upp á að bjóða.

Nemendur spila jafnframt úrval japanskrar tónlistar og ýmsar japanskar bardagaíþróttir verða kynntar. Á sviði Stúdentakjallarans geta gestir hlýtt á lifandi tónlist sem og prófað æsispennandi spurninga- og leikjakeppni að hætti Japana.

Um niútíu nemendur stunda nám í japönsku við Háskóla Íslands og er deildin næstfjölmennasta tungumáladeild skólans á eftir ensku. „Okkur til furðu þá stækkar deildin endalaust,“ segir Gunnella. Fyrstu tvö ár námsins fara fram við HÍ en á þriðja árinu fara nemendur til Japans í skiptinám.

Japansháttíðin stendur yfir frá kl. 13 til 17 í dag og er öllum opin. Aðgangur er ókeypis.




TAKTU DAGINN FRÁ!

Nýr sérferðabæklingur og OPIÐ HÚS

í Hlíðasmára 19, Kópavogi!

Sunnudaginn 2. febrúar á milli kl. 15:30-17:00.



ÚRVAL-ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

Hatturinn hans Pharrells

Hver er leyndardómurinn á bak við hattinn sem popparinn Pharrell bar á Grammy-hátíðinni?

1 Hann er úr smíðju Vivienne Westwood. Tískuhönnuðurinn Vivienne Westwood er sögð hafa fært pönkið og nýbylgjuna inn í meginstrauminn. Tískulína hennar frá 1982 til 1983 kallaðist Buffalo Girls og var undir áhrifum frá „konum frá Perú sem klæðast kúluhöttum og síðum pilsnum og dansa með börnin sín á bakinu“. Hattur Pharrells kemur úr þeirri línu.

2 Klæðnaðurinn kom frá Malcolm McLaren and the Rock Steady Crew. Malcolm McLaren var umboðsmaður Sex Pistols og starfaði með Vivienne Westwood. McLaren gaf út lagið Buffalo Gals ásamt breikdanshópnum

Rock Steady Crew árið 1982. Klæðnaður Pharrells á Grammy-hátíðinni var undir sterkum áhrifum frá tónlistarmyndbandi þeirra við lagið, þ.e. hattur Westwood og skærrauði Adidas-jakkinn.

3 Hefur átt hattinn í 4 ár. Pharrell hefur sést með hattinn á höfði allt frá því í júlí 2009 þegar hann klæddist honum í partíi í versluninni A Bathing Ape í London. A Bathing Ape er japanskt götutískumerki sem Pharrell var undir áhrifum frá er hann stofnaði merkið Billionaire Boys Club.



PHARRELL MEÐ HATTINN
Skiptar skoðanir eru um hattinn sem Pharrell bar á Grammy-hátíðinni.



VARANILEG VERÐLÆKKUN Á HEIMILISTÆKJUM

ÍSSKÁPAR • FRYSTIKISTUR • OFNAR • ELDAVÉLAR • ÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR • UPPÞVOTTAVÉLAR • HELLUBORÐ



Electrolux

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

**30 DAGA
SKILARÉTTUR**

Frábært verð!

73.900 kr

Electrolux þvottavél
6 kg, 1200 snúninga

LÆGRA VERÐ!

Electrolux

Amica

Frigor

**VERÐ
LÆKKUN**

Með nýjum samningum við okkar helstu birgja getum við nú boðið umtalsverða verðlækkun á stórum heimilistækjum.



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Riiiiiiiiisa ÚTSALA

ÚTSÖLU-
LOK!

ALLIR
PÚÐAR
40%
AFSLÁTTUR

DÚKAR
50%
AFSLÁTTUR

20-70%
AFSLÁTTUR

ÖLL
SMÁVARA

30%
AFSLÁTTUR

LA Z BOY

LA-Z-BOY
20-30%
AFSLÁTTUR



RIALTO
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.

125.990

FULLT VERÐ: 179.990



9.990

FULLT VERÐ: 14.990

FÉLIX Hnífaparasett
frá LeBrun
Bæði fánlegt satin og glans.
24 stk. í kassa

30%
AFSLÁTTUR

RIALTO
La-Z-boy
sjónvarpssofi.
Grátt og
dökkgrátt áklæði.
205 x 90 H:105 cm.

223.990

FULLT VERÐ: 319.990



34%
AFSLÁTTUR

DALLAS BARSTÓLL
Hvitt, brúnt og svart leður
Krómfætur

15.990

FULLT VERÐ: 23.990



DUMPLING
BARSTÓLAR
Rautt, hvítt og
svart leður
Krómfætur

BLASE BARBORD
Hvitt.
Krómfætur

22.990

FULLT VERÐ: 34.990



11.190

FULLT VERÐ: 15.990

30%
AFSLÁTTUR

MATHILDE BARSTÓLL
Rautt, hvítt og svart leður
Krómfætur

18.990

FULLT VERÐ: 27.990



ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Síðasta
helgin!
Enn meiri afsláttur
af völdum vörum!

O.F.L. | O.F.L. | O.F.L.

VIDIN
Vetri delle Ver
MADE IN ITALY

Opið alla
helgina bæði
í Reykjavík og
á Akureyri!



25%
AFSLÁTTUR

ANDREW
borðstofustólar.
Brúnt, svart eða
hvítt leður.

14.990
FULLT VERÐ: 19.990



60%
AFSLÁTTUR

HIMALAYA
borðstofuborð.
Spónlagt með hvítri eik.
180 x 90 H: 75 cm
Tvær 45 cm
stækkar fylgja.

59.996
FULLT VERÐ: 149.990



30%
AFSLÁTTUR

83.990
FULLT VERÐ: 119.990

MENA sófasett.
Dökkgrátt áklæði.
« 2ja sæta 185 x 86 H: 82 cm.
3ja sæta 226 x 86 H: 82 cm. »

104.990
FULLT VERÐ: 149.990



28%
AFSLÁTTUR

249.990
FULLT VERÐ: 349.990

KATO Hornsófi með tungu. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 320 x 223 Tunga 163 H: 81 cm. Hnakkapúðar seldir sér.



70%
AFSLÁTTUR

4.197
FULLT VERÐ: 13.990

JENNY
borðstofustóll
Ljóst slitsterkt áklæði,
svartir viðarfætur.



30%
AFSLÁTTUR

258.990
FULLT VERÐ 369.990

STING Hornsófi með tungu. Stærð: 316 x 248 H 82 cm.
Grátt áklæði. Krómlappir. Vinstri eða hægri tunga.



MISY hliðarborð.
Grátt, rautt og gult.

70%
AFSLÁTTUR

4.497
FULLT VERÐ: 14.990

70%
AFSLÁTTUR



KARISMA eldhúsborð.
120 x 75 H 74 cm. Bæsaður viður.

7.497
FULLT VERÐ: 24.990

0% VEXTIR
HÚSGAGNAHÖLLIN
býður upp á
vaxtalaus lán til
allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

HÚSGAGNAHÖLLIN

OPIÐ LAUGARDAGINN 1. FEBRÚAR 11-17 OG SUNNUDAGINN 2. FEBRÚAR 13-17

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenni og meðan birgðir endast.

Gaman að skapa nýja heima

Eva María Daniels gerði tíu ára plan í Reykjavík, 22 ára gömul, um að starfa í kvikmyndum og búa í Kaupmannahöfn, London, New York og Los Angeles. Nú, 12 árum síðar, hefur hún gert þetta allt saman og starfar með sumum af færustu leikurum og leikstjórum í Hollywood. Hún ræðir ferilinn, endurgreiðslur til erlendar kvikmyndaframleiðslu og áföllin.

Ólög
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Eva María Daniels er kvikmyndaframleiðandi í New York. Hún hefur átt ótrúlegri velgengni að fagna og hefur unnið með sumum af frægustu leikstjórum og leikurum heims.

Hún stofnaði eigið kvikmyndaframleiðslufyrirtæki árið 2010, Eva Daniels Productions, en starfsemin er í Los Angeles. Hún býr þó í New York og dvelur talsvert í Sviss líka þar sem hún er meðeigandi í nýju fjárfestingar- og þróunarfyrirtæki. Svo er hún með annan fótinn á Íslandi.

Verkefnin sem hún er að vinna eru mörg hver æsispennandi, svo ekki sé meira sagt. Stærstu verkefnin fram undan eru fjögur. Það fyrsta er kvikmyndin sem Cate Blanchett kemur til með að leikstýra og er gerð eftir skáldsögu Hermans Koch, Kvöldverðinum. Svo eru í pípunum tvær spennumyndir; önnur með Keanu Reeves í aðalhlutverki, hin með Clive Owen. Þriðja spennumyndin er svo með sjálfum Bruce Willis í aðalhlutverki og heitir Captive.

„Draumurinn var alltaf að starfa í kvikmyndum. Ég endaði í skóla í Danmörku. Ég flutti út 22 ára gömul og hef ekki komið heim síðan, nú eru liðin 12 ár. Þetta er auðvitað búið að vera upp og niður þessi ár, en núna gengur mjög vel, maður er bara búinn að vera að vinna sig upp,“ segir Eva María hógvær.

Eftir námið í Danmörku flutti Eva til London þar sem hún vann við eftirvinnslu, sem var sérhæfing hennar í kvikmynda-skólanum. „Það var dásamlega skemmtilegt tímabil,“ segir hún með blik í auga. „Ég ætlaði að verða kvikmyndaklippari og hafði ótrúlegan áhuga á eftirvinnslu.“

Ekki besti klippari í heimi

Hún bjó í London í fimm ár og þar urðu ákveðin straumhvörf á starfsferlinum. „Ég var að klippa stuttmyndir og auglýsingar með og svona – svo var ég fljót að átta mig á því að ég yrði sennilega aldrei besti klippari í heimi en var miklu frekar góð í að setja saman viðskiptaáætlanir, koma inn með ný tækifæri og tengja fólk. Ég fór því að þæla í því hvernig ég gæti unnið mig upp með þann hæfileika,“ útskýrir Eva María.


„Ég fór að gera nýjar viðskiptaáætlanir fyrir fyrirtækið í London. Ég hóf að vinna með íslenskum kúnum þarna úti, til dæmis Sagafilm. Eftir tvö ár eða svo var ég eiginlega komin með hvern einasta auglýsingaleikstjóra á Íslandi í litgreiningu og eftirvinnslu til mín. Á þessum tíma var ekki hægt að framkalla filmu og litgreina á Íslandi. Það var enn notast mikið við filmu í kvikmyndagerð áður en stafræn tækni hélt innreið sína. Þannig kynntist ég aðeins fólkinu sem er hér heima í kvikmyndagerð, í gegnum árin mín í London.“

Á þessum tíma vann Eva einnig að auglýsingaherferðum fyrir stóra kúna eins og Sony, Levi's, Nike og Adidas og tók líka að sér verkefni fyrir söngkonuna Madonna eftir að tónleikaferðalag hennar Confessions on a Dancefloor hafði verið tekið upp. „Talandi um konu sem veit hvað hún vill og er með athyglina á hreinu á hverju einasta smáatriði. Ég hef aldrei unnið með eins miklum fullkominar-sinna.“

Eva María flutti frá London til New York árið 2007. Þá hafði hún fengið tilboð frá eftirvinnslufyrirtæki þar í borg um að verða yfirmaður í kvikmyndadeildinni. Hún sló til og fékk það hlutverk að sjá um eftirvinnslu fyrir kvikmyndir og vinna með leikstjórum þeirra milliliðalaust. Þetta var tímabil mikilla breytinga í bransanum þar sem reyndir leikstjórar og kvikmyndagerðarfólk færðu sig frá gömlu vinnubrögðunum yfir í stafræna ferlið.

Tim Burton einn fyrsti kúnninn

Og Eva María heldur áfram. „Einn fyrsti kúnninn minn í New York var Tim Burton og hann hafði aldrei áður búið til bíómynd með þessari nýju stafrænu leið. Ég hafði verið mikill aðdáandi hans og fannst það



**SPENNANDI
VERKEFNI FRAM UNÐAN**
Tökur hefjast á kvikmyndinni Captive með Bruce Willis í aðalhlutverki í sumar en Eva María er annar framleiðandi myndarinnar.

20% ENDURGREIÐSLA EKKI NÓG

Eva María vill hækka endurgreiðslu hérlendis vegna erlendar kvikmyndagerðar. Nú er endurgreiðsla af framleiðslukostnaði til kvikmynda-eða sjónvarpsefnis 20% hér á landi og henni finnst það einfaldlega ekki nóg. Hún bætir við að í sumum ríkjum Bandaríkjanna sé endurgreiðslan allt að 40%.

„Það er svo mikilvægt og ótrúlega gróðavænlegt að fá kvikmyndir hingað inn, en það verður að hækka endurgreiðslur til að gera það fýsilegt fyrir sjálfstæða framleiðendur. Þetta er bara góður bisness, skapar mikla atvinnu og ég tala nú ekki um landkynninguna sem er ómetanleg. Í Kanada til dæmis og mörgum öðrum Evrópulöndum eru styrkir og endurgreiðslur svo miklu hærri að samkeppnin er erfið. Þetta er leið til þess að fá meira erlent fjármagn inn í landið og fullt af því.“

meiriháttar að sitja við hliðina á honum og fylgjast með vinnubrögðum hans svona nýkomin til New York. Ég vann líka snemma með James Brooks, einum höfundinum Simpsons-þáttanna. Það var mjög lærdómsríkt að vera á setti með honum. Og auðvitað er ótrúlega gaman að verja vinnudeginum með svona leikstjórum og

fá að ráðleggja þeim á tæknilega sviðinu. Það var ótrúleg upplifun og skemmtilegt.“ Aðrir leikstjórar sem Eva vann með á þessum tíma voru meðal annarra Spike Jonze, Tony Scott, og Brett Ratner.

En hvernig kom það til að hún var allt í einu orðin aðalmannekjan í öllu þessi ferli? „Ég var bara á réttum stað á réttum

tíma,“ segir hún brosandí. „Ég var svo mikið að yta á þetta stafræna ferli. Núna er þetta bara orðið svona. En á þessum tíma, um 2004, var þetta framsækið fyrir auglýsingar og bíómyndir að geta skannað filmuna og látið hana lifa á tölvu þar sem hún var eftirunnin. Þegar ég var að flytja til New York 2007, þá voru margir ▶

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Nº28 Listahátíð
2014 í Reykjavík



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Sinfóníuhljómsveit Íslands og Osmo Vänskä

Mahler nr. 3

Fös. 23. maí » 19:30

Miðasala hefst 3. feb. » 12:00

Gustav Mahler *Sinfónía nr. 3*

Jamie Barton *einsöngvari*
Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*

Kvennakórinn Vox feminae
Stúlknakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir *kórstjóri*

„Þessi sífónía verður ólík öllu öðru sem heimurinn hefur heyrt! Í henni finnur náttúran rödd sína,“ sagði Gustav Mahler um þriðju sífóníuna sem er víðamesta tónsmíð hans.

Þetta meistaraverk Mahlers hefur aðeins einu sinni áður hljómað á Íslandi. Því er það sannkallað fagnaðarefni að sífónían heyrist nú í Eldborgarsal Hörpu undir stjórn hins frábæra hljómsveitarstjóra Osmo Vänskä sem einmitt hefur getið sér gott orð víða um heim fyrir túlkun sína á Mahler.

Flutningur á 3. sífóníu Mahlers er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Látið ekki þetta einstaka tækifæri framhjá ykkur fara.

► þekktir leikstjórar að nota þetta ferli í fyrsta sinn og það var ómetanlegt að vera þeirra ráðgjafi og að vera komin svona vel inn í stafræna ferlið á þeim tíma.“

Hluti af tíu ára plani

„Ég var komin á tíma. Ég var búin að vera hjá þessu fyrirtæki í New York í þrjú ár. Ég var komin með nóg af eftirvinnslu. Hafði þá verið eingöngu í henni í sjö ár og ég sá ekki fyrir mér að ég kæmist lengra í nákvæmlega því. Ég vildi því hætta og stofna mitt eigið framleiðslufyrirtæki í Los Angeles,“ segir hún.

„Þessir flutningar voru bara hluti af þessu tíu ára plani mínu sem ég gerði í Reykjavík áður en ég flutti út. Ég ætlaði að búa í Kaupmannahöfn, London, New York og Los Angeles. Núna eru komin tólf ár. Ég er búin að fylgja þessu plani eftir og meira til, reyndar komin aftur til New York, þó að fyrirtækið mitt Eva Daniels Productions sé áfram staðsett í Los Angeles.“

Framleiðir frumraun

Cate Blanchett

Hvað er skemmtilegast við að framleiða bíó? „Ég held að það sé möguleikinn að segja sögur og skapa nýja heima, eða koma mikilvægu málefni á framfæri í gegnum skemmtun. Svo er það þessi blanda viðskipta og listar sem er ótrúlega gefandi. Ég er framleiðandi sem einbeiti mér mikið að peningahliðinni en ég skipti mér líka heimikið af þróun handritanna.“

Núna er ég til að mynda að þróa nýja mynd með Cate Blanchett sem leikstjóra, *The Dinner* heitir hún. Sagan er byggð á skáldsögu eftir Herman Koch. Handritið er alveg að smella. Oren Moverman skrifar það, en hann skrifaði og leikstýrði meðal annars *The Messenger* sem hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir. Það eru forréttindi að fá að starfa með svona fagfólki.“



„Pabbi dó í ágúst og bróðir minn núna nýlega. Þetta var mér mikið reiðarslag en fær mann til að hugsa um hvað er mikilvægast í lífinu og ég finn núna að ég vil vera meira á Íslandi.“

Missti föður sinn og bróður

En það gengur ekki alltaf eins og best verður á kosið. Eva hætti í sambúð með fyrrverandi kærasta sínum í desember 2012 og í sama mánuði greindist pabbi hennar með krabbamein. Aðeins mánuði síðar dó hálfbróðir hennar, en þau voru samfeðra, sem var kominn með fjórða stigs krabbamein. „Pabbi dó í ágúst og bróðir minn núna nýlega. Þetta var mér mikið reiðarslag en fær mann til að hugsa um hvað

er mikilvægast í lífinu og ég finn núna að ég vil vera meira á Íslandi,“ segir Eva María einlæg.

Í ársbyrjun 2013 flutti Eva María frá Los Angeles aftur til New York, kom sér fyrir og bjó sér til nýtt og fallett heimili þar. „Ég er búin að vera mikið á Íslandi undanfarið, miklu meira á síðasta ári en öll hin tólf sem ég hef verið í burtu. Þegar svona nokkuð kemur upp, eins og hefur verið í fjölskyldunni hjá mér, þá langar mig óneitanlega að vera

nær þeim og eyða meiri tíma á Íslandi. Svo er borgin orðin svo skemmtileg, líflæg og menningarleg og frábært að bjóða erlendum kúnum í heimsókn,“ bætir hún við.

Ný mynd með Óskari Jónassyni

En langar hana að vinna á Íslandi? Hún hugsar sig um svolitla stund og segir svo: „Ég er reyndar að vinna að einni mynd með Óskari Jónassyni leikstjóra, sem verður tekin upp á

Íslandi og hlakka mikið til að fá að taka þátt í því. Myndin fjallar um ameríska feðga sem leggja í hrakfallaferð til Íslands, með ösku móðurinnar sem þeir eiga að dreifa yfir leyndardómsfullt stöðuvatn á afskekktum stað,“ útskýrir Eva María og heldur áfram. „Fyrirtækin mín eru erlendis en öll samskipti eru orðin svo þægileg í dag. Það er auðvelt fyrir mig að vinna hvar sem er. Og það er gott að eiga þann möguleika.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV SPARTÆKNI MAZDA**
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

MAZDA6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?

Snjallhelmlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ári bilgraininni
brimborg
Óruggur staður til að vera á



Sixt vill þig í hópinn!

Við erum að bæta í hópinn og leitum eftir hressu og metnaðarfullu starfsfólki sem vill vinna í skemmtilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi. Um er að ræða sumarstörf sem og framtíðarstörf.

- Ertu með ríka þjónustulund?
- Hefur þú gaman af sölumennsku?
- Vinnur þú vel undir álagi?
- Góð laun í boði fyrir duglegt fólk

Þjónustuver og reikningagerð í Reykjavík

Starfssvið:

- Almenn skrifstofustörf
- Samskipti við viðskiptavini
- Reikningagerð
- Símsvörun
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Reynsla af reikningagerð kostur
- Þekking á Opus kostur

Sölufulltrúi í Keflavík

(Laust er til umsóknar bæði á dag og næturvaktir)

Starfssvið:

- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Framúrskarandi söluhæfileikar

Þrif og umsjón með bílaleigubílum í Reykjavík

Starfssvið:

- Þrif og standsetning á bílaleigubílum
- Flutningur á bílum
- Ástandsskoðun bílaleigubíla

Viðskiptastjóri í Reykjavík

Starfssvið:

- Óflun nýrra viðskipta á innanlandsmarkaði
- Þjónusta við stærri viðskiptavini og ráðgjöf
- Ýmis önnur sérverkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölumennsku og ráðgjöf æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar

Sölufulltrúi í Reykjavík

Starfssvið:

- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Framúrskarandi söluhæfileikar

Almennar hæfniskröfur:

- Enskukunnátta skilyrði, önnur tungumál kostur
- Góð tölvukunnátta
- Bílpróf
- Frumkvæði, drifkraftur og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi. Umsóknir berist til Sixt rent a car, Fiskislóð 18, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið anton@sixt.is fyrir 18.02.2014. Nánari upplýsingar veitir Anton Smári Rúnarsson.

Sixt rent a car er stærsta bílaleiga Þýskalands, stofnuð 1912, með yfir 4000 afgreiðslustaði í yfir 105 löndum. Sixt á Íslandi hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og er með starfsstöðvar í Reykjavík og Keflavík. Sixt leggur mikla áherslu á fagmennsku, framúrskarandi þjónustu og gott starfsumhverfi.

SIXT
rent a car

Sumarið

2014 er komið

Sumarbæklingurinn
fylgir blaðinu í dag

Opið í dag
laugardag
frá kl. 12-16

Allt að
15.000 kr.
bókunarafláttur
af fyrstu 300 sætunum,
valdir gististaðir, valdar dagsetningar.



Vinsælasti valkosturinn!



Tyrkland

Frá kr. 174.900 m/bókunaraflátti
La Blanche m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 174.900,
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
fjölskylduherbergi. 2 fullorðnir í
tvíbýli frá kr. 210.600.
10. júlí í 11 nætur.

Vinsælasti valkosturinn!



Krít

Frá kr. 136.900 m/bókunaraflátti
Sirios Village m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 136.900,
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
fjölskylduherbergi. 2 fullorðnir í
tvíbýli frá kr. 168.300.
23. júní í 10 nætur.



Tenerife

Frá kr. 89.900 m/bókunaraflátti
Playa Real m/allt innifalið


Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í mini
suite. Netverð á mann frá kr. 117.900 m.v. 2 fullorðnir í mini
suite. 21. maí í 7 nætur.



Costa del Sol

Frá kr. 96.600 m/bókunaraflátti
Griego Mar m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 96.600 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
herbergi. Netverð á mann frá kr. 115.800 m.v. 2 fullorðnir í
herbergi. 21. apríl í 11 nætur.



Benidorm

Frá kr. 75.100 m/bókunaraflátti
Vina del Mar

Netverð á mann frá kr. 75.100 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
íbúð m/1 svefnherbergi. Netverð á mann frá kr. 93.300 m.v. 2
fullorðnir í íbúð m/1 svefnherbergi. 27. maí í 7 nætur.



Albir

Frá kr. 86.600 m/bókunarafslætti
Albir Playa m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 86.600 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 106.300 m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 27. maí í 7 nætur.



Almería

Frá kr. 98.500 m/bókunarafslætti
Zoraida Beach Resort

Netverð á mann frá kr. 98.500 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 121.800 m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 1. júlí í 7 nætur.



Mallorca

Frá kr. 110.600 m/bókunarafslætti
Roc Portavnova

Netverð á mann frá kr. 110.600 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/2 svefnherbergjum. Netverð á mann frá kr. 141.200 m.v. 2 fullorðnir í íbúð m/1 svefnherbergi. 19. júní í 11 nætur.

Glæsileg vorsigling um Miðjarðarhafið

Siena – Savona – Barcelona – Palma De Mallorca – La Valletta – Palermo – Róm

Frá kr. 374.900

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í klefa án glugga í 13 nætur.

24. apríl - 7. maí



22.-30. apríl

Léttganga á Madeira

Frá kr. 179.900

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. 22. apríl í 8 nætur.



24. júlí - 3. ágúst

Dónár- draumur

– hjólað og siglt

Frá kr. 289.900

Netverð á mann í tvíbýli á neðsta þilfari. 24. júlí í 10 nætur.

Kynntu þér ferðamöguleika sumarsins í bæklingnum eða á heimsferdir.is

Prag



Frábært verð

Frá aðeins
79.900 kr.
m/bókunarafslætti

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel ILF m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 1. maí í 4 nætur

Lissabon



NÝTT

Frábært verð

frá aðeins
85.500 kr.
m/bókunarafslætti

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel Eduardo VII m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 24. apríl í 3 nætur.

Valencia



NÝTT

Frábært verð

frá aðeins
99.900 kr.

Netverð á mann m.v. gistingu á Hotel Excelsior m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 9. október í 4 nætur.



Golf

Frábært verð

Frá kr. 174.900 m/bókunarafslætti

Netverð á mann á Costa Ballena m/hálfu fæði m.v. 2 fullorðnir í herbergi. 28. mars í 7. nætur.

Í boði hinir sívinsælu Arcos Gardens, Costa Ballena, La Gomera, La Sella, Montecastillo og Novo Santi Petri.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is



ÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

YAMAHA HLJÓMTÆKI
MEÐ ALLT AÐ

LG SJÓNVARP
MEÐ ALLT AÐ

200.000 KR. AFSL.

300.000 KR. AFSL.

LOKADAGUR - LOKADAGUR

42" 3D SNJALLSÍJÓNVARP

FULLT VERÐ 279.990

TILBOÐ 169.990



AFSL. 110.000

FULLT VERÐ 124.990

TILBOÐ 99.990

TOSHIBA

AFSL. 25.000

40" FULLSÍJÓNVARP

TILBOÐ

THOMSON

AFSL. 30.000

32" LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 99.990

TILBOÐ 64.990

THOMSON

AFSL. 15.000

50" Full HD LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 239.990

TILBOÐ 179.990

Panasonic

AFSL. 60.000

55" ULTRA 4K SJÓNVARP

FULLT VERÐ 499.990

TILBOÐ 349.990

THOMSON

AFSL. 150.000

JBL hátalarar með allt að 100.000 kr. afslætti

iPad og iPhone vöggur með allt að 60% afslætti

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG!

Tascos hljóðfyrirspurn með allt að 50% afslætti



KENWOOD

PHILIPS

JVC

Panasonic

harman/kardon

JBL

OLYMPUS

Dantax

tasco

Nikon

SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16

| SJÁÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

Ósjálfbært efnahagskerfi

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir að íslenska efnahagskerfið sé ósjálfbært og von sé á frekari kollsteypum í framtíðinni. Í nýútkominni bók sinni *Iceland and the International Crisis: Boom, Bust and Recovery* leggur Eiríkur fram þá kenningu að hin pólitíska sjálfsmynd Íslendinga feli í sér togstreitu sem grafi undan efnahagslegum stöðugleika.

ÍSLENSKA KRÓNAN

„Það er ekkert annað ríki til í heimssögunni sem er með svona smáan gjaldmiðil. Þrjú hundruð þúsund manna gjaldmiðil á 500 milljón manna markaði. Það eru bara milljóna ríki sem leyfa sér að vera með eigin gjaldmiðil inni á slíkum markaði. Meira að segja Danir treysta sér ekki til þess.“

FASTEIGNAKAUP ÍSLENDINGA Í KAUPMANNAHÖFN

„Það er eitthvað annað sem útskýrir þessi kaup en bara viðskiptatækifæri. Þetta var ákveðin yfirlýsing um að Íslendingar stæðu jafnfætis öðrum og jafnvel framar.“

GJALDEYRISHÖFTIN

„Það er bara ein leið til að afnema gjaldeyrishöftin og það er að banna íslenskum fjármála-fyrirtækjum að starfa erlendis. Enginn stjórnmálaflokkur hefur þessa stefnu. Núverandi ríkisstjórn hefur þá stefnu að afnema höftin í orði. En á borði hefur hún þá stefnu að viðhalda höftunum. Stefna er ekki það sem stefna segir. Stefna er það sem stefna gerir.“



EIRÍKUR BERGMANN Eiríkur segir ekki rétt að Íslendingar hafi kosið aftur til valda þá sem ollu hruninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er mjög gjarnan eitthvað í sköpunarsögu ríkja sem býr til hina pólitíska sjálfsmynd. Á Íslandi gerist það í sjálfstæðisbaráttunni. Það verður til ný pólitísk sjálfsmynd sem felur í sér tvíþætta kröfu. Annars vegar að verða fullvalda, sjálfstætt ríki óháð öðrum og hins vegar að verða nútímavætt velmegunarríki sem er á pari við önnur vestræn ríki. Þessar tvær kröfur fela í sér ákveðna togstreitu,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, sem hefur sent frá sér bókina *Iceland and the International Crisis: Boom, Bust and Recovery*.

Togstreitan birtist meðal annars í stöðugum átökum á milli einangrunar og alþjóðlegrar opunar. Íslendingar vilja óheftan aðgang að erlendum mörkuðum en á sama tíma koma í veg fyrir að útlendingar hafi sömu möguleika hér á landi.

Úr fátækt í fremstu röð

„Þessi pólitíska sjálfsmynd felur í sér mikinn kraft sem er jákvætt en felur jafnframt í sér miklar hættur. Við sjáum hvernig Ísland færðist frá því að vera fátækt ríki í byrjun 20. aldarinnar yfir í það að vera í fremstu röð varðandi hagsæld. Þetta gerist á einni öld sem er ótrúlega skammur tími,“ segir Eiríkur.

„Þarna sjáum við hvernig þessi pólitíska sjálfsmynd vinnur með okkur í efnahagslegu tilliti. Hins vegar leiðir hún okkur líka í kollsteypur. Hér eru sveiflur algengari í efnahagslífinu. Þegar Íslandsbanki var settur á laggirnar árið 1904 komu peningar inn í landið. Bankinn var í erlendri eigu. Síðan tekur þjóðernishyggjan við. Íslandsbanki er keyrður í þrot. Seðlaútgáfa er færð til Lands-

bankans. Gjalddeyrishöftin koma í kjölfar kreppunnar miklu og við lokumst inni. Aftur kemur einangrunar- og afturhaldstímabil,“ segir hann.

„Svo opnast allt eftir seinna stríð og koðnar svo aftur niður. Svo fer allt af stað með EES-samningnum. Það sem gerist á bóluárunum er að þensluhvetjandi og bóluhvetjandi efnahagsstefnur eru keyrðar hver ofan í aðra samtímis þannig að hagkerfið er sett á fleygiferð. Eins og kappakstursmaður sem setur allt í botn en hann er búinn að taka hemlabúnaðinn úr bílnum.“

Goðsögur um hrúnið

Í bókinni ræðst Eiríkur einnig gegn þeim goðsögum sem urðu til eftir efnahagshrunið.

„Fyrsta goðsögnin var sú að það væri búið að sturta Íslandi niður í klósettið og að við yrðum efnahagslegt svarthol í áratugi. Það yrði bara ekki líft á þessu landi. Það voru sagðar sögur af því að fólk væri að flýja land í stórum stíl. Eyjan væri hreinlega að tæmast. Ekkert af þessu reyndist rétt,“ greinir hann frá.

„Næsta goðsögn gekk út á að hér á Íslandi hefði orðið allsherjar bylting. Stjórnmálaöflum hefði verið varpað frá völdum og almenningur samið nýja stjórnarskrá. Þetta er sagan sem var og er sögð í suður-evrópskum fjölmiðlum. Þetta er heldur ekki rétt. Hér varð engin grundvallarbreyting í stjórnmálalífinu og efnahagskerfinu,“ segir Eiríkur.

„Þriðja goðsögnin er sú að Íslendingar hafi í síðustu kosningum kosið aftur til valda þá sem ollu hruninu. Það getur verið að þeir stjórnmálaflokkar sem nú eru við völd

heiti sömu nöfnum og þeir sem hafa oft verið við völd áður en þetta er ekki sama fólk og ekki endilega sömu áherslurnar.“

Sálfræðilegt áfall

Eiríkur segir að hrúnið hafi haft mikil áhrif á þessa pólitíska sjálfsmynd. „Ég held því fram að hrúnið sé meira pólitískt og sálfræðilegt áfall heldur en efnahagslegt. Sjálfsmynd okkar sem einhver fyrirmynd annarra þjóða og yfirburðir okkar í norrænum samanburði, eins og kom fram í opinberum skýrslum, allt hrynur þetta eins og spilaborg. Það var verulegt áfall og skýrir það kannski af hverju við upplifðum þetta svona ofboðslega sterkt,“ segir Eiríkur.

Íslandi hafi í raun einangrast á alþjóðlegum vettvangi. „Við vorum álitin útlagaríki af umheiminum. Við vorum búin að glata sjálfstæðinu á þessum tíma. Íslendingar glötuðu því sem þeim er kærast. Norðurlöndin voru búin að setja skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð og við þurftum að bera allt undir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við vorum komin algjörlega út í horn. Við vorum fyrir utan hið sam-eiginlega varnarkerfi Evrópu og stóðum ein,“ segir hann. „Það alvarlegasta er að það efnahagskerfi sem reyndist ósjálfbært og hrundi vegna innbyrðis kerfisgalla er enn þá til staðar. Þess vegna erum við í þessari úlfakreppu.“

Höskuldur
Kári Schram
hks@frettabladid.is



visir.is

Viðtalið við Eirík er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is**.

GRÍPTU GÓÐA KILJU!



1.

Metsölulisti
Eymundsson
Kiljulist
23.-29.01-2014



2.

Metsölulisti
Eymundsson
Kiljulist
23.-29.01-2014

„Sandmaðurinn er ein sterkasta lestrarupplifun ársins í glæpa-sagnageiranum. Sá sem hættir sér inn í myrkustu heima Keplers fær það ríkulega launað.“

SKÅNSKAN.SE



3.

Metsölulisti
Eymundsson
Kiljulist
23.-29.01-2014

„Þetta er algjörlega mögnuð bók. Við eigum eftir að fá margar þýddar bækur á árinu en þessi er ein af þeim bestu.“

KB / KILJAN

Endilega komdu við – næg bílastæði og alltaf heitt á könnunni!

„... „feel good“-skáldsaga af bestu gerð ... grípandi og léttgægjuð.“

SYDSVENSKAN



www.forlagid.is
- alvöru bókabúð á netinu

Opið alla virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

RISA AU

BÍLMAGNARAR

LOKA

MEIRA EN 1000 VÖRUTE GUNDI

ALLT AÐ 75%

LOKAHELGI - LOKA

UPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM

FRYSTIKISTUR PURRKARAR OFNAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
HELLUBORÐ SAMLOKUGRILL
HÁFAR

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAGUR 11-18

SUNNUDAGUR 13-18

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan
domestic

BÍLTÆKI
SJÓNVÖRÞ
FERÐATAÆKI
MAGNARAR
HLJÓMBORÐ
SPILARAR
MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR

HELGÍ - LOKAHELGÍ

HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR
REIKNIVÉLAR

TSÁLLA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

HELGÍ - LOKAHELGÍ!

ÍSSKÁPAR
KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN
HRAERIVÉLAR
RAKVÉLAR

HELGÍNA!

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!



Heimilistæki

ht.is

SUÐURLANDSBRÁUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

BRAUN

wilfa

Melissa

Ariete

Bauknecht

elna

exido

VESTFRÖST

DeLonghi

Whirlpool



ASUS

acer

steelseries

msi

Seagate

SanDisk

MANHATTAN

CORSAIR

STÓRÚ

ALLT AÐ 70%

ÚTSALAN KLÁRA

PAPPÍR • HÁTALARAR

MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STYRIPINNAR • IHLU

HLJÓÐNEMAR • MÝS • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HL

ALLRA SÍÐUSTU
SÝNINGAREINTÖK
Á ENN LÆGRA VERÐI!

NÁNAR UM ALLAR

WWW.TL.IS

ÚTSÖLUVÖRUR

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

ALTO INN lifun

7 VERSLANIR UM ALLT LAND



Sarotech

TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

TSAALLA

AFSLÁTTUR

ÞÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR

ÖSKUR • MÓÐURBORD • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR

STUM HELGINA!

JÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR • LEIKJAMIS

**OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG 11-18
SUNNUDAG 13-18**

**ÚTLITSGALLAÐ
Á MEIRI AFSLÆTTI!**

**EINA
ÚTSALA
ÁRSINS!**

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

ÖRUGGUR FLUTNINGUR

LAUGARDAGUR 1. FEBRÚAR 2014

Traust þjónusta

Jónar Transport veitir fjölbreytta þjónustu og nær starfsemin til margra landa.

SÍÐA 2

Vörudreifing og búslóðaflutningar

Hjá Flutningi.is starfa reynslumiklir bílstjórar sem hafa góða þekkingu á öllu sem viðkemur flutningum. **SÍÐA 4**

Jónar Transport um allan heim

Starfsemi **Jónar Transport** er fjölbreytt og nær til margra landa. Fyrirtækið er eitt af rótgrónari flutningamiðlunum hérlandis og hefur tekið þátt í þróun á flugfrakt í heiminum gegnum alþjóðlegu samtökin WACO. Fyrirtækið byggir á öfluglu og reyndu starfsfólki sem skipar því í fremstu röð og tekst á við fjölbreytt og ólík verkefni, bæði innanlands og erlendis.



Flutningamiðlunin Jónar Transport heldur upp á 35 ára afmæli sitt í ár. Fyrirtækið var stofnað árið 1979 og telst til rótgrónari flutningamiðlana hérlandis. Starfsemi fyrirtækisins nær víða en félagið er með skrifstofur í átta löndum og alls 45 reynslumikla starfsmenn. Kristján Pálsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir starfsmenn þess leggja sig fram við að veita heildarþjónustu í flutningum til og frá landinu, hvort sem það er sjóleiðina eða í flugi. „Jónar Transport byggir á öfluglu starfsfólki með mikla reynslu og þekkingu sem skipar okkur í fremstu röð þegar kemur að því að aðstoða viðskiptavinum okkar.“

Fyrirtækið Jónar Transport er meðlimur í alþjóðlegum samtökum flutningsmiðlara sem nefnast World

Air Cargo Organization (WACO). Starfstöðvar samtakanna spanna yfir 400 staði með yfir 21.000 starfsmenn og tvær milljónir flugsendinga á ári hverju. „Sem meðlimur í samtökunum síðasta aldarfjórðunginn hefur Jónar Transport tekið þátt í þróun á flugfrakt í heiminum og um leið viðhaldið ímynd Íslands í alþjóðaumhverfi flutningsmiðlara með góðum árangri.“

Fyrirtækið hefur meðal annars hlotið viðurkenninguna „Framúrskarandi fyrirtæki“ árin 2010-2013 frá Creditinfo. Í viðurkenningunni felst að fyrirtækið hefur staðist ítarlega greiningu og fengið bestu einkunn í styrk- og stöðugleikamati

Fjölbreyttir flutningar

Jónar Transport hefur verið virkt á leiguflygmarkaðinum í áratug. Meðal annars hefur fyrirtækið flutt mikið af lyfjum sem krefjast nákvæmrar hitastýringar og kvikmyndabúnaði þar sem tíminn skiptir öllu máli. „Reynsla okkar er því mjög viðamikil í slíkum verkefnum. Þar er lykilatriði að finna réttu vélarnar í verkefnum og réttu stærðir-“



„Jónar Transport byggir á öfluglu starfsfólki með mikla reynslu og þekkingu sem skipar okkur í fremstu röð,“ segir Kristján Pálsson framkvæmdastjóri.

MYND/GVA

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512-5442 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Geimstöðvargámurinn hans

Það var öllu tjaldað til þegar Jónar fluttu tól og tæki fyrir kvikmyndina **Oblivion**, sem kvikmyndað var á Íslandi í fyrra. Einni bíómynd fylgir mikil vinna og margir sem koma að slíku verki.

Sérstakar ráðstafanir þurfti svo vegna geimstöðvarinnar enda passaði hún ekki í neinn gám sem fyrir var.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

OPIÐ Í VIÐEY

Opnað hefur verið úti í Viðey að nýju eftir framkvæmdir við bryggjuna í janúar. Viðey er skemmtilegt útvistarsvæði og þar er rekið kaffihús. Hægt er að setjast niður eftir göngutúr og fá sér vöflur og kakó. Siglingartíma til Viðeyjar má sjá á vefnum videy.com.



Brotthvarf úr framhaldsskóla er meira á Íslandi en víða annars staðar. Það stafar m.a. af slakri undirstöðu úr grunnskóla. Við bjóðum

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja hana. Munum að nám tekur tíma.

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



MEÐ PIXIES

Mono Town hitaði upp fyrir hljómsveitina heimsfrægu, Pixies, á þrennum tónleikum síðastliðið haust.

ABSEND MYND

HEIÐUR

„Það var fyrst og fremst heiður að fá að spila fyrir Pixies. Það er mikil atvinnumennska í þessu hjá þeim og það stóð allt eins og stafur á bók sem var sagt við okkur.“

Á FERÐ MEÐ PIXIES

NÝ PLATA Mono Town gaf út sína fyrstu plötu í vikunni og spilar á hátíðinni Air d'Islande í kvöld. Hún fór í tónleikaferðalag með Pixies um Norðurlöndin í haust.

Hljómsveitin Mono Town kemur fram á tónlistarhátíðinni „Soirées Iceland Airwaves à Paris“ – eða Iceland Airwaves-kvöld í París á Air d'Islande-hátíðinni í Pompidou-listasafninu í kvöld. Bjarki Sig segir hljómsveitar meðlimi hlakka til kvöldsins. „Við erum spenntir fyrir tónleikunum, það vill svo til að við gáfum út okkar fyrstu plötu fyrir nokkrum dögum þannig að það er hægt að segja að þetta verði nokkurs konar útgáfutónleikar.“

Í SAMSTARFI MEÐ DEEZER

Platan In the Eye of the Storm kom út á netinu í samstarfi við streymisþjónustuna Deezer.

Streymisþjónustan sem um ræðir hefur um það bil sex milljónir áskrifenda og hátt í tíu milljónir notenda um allan heim. „Við gefum plötuna út núna bara á netinu en búumst við því að gefa hana út bæði á vínly og geisladiski eftir um það bil tvo mánuði. Við skoðuðum vel þá kosti sem voru í boði og þetta varð niðurstaðan. Á Deezer getur fólk hlustað frítt á tónlistina okkar í ákveðinn tíma. Eftir tíu daga verðum við svo lausir allra mála hjá streymisþjónustunni og þá verður hægt að fá plötuna okkar víðar á netinu, svo sem á iTunes. Við höfum fengið góðar viðtökur við plötunni þessa daga sem hún hefur verið í spilun og erum mjög sáttir með hana.“



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og kæli-meðferð



Fæst í Fjarðarkaup og flestum apótekum og heilsubúðum

www.fi.is

Alla leið!

Toppaðu öræfatindana

Skráðu þig inn – drifðu þig út

Alla leið! Toppaðu öræfatindana með FÍ

Ferðafélag Íslands býður nú upp á metnaðarfulla æfingarætlan sem byrjar í febrúar og endar á því að ganga á Hvannadalshnúk eða Hrútsfjallstinda í lok maí eða byrjun júní.

Akrafjall, Móskarðahnjúkar, Hekla, Fimmvörðuháls, Hvannadalshnúkur eða Hrútsfjallstindar og átta önnur fjöll.

Tólf fjallgöngur, sex æfingatímar í Elliðaárdalnum og ganga á annaðhvort Hvannadalshnúk eða Hrútsfjallstinda.

Tveir mögulegir tindar í lokin og tvær helgar til að velja til að toppa.

Kynningarfundur í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 kl. 20.00, 3. febrúar n.k.

Sjá nánar um „Alla leið“ á www.fi.is

FJALLA KOFINN

TILBOÐ
fyrir FÍ félag
Gildir til 01.03.14



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

RAUNFÆRNIMAT



Hefur þú starfað við málaraiðn eða múraraíðn í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærni-mat verið fyrir þig!

Raunfærni-mat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærni-mati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærni-mat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



Nánari upplýsingar um raunfærni-mat er að finna á <http://idan.is/raunfaernimat> eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is.

FRÆDSLUMÍÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



IDAN
fræðslusetur
Þórunnartún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðalögnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



MONO TOWN Bræðurnir Börkur Hrafn og Daði Birgissynir ásamt frænda sínum Bjarka Sig skipa hljómsveitina Mono Town. MYND/VILHELM

GERA ALLT SJÁLFIR

Strákarnir tóku sér góðan tíma í að semja tónlistina fyrir plötuna og lögðu mikið í hana. Þeir sáu um mestalla vinnuna í kringum hana og stjórna upptökum meðal annars sjálfir. „Við erum búnir að spila saman síðan árið 2009 og það fór mestur tími í að finna „sandið“ okkar. Við vorum duglegir að henda upptökum og byrja aftur og aftur. Við duttum svo niður á það sem við vorum sáttir við og vissum þá hvert við vildum stefna. Við lögðust svo í að gera plötuna og tókum tvo mánuði alveg stíft í að klára hana.“

ÆVINTÝRIÐ MEÐ PIXIES

Mono Town hitaði upp fyrir stórhljómsveitina Pixies á þrennum tónleikum í nóvember síðastliðnum. Þeir voru haldnir á tónleikastöðum sem tóku allt upp í þrjú þúsund manns í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Ósló. „Það var fyrst og fremst heiður að fá að spila fyrir Pixies. Það er mikil atvinnumenska í þessu hjá þeim og það stóð allt eins og stafur á bók sem var sagt við okkur. Dæmi um þetta var þegar sviðsmaður Pixies sótti okkur fimm mínútum fyrir tónleika og sagði að við ættum að vera tilbúnir. Við höfðum þrjátíu mínútur á sviðinu og ég segi við hann að við séum nýbúnir að tímamæla okkur og tónleikarnir okkar taki rétt rúmlega hálf tíma og að hann megi láta okkur vita ef við erum eitthvað að fara yfir tímann. Hann segir þá að við munum alveg verða varir við það



BÚNINGSHERBERGI Mikil atvinnumenska einkenni tónleikaferð Mono Town með Pixies um Norðurlöndin og var hugsað vel um strákana.

því ef við förum yfir þrjátíu mínúturnar slökkvi hann einfaldlega á okkur. Og hann var alls ekki að grínast. Þegar við komum svo af sviði brosti hann til mín og sagði: „Spot on, lad, 29 minutes and 32 seconds!“,” segir Bjarki og hlær.

KÖNNUÐUST VIÐ BRENNIVÍNIÐ

Það var uppselt á alla tónleika Pixies á ferðalaginu og sveitin á dyggan aðdáendahóp. Bjarki segist hafa hlakkað til að sjá þau á tónleikum þar sem hann hafi heyrt sögur af því að þau hafi ekki verið neitt sérstök þegar þau spiluðu hér á Íslandi fyrir um tíu árum. „Þau komu mér á óvart og voru rosalega góð, þétt og kraftmikil. Þau spiluðu yfir þrjátíu lög á kvöldi þessi þrjú kvöld sem við vorum með þeim. Eftir síðustu tónleikana bönkuðum við upp

á hjá þeim og þökkuðum fyrir okkur. Við gáfum þeim harðfisk og brennivín sem þau könnuðust vel við. Þau opnuðu svo brennivínið strax og drukku það.“

FJÖLSKYLDUBAND

Bjarki segir Mono Town hafa verið vel tekið á tónleikunum en í hljómsveitinni eru bræðurnir Börkur Hrafn og Daði Birgissynir ásamt frænda sínum Bjarka. „Við frændurnir þrír erum kjarninn og reynum eftir fremsta megni að hafa með okkur bassaleikarann Guðmund Óskar Guðmundsson sem spilar með Hjaltalín og Tilbury og trommuleikarann Magnús Tryggvason Elíassen sem er líka í Tilbury, Amiinu og fleiri böndum. Við fimm spilum einmitt saman á tónleikunum í París í kvöld.“ ■ liljabjork@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ÁNÆGÐ MEÐ BIO-KULT CANDÉA

Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.

HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI

„Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pírtingur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilsuhugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.



LAUS VIÐ KLÁÐA Alma var með kláða og pírting í húðinni sem hefur stórbatnað og nánast horfið.



BIO-KULT CANDÉA

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á www.icecare.is.



ÁNÆGÐ Soffía er afar ánægð með Femarelle.

ALGJÖRT UNDRAEFNI

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fóta-óeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamnum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkenni verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófi eða fóta-óeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamnum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum.

Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnt Femarelle, þvílíkt undraefni.“



HVÍTARI TENNUR

ICECARE KYNNIR Með Gum Original White-munnskoli og -tannkremi verða tennurnar hvítari. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn, hreinsa bletti og óhreinindi og innihalda ekki skaðleg bleikiefni.

Starfið: Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í þjálfunar- og skírteinadeild á flugsviði. Í starfinu felst m.a. að tryggja og hafa eftirlit með að umsækjendur um skírteini og þjálfunar- og kennsluleyfi uppfylli gildandi reglugerðarkröfur og svara fyrirspurnum varðandi málaflokkinn. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugsviði Samgöngustofu þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun.
- Flugtengd menntun eða reynsla æskileg.
- Áhugi á flugmálum er nauðsynlegur
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram með skýrum hætti reglugerðarkröfur.
- Góð tölvuþekking
- Mjög góð tök á íslensku og ensku. Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi.

Umsóknarfrestur er til 17. febrúar 2014.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- á vefsvæði Samgöngustofu á síðunni www.samgongustofa.is
- senda umsókn (ferilskrá) með tölvupósti á netfangið atvinna@samgongustofa.is eða
- senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Samgöngustofa
Bt. Ólafar Friðriksdóttur
Pósthólf 470
202 Kópavogur

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgason, deildarstjóri þjálfunar- og skírteinadeildar flugsviðs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Samgöngustofa er stjórnáslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa


Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



BÆKLUNARSKURDLÆKNINGAR

Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í bæklunarskurðlækningum. Starfshlutfall er 100% eða skv. samkomulagi. Starfið veitist frá 1. maí 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Greining, meðferð og eftirfylgd sjúklunga með vandamál er tengjast sérgreininni
- » Þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðsquaðningum og öðrum þeim störfum sem yfirlæknir deildarinnar telur að eigi við
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar og er það frumskilyrði ráðningar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samræði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í bæklunarskurðlækningum á Íslandi
- » Viðbótarþekking í gerviliðaaðgerðum æskileg
- » Reynsla í kennslu- og vísindavinnu æskileg
- » Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2014.
- » Upplýsingar veitir Yngvi Ólafsson, yfirlæknir, netfang yngviola@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut, 101 Reykjavík.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
- » Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Jeppaþjónustan • Breytir

Óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði okkar

Við leitum að vandvirkum og samvirkum einstakling sem getur unnið sjálfstætt. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar í síma 567 7722 eða á e-maili: breytir@breytir.is Jeppaþjónustan Breytir ehf Stórhöfða 35 Reykjavík sími 567 7722.



LYFLÆKNINGASVIÐ Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga LSH við Hringbraut er laust til umsóknar. Í boði er góð starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingi og sérhæfð námskeið.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ber ábyrgð á hjúkrun, ráðgjöf og stuðningi til einstaklinga með krabbamein og blóðsjúkdóma og aðstandenda þeirra
- » Skráning hjúkrunar í samræmi við reglur LSH
- » Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu
- » Virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu verkefna á deild

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Góð samskiptahæfni
- » Faglegur metnaður og áhugi á krabbameinshjúkrun

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2014.
- » Starfshlutfall er 100%, unnið er í dagvinnu.
- » Ráðið er í starfið frá og með 1. mars 2014 en upphafsdagur og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.
- » Upplýsingar veita Þórunn Sævarsdóttir, deildarstjóri, torunnsa@landspitali.is, sími 825 3523 og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími 825 5136.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Starfsmaður í framleiðslueldhús

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og framleiðslu á meðlæti fyrir kaffihús fyrirtækisins. Unnið er á kokkavöktum frá kl. 06.-14. Unnið er aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 25 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á gunnvant@teogkaffi.is til og með 13.2.2014

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog
kaffi.is



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Sérfræðingur í netöryggisveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í netöryggisveit PFS. Netöryggisveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggisveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þátttaka í þróun starfs netöryggisveitarinnar
- Meðhöndlun öryggisatvika (e. incident handling)
- Skýrslugerð um öryggisógnir og atvik
- Yfirferð öryggismála hjá ytri aðilum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða öðrum raungreinum
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði tölvu- og netkerfa er nauðsynleg
- Þekking á fjarskiptamarkaðnum er æskileg
- Menntun og reynsla í upplýsingaöryggi eru kostir
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð, sem og vinna vel undir álagi
- Umsækjendur þurfa jafnframt að búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif ásamt getu til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

Vélstjóri og/eða vélvirki

óskast til starfa á Volvo atvinnutækjaverkstæði Brimborgar



Stutt lýsing á starfi:

- Vinna við bilanagreiningu, þjónustu og viðgerðir á tækjum og vélum skv. ferli framleiðanda.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf eða meistarárættindi í vélvirkjun og/eða vélstjórn
- Háfa þekkingu á búnaði og kerfum, véla og tækja
- Hæfileika til að liðsinna og leiðbeina samstarfsmönnum, viðskiptavinum og þjónustuaðilum
- Gilt bílpróf skilyrði - meirapróf æskilegt
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarleg(ur) og áreiðanleg(ur) og vönduð vinnubrögð
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekkingu á tölvum (PC/Windows umhverfi)
- Góða íslensku- og enskukunnátta, rit og mál

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér

Skelltu þér á brimborg.is og sæktu um.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veitir Jóhann R. Ívarsson,
í síma 515 7072.



Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki
á sviði kröfustjórnunar (Credit
Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 140
starfsmenn á 11 starfsstöðvum
um land allt. Meðal viðskipta-
vina Motus eru m.a. fjölmörg af
stærstu fyrirtækjum og
stofnunum landsins.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum
Justitia, sem er markaðsleiðandi
fyrirtæki í Evrópu á sviði
kröfustjórnunar.

Bókari – Rekstrarsvið

Motus leitar að öflugum einstaklingi í starf bókara á Rekstrarsvið fyrirtækisins.

Starfið felst í almennri bókhaldsvinnu við fjárhags-, viðskipta- og lánardrottinabókhald fyrirtækisins, s.s. reikningagerð, uppgjörsvinnslu og afstemmingar.

Helstu verkefni:

- Færsla bókhalds
- Reikningagerð
- Afstemmingar
- Uppgjörsvinnsla
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. viðskiptafræði og/eða viðurkenndur bókari
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi
- Þekking eða reynsla af Navision er kostur
- Góð Excel-kunnátta skilyrði
- Heiðarleiki og skipulögð vinnubrögð
- Talnaglöggur, sjálfstæði og nákvæmni í starfi
- Jákvæðni, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjameningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpsæmi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, starfsmannastjóri Motus, í síma 440 7122 og sibba@motus.is. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar, www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2014. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

motus

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Volcano Huts óskar eftir staðarhaldara á fjölsóttum ferðamannastað í Þórsmörk.

Starfslýsing

Volcano Huts rekur ferðapjónustu í Húsadal í Þórsmörk þar sem boðið er upp á gistingu í fjalla-skátum, veitingar og ýmsa afþreyingu. Staðarhaldari ber ábyrgð á daglegum rekstri staðarins og stýrir hópi allt að 12 starfsmanna. Möguleiki er á öðru starfi fyrir maka staðarhaldara s.s. við afgreiðslu, í eldhúsi, eða í þrífum. Um er að ræða tímabundna ráðningu frá 1. maí til 30. september 2014 með möguleika á framlengingu eða fastráðningu.

Menntun og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi s.s. á sviði veitinga -, gistihúsa og smásölu
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Brennandi áhugi á ferðapjónustu og útivist
- Þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Tungumálakunnátta er kostur

Starfssvið

- Verk – og gæðastjórn
- Umsjón með daglegum rekstri
- Afgreiðsla, upplýsingagjöf og móttaka ferðamanna
- Innkaup, vöru- og birgðastjórnun
- Uppgjör

Áhugasamir hafi samband í síma eða með tölvupósti sé frekari upplýsinga óskað.

Umsækjendur sendi ferilskrá og kynningarbréf með tölvupósti á netfangið job@volcanohuts.com fyrir 24.2.2014.

www.volcanohuts.com / volcanohuts@volcanohuts.com / S: 552 8300



Matreiðslumaður - Matsveinn - Matartæknir

Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir starfsmanni í afleysingar sem fyrst.

- Unnið er virka daga og aðra hverja helgi.
- Starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt.
- Skila þarf umsóknum inn fyrir 9. febrúar n.k. og sendist á netfangið: eldhus@eir.is eða á skrifstofu Eirar.

Eir hjúkrunarheimili – Eldhús
Hlíðarhúsum 7
112 Reykjavík
S: 522 5700



Sumar í sveitinni

Gamla fjósið leitar að matreiðslumanni og starfsmönnum í eldhús og sal sumarið 2014 og möguleika á framtíðarvinnu.

Gamla fjósið er nýlegur veitingastaður undir Eyjafjöllum og selur aðallega nautakjöt sem framleitt er á bænum.

Helstu verkefni matreiðslumanns eru;

- Matreiðsla
- Yfirumsjón með matreiðslu og innkaupum fyrir eldhúsið,
- Vöruþróun og matseðlagerð


Helstu verkefni annarra starfsmanna er aðstoð í eldhúsi við matargerð, uppvask, frágang, þríf og þjónusta við viðskiptavinum í sal. Við leitum að jákvæðum og þjónustulíprum einstaklingum til að vinna með okkur að því að taka á móti ferðamönnum í sumar. Frítt húsnæði. Áhugasamir sendi ferilskrá og upplýsingar á gamlafjosid@gamlafjosid.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lektor í miðaldasögu	HÍ, sagnfræði- og heimspekideild	Reykjavík	201401/099
Forritarar	HÍ, Reiknistofnun	Reykjavík	201401/098
Fangavörður	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201401/097
Sérfræðingur í matvælaeftirliti	Matvælastofnun	Selfoss	201401/096
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201401/095
Starfsfólk í sumarafleysingar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201401/094
Sérfræðingur	Samgöngustofa	Reykjavík	201401/093
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Húsavík	Húsavík	201401/092
Félagsráðgjafi	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201401/091
Sálfræðingur	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201401/090
Rektor	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201401/089
Forstjóri	Landspítali	Reykjavík	201401/088
Vélvirki, vélsmiður	Landspítali, rekstrarsvið	Reykjavík	201401/087
Sérfræðingar í ljósmóðurfræði	Landspítali, kvennadeild	Reykjavík	201401/086
Sérfræðilæknir	Landspítali, bráðalækningar	Reykjavík	201401/085
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, bráðalækningar	Reykjavík	201401/084
Geislafræðingur	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201401/083
Sérfræðilæknir	Landspítali, bæklunarskurðlækn.	Reykjavík	201401/082
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, blóð- og krabbameinsl.	Reykjavík	201401/081
Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201401/080
Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201401/079
Varðstjórar	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201401/078
Rannsóknarlögreglumenn	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201401/077
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201401/076
Lögreglufulltrúar	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201401/075
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Blönduósi	Blönduós	201401/074
Bifvélavirki, vélvirki	Vegagerðin	Reykjavík	201401/073
Yfirlögregluþjónn	Lögreglustjórinn á Húsavík	Húsavík	201401/072
Lögfræðingur	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201401/071



REKSTRARSVIÐ

Vélvirki/ vélsmiður

Laust er til umsóknar starf vélvirkja/ vélsmiðs við véla-verkstæði Landspítala. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Véla-verkstæði Landspítala ber ábyrgð á rekstri margra tæknikerfa, s.s. gufuframleiðslu og loftræsikerfa auk þess að sinna viðhaldi ýmiss sérhæfðs tækjabúnaðar. Landspítali hefur aðsetur í um 100 byggingum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Starfsmaðurinn skal vera tilbúinn til að mæta til vinnu og starfa í lengri eða skemmri tíma þar sem hans er þörf á hverjum tíma.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sér um viðhald sjúkrarúma, hjólastóla og annars sérhæfðs tækjabúnaðar
- » Eftirlit og viðhald annars búnaðar sem fellur undir véla-verkstæðið skv. fyrimælum yfirmanns véla-verkstæðis

Hæfniskröfur

- » Vélvirkja-, vélsmiðs- eða sambærileg menntun
- » Haldgóð þekking og reynsla af viðgerðum og eftirliti með tækjabúnaði
- » Vandvirkni og útsjónarsemi
- » Rík þjónustulund og lipurð í samskiptum, frumkvæði og góð framkoma
- » Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2014.
- » Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá.
- » Upplýsingar veitir Valur Sveinbjörnsson, rekstrarstjóri, valurs@landspitali.is, sími 824 5274.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Útkeyrsla

Meiraprófsbílstjóri óskast í útkeyrslu hjá MS í RVK. Eingöngu reglusamur og duglegur bílstjóri koma til greina. Ferilsskrá og aðrar upplýsingar óskast sent á neðangreint netfang.

halldors@ms.is



VERKSTJÓRI

World Class óskar tímabundið eftir að ráða til sín verkstjóra sem er jafnframt yfirmaður ræstingar hjá fyrirtækinu.

Helstu verkefni og starfssvið:

- Umsjón, gæðaeftirlit og stjórnun ræstiverkefna á öllum stöðvum.
- Ráðningar ræstítækna og vaktaskipulag.
- Eftirfylgni með verkferlum og þátttaka í stærri verkefnum.
- Dagleg útkeyrsla á vörum/gögnum á milli stöðva.
- Minniháttar viðhald ásamt öðru tilfallandi.

Hæfniskröfur:

- Stjórnunarreynsla og þekking á ræstingum.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- Sveigjanleiki, drifkraftur og úrræðasemi.

Um er að ræða tímabundið starf í eitt ár með möguleika á framlengingu.

Áhugasamir sendi ferilsskrá/frekari fyrirspurnir á Berglindi Hreiðarsdóttur mannauðsstjóra, berglind@worldclass.is.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2014. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í lok febrúar.



Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á viðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa nálægt 600 manns.

Laust starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Mjódd Próunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Próunarstöðin í Mjódd er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar Mjódd og Próunarsviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Markmið próunarstöðvarinnar, fyrir utan að veita almenna heilsugæsluþjónustu, er að þróa nýjungar í þjónustu heilsugæslunnar. Áhersla verður lögð á samráð við íbúa svæðisins og nærsamfélagið varðandi hugmynda- vinnu um breytt vinnulag og verkferla með það að leiðarljósi að tryggja bestu mögulegu þjónustu. Próunarsvið hefur heildarumsjón með með kennslu, rannsóknnum og gæðaþróun innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Við ráðningu er horft til hugmynda og áhuga þess sem ráðinn verður á stöðina.

Laus er til umsóknar 100% staða sérfræðings í heimilislækningum við Próunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilsugæslunni Mjódd. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með **17.02.2014**. Á heilsugæslustöðinni starfa sérfræðingar í heimilislækningum og barnalækningum, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar og ritarar. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á www.heilsugaeslan.is/heilsugaeslustodvar/mjodd/

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

Starfssvið m.a.:

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónustuna
- Kennsla nema

Hæfniskröfur:

- Kraftur er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknisemntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Porkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Sækja skal um starfið á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is)

Nánari upplýsingar um stöðuna veita Kristján G. Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs í síma: 585-1340 eða í gegnum tölvupóst: kristjan.g.gudmundsson@heilsugaeslan.is og Samúel J. Samúelsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar Mjódd í síma 513-1500 eða í gegnum tölvupóst: samuel.jon.samuelsson@heilsugaeslan.is.

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun

Má bjóða þér sæti?

Vörustjóri á húsgagnasviði

Starfssvið og ábyrgð:

- Heyrir undir framkvæmdastjóra húsgagnasviðs
- Ber ábyrgð á viðskiptum í ákveðnum vöruflokkum
- Annast innkaup frá völdum birgjum
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Ber ábyrgð á birgðum, veltuhraða og framlegð í sínum vöruflokkum.
- Fylgjast með nýjum tækifærum á markaði
- Gera tillögur um nýjar söluvörur
- Gerð sölu- og markaðsáætlananna fyrir vöruflokkinn
- Upplýsa starfsmenn um nýjar vörur

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vörustjórnun
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á Navision er nauðsynleg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Framsýni, metnaður og skipulagshæfileikar
- Góð enskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Geta unnið vel undir álagi

Um framtíðarstarf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á atvinna@penninn.is fyrir 9. febrúar nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
hugsgogn@penninn.is
www.penninn.is



Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Forstöðumaður íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að áhugasömum einstaklingi til að sjá um að skipuleggja og leiða starfsemi í íbúðakjarna fyrir ungt fatlað fólk.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði þroskþjálfna, mennta- og félagsvísinda.
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af vinnu með fötluðu fólki er nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri heimilisins og gerð fjárhagsáætlunar
- Stýrir faglegu starfi og sér um þróun innra starfs.
- Sér um starfsmannamál
- Er í samskiptum við aðstandendur og þá aðila sem íbúar sækja þjónustu til.
- Vinnur að gerð þjónustuáætlana.
- Vinnur eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar.

Frekari upplýsingar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir í síma 570-1500 og einnig er hægt að senda fyrirspurn á guðlaugo@kopavogur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar 2014

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Sundagöllum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is



Björn Þorri Viktorsson
Hr. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hr. og lögg. fasteignasali

Sölumaður fasteigna

Miðborg óskar eftir jákvæðum og duglegum sölumanni til starfa.
Reynsla af sölu fasteigna kostur.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá á midborg@midborg.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Félagsráðgjafi í barnavernd
- Forstöðumaður íbúðarkjarna fyrir fatlaða
- Kennari í forfallakennslu í Salaskóla
- Lögfræðingur í lögfræðideild
- Matráður í leikskólann Arnarsmára
- Starfsmaður í dægradvöl í Hörðuvallaskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störf rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Bifvélavirki óskast til starfa.

Vélaverkstæðið Kistufell vantar bifvélavirkja til að vinna við almennar viðgerðir. Við erum að mestu sérhæfðir í viðgerðum á vélum.

Upplýsingar og umsóknir: Kistufell@kistufell.com

Óskað er eftir starfskrafti í 80%vaktavinnu á virkum dögum kvöld og dagvaktir og starfsfólki á helgarvaktir.

Starfið felur í sér einstaklingsmiðaðan stuðning við athafnir daglegs lífs og heimilishalds. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð. Vegna sérstakra aðstæðna er eingöngu óskað eftir kvenfólki til starfa.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar.

Umsóknir berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu asdisjenna@simnet.is

Upplýsingar gefur
Elsa í síma 776-2272



VEITINGA STJÓRI

Við viljum ráða öflugan veitingastjóra í dagvinnu til að sjá um rekstur American Style við Tryggvagötu.

Starfslýsing: Veitingastjóri leiðir allt daglegt starf, ber ábyrgð á starfsfólki og sér um allan rekstur.

Kröfur: Stúdentspróf eða iðnmenntun. Sjálfstæði og metnaður, öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af svipuðu starfi og/eða af heimilisstörfum er kostur. Umsækjandi þarf að vera 30 ára eða eldri og í góðu líkamlegu formi.

Nánari upplýsingar veitir Herwig Syen á hs@foodco.is.

Umsóknir á
umsokn.foodco.is



American Style

Bíldshöfða | Dalshrauni | Nýbýlavegi | Skipholt | Tryggvagötu

Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

We offer a challenging work environment, a chance to learn new skills and develop current skills further, good on-the-job training and good work conditions.

New team member in Crew Scheduling for immediate employment

Education and Qualification

- An interest in the field of aviation
- Excellent attention to detail
- Good computer knowledge
- Good communication skills
- Excellent attention to detail
- Fluent English, other languages are a plus
- Completed secondary school or similar

New team member in Operation Control Center for immediate employment

Education and Qualification

- Knowledge of IT systems relevant to airline operations
- Experience in an airline Operations Environment
- Preferably pilot and/or Dispatch license
- Excellent attention to detail
- Skills to delegate and work under intensive time pressure
- Fluent English, other languages are a plus
- Completed secondary school or similar

Interested candidates please send your application to Human Resources at hr@airatlanta.com before **7th of February 2014**



Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

STÖRF Í TÖLVULISTANUM

Tölvulistinn er ein vinsælasta tölvuverslun landsins og hefur á að skipa miklum fjölda frábærra starfsmanna í sjö verslunum um allt land. Vegna aukinna umsvifa og nýrra verkefna leitum við að fleiri skemmtilegum og þjónustulunduðum tölvusnillingum til að bæta í hópinn.

Okkar starfsmenn hafa nokkra hluti sameiginlega sem við leitum að við ráðningu nýrra starfsmanna.

BRENNANDI ÁHUGI. Það er mikilvægt að hafa mikla tölvuþekkingu sem starfsmaður í tölvuverslun með fjölbreytt vöruúrval. Okkar bestu starfsmenn hafa brennandi áhuga tölvum og tækni. Ofurnörðar sem fylgjast stöðugt með nýjungum og hafa yfirgripsmikla tölvuþekkingu.

ÞJÓNUSTULUND. Starfsmenn sem kunna að veita góða þjónustu og búa yfir góðum samskiptahæfileikum er það sem við leitum að. Tækniþekking og þjónustulund er besta blandan.

JÁKVÆTT HUGARFAR. Við leggjum mikið upp úr því að hafa hjá okkur góðan starfsanda. Til þess að það takist er jákvæðni starfsmanna lykilatriði. Við viljum ráða til okkar starfsfólk sem nálgast verkefni með jákvæðu hugarfari.

DUGNAÐUR. Það getur verið krefjandi að vinna í stórra tölvuverslun þar sem daglega er mikið að gera. Okkar starfsmenn eru kraftmiklir og duglegir við að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem falla til á hverjum degi. Við gerum sömu kröfur til þeirra sem við bætum í hópinn.

ÁREIÐANLEIKI. Við viljum starfsfólk sem er samviskusamt og stundvíst. Fólk sem samstarfsmenn geta treyst á að leysi sín verkefni vel og mæti á réttum tíma.

SAMSKIPTAHÆFILEIKAR. Okkur finnst lykilatriði að viðskiptavinir okkar fái góðar útskýringar á þeim búnaði sem við seljum, hvort sem viðkomandi hefur mjög mikla tækniþekkingu eða litla. Góðir samskiptahæfileikar eru því mikilvægir. Umsækjandur þurfa einnig að tala góða íslensku og vera vel máli farnir.

LEITUM AÐ VERSLUNARSTJÓRA, SÖLUFULLTRÚA TIL FYRIRTÆKJA OG TÆKNIMANNI

VERSLUNARSTJÓRI Á SUÐURLANDSBRAUT

Verslun okkar á Suðurlandsbraut er ein vinsælasta tölvuverslun landsins. Verslunarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar og að stýra öflugum hópi sölumanna.

Æskilegt að hann hafi ríka þjónustulund og góða þekkingu á tölvubúnaði og tækni. Hann þarf að vera metnaðarfullur, ábyrgur og traustur aðili sem leggur sig fram um að halda uppi góðum starfsanda.

SÖLUFULLTRÚI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Fyrirtækjasvið Tölvulistans sinnir árlega þúsundum fyrirtækja og stofnana um tölvulausnir og er meðal annars aðili að rammasamningum Ríkiskaupa og Reykjavíkurborgar. Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta við kröftugum sölufulltrúa til þess að sinna þjónustu við fyrirtæki.

Æskilegt er að viðkomandi hafi sterka tækniþekkingu og skilning á tölvuþörfum fyrirtækja. Reynsla í sölu á tölvubúnaði til fyrirtækja spillir ekki fyrir.

TÆKNIMAÐUR Á VERKSTÆÐI

Óskum eftir að ráða öflugan tæknimann á verkstæði okkar í Reykjavík. Helst koma þeir til greina sem eru með Comptia A+ eða reynsla af bilanagreiningum og viðgerðum á tölvum og tengdum búnaði.

Okkar bestu tæknimenn eru áhugasamir og vandvirkir auk þess sem þeir eiga gott með samskipti við viðskiptavini og starfsmenn innan fyrirtækisins við úrlausn mála.

Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu okkar www.tl.is

tl.is



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



Meginhlutverk Norðurorku hf. er að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu.

Norðurorka hf. rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri og hita- og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

Norðurorka hf. óskar að ráða verkefnastjóra á framkvæmdasvið

Framkvæmdasvið sinnir uppbyggingu, rekstri og viðhaldi veitukerfa, ásamt stýringu og vöktun. Norðurorka hf. tók við fráveitukerfi Akureyrar um áramótin og áætlað að byggja skólphreinsistöð á næstu árum. Auk almennra sérfræðivinnu á framkvæmdasviði verður meginverkefni nýs verkefnastjóra að hafa umsjón með fráveitukerfinu, skipulagi rekstrar, hönnun og uppbyggingu nýlagna, hönnun og endurnýjun í eldri hverfum og hönnun og uppbyggingu hreinsistöðvar.

Við leggjum áherslu á öruggan og hagkvæman rekstur allra veitna sem jafnframt felur í sér þróun þeirra og tæknivæðingu. Við leitum að sérfræðingi sem er tilbúinn til að taka þátt í þessum verkefnum með sérstakri áherslu á þróun og uppbyggingu fráveitunnar.

Starfið heyrir undir sviðsstjóra framkvæmdasviðs.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Uppbygging, rekstur og viðhald veitukerfa með sérstakri áherslu á fráveitukerfi.
- Skilgreining og innleiðing á verkferlum fráveitu.
- Aðlögun fráveitu að vottuðu gæðakerfi Norðurorku hf.
- Samskipti við hönnuði og ráðgjafa.
- Önnur verkefni eftir ákvörðun yfirmanns.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sam-bærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla í rekstri og/eða hönnun fráveitukerfa er æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsjón með ráðningu hefur Guðrún Björg Harðardóttir (gbh@no.is).

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á netfangið gbh@no.is. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og afrit af prófskírteinum.

Norðurorka hf.

www.no.is – sími 460-1300

Heimakynningar - Aukatekjur

Fyrirtæki á sviði heilsu og húðumhirðu, leiðandi á markaðnum á sínu sviði á heimsvísu. Erum að leita að konum til að halda heimakynningar. Öll þjálfun og stuðningur í boði. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Góðir tekjumöguleikar. Möguleiki á vaxandi tekjum til framtíðar.

Áhugasamir hafið samband:
820-4122 eða heimakynning@gmail.com



Verktakar athugið

Erum að fara byggja yfir 100 íbúðir á næstu tveimur árum.

Óskum eftir verktökum í eftirfarandi verkþætti:

- Húsasmiðameistara
- Raflagnameistara
- Pípulagnameistara
- Jarðverktaka
- Múrarmeistara

Áhugasamir hafið samband:

Framtak | BS eignir ehf
olipall@bseignir.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Lögmannsstofa í Reykjavík

Helstu verkefni:

- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Ritvinnsla
- Almenn skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Haldgóð þekking og reynsla á færslu bókhalds
- Góð þekking á DK bókhaldskerfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið bokhald@lotuslogmenn.is fyrir 7. febrúar n.k.

ÚTBOÐ

Ný útbod í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Hverfisgata endurgerð, Vitastígur - Snorrabraut,

EES útbod nr. 13152.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum 2014

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram fyrr en innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að framhaldsskólar, nemendur og foreldrar fái meira svigrúm til að undirbúa framhaldsskólavistina.

Innritað verður frá 3. febrúar til 28. febrúar 2014. Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast seinna.

Umsækjendur sækja veflykil á menntagatt.is. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nánari leiðbeiningar um rafræna innritun er að finna í bréfi til nemenda og forráðamanna nemenda sem afhent verða í grunnskólum landsins og einnig má finna á slóðinni menntagatt.is/upplýsingar.

Upplýsingar um starfsbrautir er að finna á vefsíðum framhaldsskóla, hjá forsvarsfólki starfsbrauta og á slóðinni menntagatt.is

Nánari upplýsingar um rafræna innritun á starfsbrautir í framhaldsskólum veitir Ragnheiður Bóasdóttir í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fyrirspurnir má senda á netfangið ragnheidur.boasdottir@mrn.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



ÚTBOÐ

Strandvegur 30 í Vestmannaeyjum

ENDURGERÐ OG NÝBYGGING, INNAN- OG UTANHÚSS

S30 Fasteignafélag ehf. býður út verkið, þekkingarsetur Vestmannaeyja.

Verkið felur í sér endurbyggingu efri hæðar suðurhluta húsnæðisins að Strandvegi 30 í Vestmannaeyjum, auk endurbyggingar á kjallara og jarðhæðar í norðurhluta samtals um 1540 m². Auk þess felur verkið í sér að byggja nýja hæð ofan á norðurhluta hússins sem er 392 m².

Samtals er verkið 1932 m². Útbod þetta nær til fullnaðarfrágangs, endurgerðar og nýbyggingar. Helstu magntölur eru:

Gröftur	99 m ³
Mótasmíði	200 m ³
Steypa	58 m ³
Stálvirki	13.000 kg
Útveggjaklæðning	435 m ²
Gluggar	217 m ² , 39 stk
Útihurðar	11 stk
Gífsveggir	1500 m ²
Málun	3400 m ²
Gólfefni	1053 m ²

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **1. apríl 2015**.

Áhugasamir aðilar geta nálgast útbodsgögn frá og með **3. febrúar 2014** á skrifstofu Arkís arkitekta Höfðatúni 2, 105 Reykjavík eða með því að senda tölvupóst á Margræti Björgu Guðnadóttur, margret@ark.is og fá gögn á rafrænu formi gegn 5000 króna gjaldi.

Vettvangsskoðun er **7. febrúar 2014**, kl. 14:00.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Arkís arkitekta Höfðatúni 2, eigi síðar en **21. febrúar 2014**, kl. 14.00 en þá verða tilboð jafnframt opnuð.

Verkfræðistofa
Þráinn & Benedikt

ARKÍŚ

TERA



S30 Fasteignafélag ehf.

Strandvegur 30, 900 Vestmannaeyjar Sími: 4811 111 pmj@eyjar.is



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Gæðaeftirlit í þjónustu við fatlað fólk

Óskað er eftir starfsmanni með þroskaþjálfamenntun eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi til að annast gæðaeftirlit á starfsstöðvum fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ/Kjósarhreppi. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs. Vinnustöð verður í Hafnarfirði.

Um er að ræða:

- 50% starfshlutfall.
- Spennandi, lærdómsríkt og framsækið starf.

Helstu verkefni:

- Heimsóknir á heimili, vinnustaði, úrræði eftir skóla og skammtímvistarir fatlaðs fólks.
- Gagnasöfnun.
- Skýrslugerð.
- Tillögur um úrbætur.
- Vinna samkvæmt gátlistum.
- Kynning niðurstaðna.

Hæfniskröfur:

- Menntun í þroskaþjálfun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Þekking á málefnum fatlaðs fólks er skilyrði.
- Reynsla af störfum með fötludu fólk nauðsynleg.
- Góðir hæfileikar til manlegra samskipta nauðsynlegir.
- Sveigjanleiki og jákvætt viðmót.
- Skipulagshæfileikar og samvirkusemi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

- Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi til umráða bíl til nota í starfi sínu.
- Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Upplýsingar veitir: Hrönn Hilmarsdóttir, þroskaþjálfari, á netfanginu hronnhilmars@hafnarfjordur.is.

Umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið hronnhilmars@hafnarfjordur.is undir yfirskriftinni „Gæðaeftirlit í þjónustu við fatlað fólk“.

Umsóknarfrestur er til og með **15. febrúar 2014**.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Veitingastaðir -smurbrauðstofur- sushi-kaffihús !

Við rekum stóran og vel tækjum búinn veitingastað og viljum fá til samstarfs eða kaupa lítinn veitingastað eða smurbrauðstofu.

Senda inn á box@frett.is merkt „Hagræðing“



Tónlist.is

Kraumur Tónlistarsjóður / Music Fund

Úthlutun úr Kraumi tónlistarsjóði í apríl 2014

Kraumur tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum fyrir verkefni á sviði íslenskrar tónlistar sem ráðgert er að eigi sér stað árið 2014.

Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 28. febrúar

Kraumur er sjálfstæður sjóður og starfsemi á vegum Auroru Velgerðasjóðs sem hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi og faglegri aðstoð við unga listamenn. Auðveldi tónlistarfólki að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri.

Tónlistarfólk og hljómsveitir úr öllum geirum tónlistar geta sótt um stuðning fyrir verkefni sín. Nánari upplýsingar um áður veitta styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á www.kraumur.is.

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á info@kraumur.is en umsóknum og fylgigögnum skal einnig skila bréfléiðis á Kraumur tónlistarsjóður / Pósthólf 124, 121 Reykjavík.

Auglýsing frá Menningarsjóði Íslands og Finnlands

Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Finnlands og Íslands. Í því skyni veitir sjóðurinn árlega ferðastyrki og annan fjárstuðning. Styrkir verða öðru fremur veittir einstaklingum en stuðningur við samtök og stofnanir kemur einnig til greina. Styrkir til að sækja norrænar eða alþjóðlegar ráðstefnur koma að jafnaði ekki til greina.

- Umsóknarfrestur um styrki úr sjóðnum fyrir tímabilið 1. júní 2014 - 31. maí 2015 rennur út þann 28. febrúar 2014.
- Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum verður tekin fyrir lok maí nk. Athygli er vakin á að nú er einungis hægt að sækja um rafrænt á www.hanaholmen.fi.
- Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku eða norsku.
- Fyrirspurnir má senda á: fonderna@hanaholmen.fi.

Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands.

Um Menningarsjóð Íslands og Finnlands:
www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menningarmal/nr/1837



Verktakar athugið

Erum að fara byggja yfir 100 íbúðir á næstu tveimur árum.

Óskum eftir verktökum í eftirfarandi verkþætti:

- Húsasmiðameistara
- Raflagnameistara
- Pípulagnameistara
- Jarðverktaka
- Múrarmeistara

Áhugasamir hafið samband:

Framtak | BS eignir ehf
olipall@bseignir.is



ABBA fasteignamiðlun sími: 426-9000 kynni til sölu Gistihúsið Fosshól í Þingeyjarsveit.

Staðsett við eina af náttúruperlum landsins, Goðafoss í Skjálfandaflijóti. 21 herbergi í tveimur húsum, hægt að hýsa 54 í gistingu í einu. Veitingasalur fyrir 50 gesti. Frábært tækifæri í ferðaþjónustu. Selt í ehf félagi.

Sjá nánar: <http://abbafast.is>

Verð: 140.000.000



Haraldur A. Haraldsson
lögilltur fasteignasali/viðskiptafræðingur

Dalvegi 16d, 201 Kópavogi

Sími: 426 9000

www.abbafast.is

Styrkir frá NATA



Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu á milli landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til nýsköpunar- og vörupróunarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og upphalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldrá:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum á ensku og dönsku er að finna á vef NATA www.nata.is. Frekari upplýsingar veitir Birita Johansen hjá NATA - nata@industry.fo

Lokafrestur til að skila umsókn er 20. febrúar 2014

og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir í apríl.

Athugið að verkefni með áætluð verklok fyrir 8. apríl 2014 teljast ekki styrkhaef.

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirki í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlega hagsmuna að gæta.



Óskum eftir

Atvinnuhúsnæði til sölu og leigu,
fyrirtækjarekstri, lóðum og
byggingaframkvæmdum
á söluskrá okkar.

Nánari upplýsingar veitir
Árni S. Guðmundsson
s: 898-2018



530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

www.vinna.is



KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR
Fasteignasalan Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 - Fax: 520 9599 - www.fasttorg.is



Sigurður
Gunnlaugsson
Löggiltur
fasteignasali

LINDARSEL 10 - 109 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 1. FEB. KL 14.00 - 14.30



Einbýlishús
Stærð 2 77 fm
Verð: 54,9 m

Fallegt einbýlishús með björtum stofum, falletum garði og miklu útsýni við Lindarsel. Húsið er sérlega hlýlegt þar sem loft eru klædd með falletum panel og innréttingar eru úr ljósri eik. Arinn er í stofu og er glæsilegt útsýni úr stofunum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Ljóst eikarparket á gólfum. Aukaíbúð.

Upplýsingar veitir Óskar gsm 893 2499



Óskar
Bergsson
Sölufulltrúi
gsm: 893 2499



KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR
Fasteignasalan Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 - Fax: 520 9599 - www.fasttorg.is



Sigurður
Gunnlaugsson
Löggiltur
fasteignasali

GÓÐAKUR 1 - 210 GARÐABÆR

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 1. FEB KL 14:00-14:30



OPIÐ HÚS
LAUGARD.
1. FEB KL
14:00-14:30

Stærð 333,6 fm
Verð 75 m

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á bjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarbjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi bjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARBJÓNUSTA

ar með tilliti til þess sem verið er að flytja. Það skiptir líka máli að skipuleggja slíkan flutning í góðu samstarfi við tollayfirvöld svo allt gangi vel fyrir sig. Mikill undirbúningur og náð samstarf við marga aðila er nauðsynlegt til að verkin gangi upp og stundum krefjast verkefni þess að unnið sé allan sólarhringinn.“

Krefjandi verkefni

Flutningar til og frá Grænlandi hafa líka verið hluti af starfsemi Jónar Transport undanfarin ár. Kristján segir slík verkefni oft mjög krefjandi enda oft engar vegasamgöngur milli byggðarkjarna og siglingar til byggðarlaga á austurströndinni leggjast niður stóran hluta ársins vegna hafíss. „Því er mikilvægt að þekkja vel allar lausnir sem í boði eru og geta brugðist við breytingum sem verða með skömmum fyrirvara, meðal annars vegna snögggra veðurbreytinga. Við höfum byggt upp sterkt tengslanet sem nær til allra byggðarkjarna á Grænlandi og vinnum í samstarfi við sterka innlenda aðila þar en við bjóðum upp á mjög hagstæðar flutningslausnir bæði á sjó og í lofti.“

Kærkomin vítamínsprautu

Erlend kvikmyndaverkefni hafa verið kærkomin vítamínsprautu fyrir íslenskt efnahagslíf á síðustu árum og um leið verið gríðarlega mikilvæg landkynning fyrir ferðamannaíðnaðinn. Jónar Transport hefur lagt allt kapp á að veita þessum verkefnum framúrskarandi þjónustu hvenær sem er sól-



arhringsins enda þurfa allir hlutir að vera á réttum stað á réttum tíma þegar tölur hefjast. „Flutningar vegna kvikmyndaverkefna eru mjög sértækir þar sem flutningstíminn er jafnan í forgrunni. Búnaðurinn er einnig oft mjög dýrmætur og viðkvæmur og því þarf að huga vel að þökkun, merkingum og flut-

ingsleiðum.“ Frá árinu 2011 hefur Jónar Transport séð um flutninga fyrir sjö stórar Hollywood-myndir sem og fleiri minni verkefni. Sumarið 2012 var hins vegar minnisstætt fyrir þær sakir að fjórar stórmýndir frá Hollywood voru teknar upp á landinu; Oblivion, Noah, The Secret Life of Walter Mitty og Thor 2.



Lykilatriði er að finna réttu vélarnar í verkefni og réttu stærðirnar með tilliti til þess sem verið er að flytja. Einnig skiptir máli að skipuleggja flutning í góðu samstarfi við tollayfirvöld. MYND/UR EINKASAFNI



s Jóns

Pakkað og flutt á skilvirknan máta

Margir fyllast kvíða yfir því að þurfa að pakka og flytja heila búslóð. Sérstaklega getur það sýnst óvinnandi verk eftir margra ára búsetu á sama stað enda safnast óhjákvæmilega ýmislegt í geymslur og skápa sem fara þarf í gegnum fyrir flutninga. Gott er að fylgja nokkrum reglum við undirbúning flutninganna en lykilatriði er þó að hafa tímann fyrir sér.

1. Sankaðu að þér öllu því sem er nauðsynlegt til að gera pökkunarstarfið auðveldara.

Sterkir kassar í nokkrum stærðum
Kúluplast
Dagblöð
Skæri
Sterkt límband og statíf
Merkimiðar
Merkipenni

2. Pakkaðu þungum hlutum á borð við bækur í minni kassa svo þeir verði ekki of þungir. Í stærri kössum skulu þyngri hlutir vera neðst og þeir léttari efst. Pakkið hverjum hlut í dagblöð eða kúluplast ef þeir eru viðkvæmir. Ekki pakka of miklu í kassa svo hætta sé á að hann fari á límingunum. Ef of rúmt er um hluti í kassanum, fylltu þá upp í hann með dagblöðum eða öðru viðlíka.

3. Pakkaðu öllu því sem á að fara í sama herbergi í sama kassa og merktu hann herberginu. Það auðveldar leikinn þegar tekið er úr kössum að vita í hvaða herbergi hann á að fara. Taktu fyrir eitt herbergi í einu, pakkaðu fyrst litlum munum til að koma þeim frá. Merktu á kassann hvað er í honum.



Sankaðu að þér öllu því sem er nauðsynlegt til að gera pökkunarstarfið auðveldara.
NORDICPHOTOS/GETTY



” Ef gott skipulag er haft að leiðarljósi frá upphafi flutninga ganga þeir yfirleitt mun betur en ef öllu er hent óflokkuðu í kassa.

4. Pakkaðu og merktu kassa sem opna á fyrst af öllum þegar komið er á áfangastað. Í kassanum eiga að vera ómissandi hlutir sem notaðir voru fram á síðasta dag, líkt og uppþvottalögur, klósettpappír, plastdiskar og hnífapör og ýmislegt það sem fjölskyldan þarf að nota áður en hægt er að taka upp úr öllum kössunum.

5. Þegar farið er í gegnum eldhúsið er best að losa sig við allt sem ekki er verið að nota. Settu lausa hluti á borð við hnífapör og annað smálegt úr skúffum í dósir, box og önnur ílát. Nýttu líka glæra poka með rennilás til að geyma ýmislegt smálegt.

6. Þegar stærri hlutir eru teknir í sundur, á borð við borð, hillur og skápa, er gott að geyma verkfæri í einum vel merktum poka eða kassa til að auðvelda samsetningu á nýja staðnum. Skrúfum er gott að tylla og jafnvel líma aftur í þau göt sem þær eiga að vera í.

7. Settu allan rafeindabúnað eins og fjarstýringar, millistykki og straumbreyta á einn stað.

8. Staflaðu kössunum þegar búið er að loka þeim. Gott er að nýta eitt herbergi undir kassana, þannig er hægt að klára að þrifa hinn hluta hússins.



Það er alltaf einn Jón í hverri höfn

Flutninganet Jóna Transport er þétttriðið og viðfeðmt. Reyntslumiklir og viðurkenndir samstarfsaðilar okkar tryggja að við getum látið sækja eða senda vöruna heim að dyrum birgja, nánast hvar sem er í heiminum og komið henni í skip eða flugvél eftir þörfum. Þegar mikið liggur við borgar sig að þekkja allt rétta fólk.

Jónar
Transport

Flutningstæknir með 30 ára starfsreynslu

Flutningur.is tekur að sér vörudreifingu og almenna búslóðaflutninga. Flutningur.is er með átta sendibíla, bæði litla og stóra, kranabíla og hvers kyns léttitæki.

Sendibílastöðin Flutningur.is býður upp á alhliða flutninga og bílstjórar fyrirtækisins taka að sér ýmis verkefni. „Við bjóðum upp á allar stærðir sendibíla og einsetjum okkur að veita trausta, örugga og umfram allt góða þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga,“ segir Kristján Kristjánsson flutningstæknir. „Bílaflotinn hjá okkur er fjölbreyttur og bílstjórnarnir hafa góða þekkingu og reynslu af flutningum, vörudreifingu og hvers kyns aðstæðum sem komið geta upp varðandi flutninga og akstur. Sjálfur er ég búinn að vera í þessum bransa í þrjátíu ár og ætti að vera búinn að öðlast einhverja tækni.“

Nú er verið að taka í notkun gámaflutningabíl fyrir tuttugu feta gáma hjá Flutningur.is og stendur til að bjóða upp á þá nýbreytni að fá gám á staðinn. „Þannig getur fólk haft sína hentisemi. Þetta kemur sér vel fyrir þá sem þurfa að afhenda sína íbúð strax en fá ekki nýju íbúðina afhenta fyrir en seinna. Líka fyrir þá sem vilja raða í gáminn í rólegheitum og vilja ekki flytja í einum hveli.“

Flutningur.is hefur öll nauðsynleg léttitæki sem til þarf í flutninga hvort heldur sem er á vörum, bílum, búslóðum eða vélum. „Við tjöldum



því sem til þarf hverju sinni. Við tökum að okkur margslungin verkefni, til dæmis höfum við tekið þátt í gerð auglýsingamynda fyrir bíla og sáum þá um að flytja bílana og einnig voru bílarnir okkar notaðir sem verkstæði. Þetta er lýsandi dæmi um það hversu fjölbætt verkefni við tökumst á við,“ segir Kristján.

Einnig er hægt að leigja búslóðalyftu hjá fyrirtækinu og má sjá kynningarmyndband á heimasíðu Flutnings.is þar sem hægt er að sjá hvernig lyftan virkar. Þá má einnig fá afnot af stórum sendibílum þar sem opna má aðra hlið bílsins

Kristján og félagar hjá Flutningur.is flytja meðal annars búslóðir og pianó og sinna fjölbreyttum öðrum verkefnum.

alveg upp á gátt. „Það er mjög gott til dæmis við lestun vörubretta en Flutningur.is tekur að sér vörudreifingu ásamt almennum búslóðaflutningi og pianóflutningum.“



Nánari upplýsingar um fyrirtækið má fá á heimasíðu þess, Flutningur.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T




PEUGEOT 208

3,4 L/100KM



Myndin sýnir Peugeot 208 i Allure útfærslu.

Kíktu á nýja heimasíðu
peugeot.is



PEUGEOT 208

KOSTAR FRÁ KR.

2.390.000



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,3** til **4,5**L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá **85** til **104**.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

PESSAR EIGA SAMANLAGT 36 GRAMMY-VERÐLAUN

Fimm öflugar tónlistarkonur voru á meðal verðlaunahafa á nýafstaðinni Grammy-verðlaunahátíð sem var haldin í Los Angeles.



15 Alicia Keys hefur unnið til fimmtán Grammy-verðlauna, nú síðast fyrir bestu R&B-plötuna, *Girl On Fire*.



10 Adele hefur fengið tíu Grammy á ferli sínum, nú síðast fyrir besta lag samið fyrir sjónræna miðla, *Skyfall*.



7 Rihanna hefur hlotið sjö Grammy-verðlaun á ferli sínum, nú síðast fyrir bestu samtímaplötuna, *Rihanna Unapologetic*.



2 Lorde hlaut sín fyrstu Grammy-verðlaun um síðustu helgi fyrir bestu popp-sólóframmi-stöðuna og lag ársins, *Royals*.



2 Kacey Musgraves hreppti sín fyrstu Grammy-verðlaun fyrir bestu kántríplötuna, *Same Trailer Different Park*, og besta kántrílagið.

YFIRHEYRSLAN HILDUR INGVELDARDÓTTIR GUÐNADÓTTIR SELLÓLEIKARI OG TÓNSKÁLD

Talaði við snigla í garði í Amsterdam

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt? Að ég sé lágvaxnari en ég er.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Ég get ekki greint frá því opinberlega af því það er leynipartítríki mitt, en það hefur með hnefa að gera.

3 Hvað kemur út á þér tár-unum? Ég er svo væmin týpa að það þarf lítið til að fá mig til að gráta. Að horfa á vini mína spila á tónleikum vökvar oft hvarmana mína.

4 Hvað gerir þig pirraða? Flug-vökvabannið. Það gerir mig alveg brjálaða.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Naggatapas.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Alveg örugglega.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Hljóðin í syni mínum sem er að læra að tala.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Oftast geri ég jóga eða vinn aðeins. Annars reyni ég nú að fara ekki svo seint að sofa sjálf.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Sherlock Holmes.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valiinu? Ég myndi taka eina af fjölmörgu jógabókunum mínum, ég myndi þurfa að úllendúllendoffa eina af plötunum hans Skúla Sverris, og sömuleiðis myndi ég úllendúllendoffa gömlu Woody Allen-myndirnar.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Að sitja úti í bakgarði í Amsterdam og tala við snigla.

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Ég hef aldrei gert neitt annað en að spila tónlist, svo mér finnst líklegast að ég verði bara að spila tónlist.

13 Popp eða klassik? Absólút hvort tveggja og öll tegund tónlistar. Allt er betra.

14 Hver var æskuhetjan þín? Ömmur mínar og Madonna.

15 Er ást í tunglinu? Ég hélt að væri alltaf talað um ost í tunglinu?

→ Gerir sólóplötu

Hildur er að undirbúa nýja sólóplötu sem kemur út síðar á þessu ári en hún er á samningi hjá breska útgáfufyrirtækinu Touch. Hún er einnig að vinna að kvikmyndatónlist með Jóhanni Jóhannssyni. Tónverk eftir Hildi var frumflutt á tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum í gær. Á meðal flytjenda sem hún hefur starfað með eru Skúli Sverrisson, The Knife, Jóhann Jóhannsson, Nico Muhly, Valgeir Sigurdsson, Ben Frost og Jamie Lidell.

“Ég myndi þurfa að úllendúllendoffa eina af plötunum hans Skúla Sverris, og sömuleiðis myndi ég úllendúllendoffa gömlu Woody Allen-myndirnar.



Heldriborgarar athugið! (60+)

Verið velkomin í Hlíðasmára 19!

Sunnudaginn 2. febrúar á milli kl. 13-15. Veitingar í boði og heitt á könnunni. Hlökkum til að sjá þig!

SUMAR  FERÐIR

HLÍÐASMÁRI 19, KÓPAVOGI | 514 1400 | www.sumarferdir.is

ADRIA Í VÍKURVERK

Kynning um helgina.

Víkurverk er umboðsaðili fyrir ADRIA á Íslandi.
Við kynnum 2014 árgerðin af ADRIA hjólhýsum.
Opið laugardag og sunnudag 12 til 16.
Verið velkomin, það verður heitt á könnunni.





Illugi Jökulsson hreifst í æsku af sögunni góðu um Ísraelsmenn sem brutu niður múra Jeríkó með lúðrablæsti en las ekki framhaldið fyrir en löngu síðar.

Heldurðu ekki að þú verðir bara prestur?“ spurði afi minn einu sinni. Hann var sjálfur prestur, séra Jakob, merkisklerkur í Reykjavík á sinni tíð, og ég held að honum hafi í aðra röndina leiðst að enginn af sonum hans þremur hafi fetað í fótspor hans.

Sjálfur var hann kominn af prestum langt aftur í ættir. En fyrst synirnir fengust við annað, þá batt hann vonir sínar við barnabörninn, líklega helst okkur strákana, því þá var enn engin kona orðin prestur á Íslandi, þótt afi hafi reyndar verið með frjálshyndustu prestum og áreiðanlega ekkert haft á móti því. En þá spurði hann sem sagt mig hvort ég yrði ekki bara prestur.

Ég var að mig minnir bara sex ára eða þar um bil og í heimsókn hjá afa og ömmu, og fannst mikið alvörumál að vera spurður um það – þótt auðvitað hafi afi fyrst og fremst verið að gera að gamni sínu, og erfði það aldrei við mig seinna að ég fór ekki í guðfræði. En þegar hann spurði sem sé, þá tók ég þetta afar háttíðlega og fannst að ég yrði að kynna mér málið vandlega, ef þetta yrðu nú örlög mín, að ganga um í svartri hempu með pípukraga og lesa eitthvað upp úr Biblíunni eins og afi gerði. Og ég fór að fletta þykku Biblíubókum sem afi átti margar og glæsilega myndskreyttar og þar rakst ég á þá mynd sem fylgir þessari grein, þetta er mynd af því þegar Ísraelsfólk undir forystu Jósúa lagði undir sig Jeríkó með því að blása í lúðra.

Móse drekkti her faraós

Hún dúkkaði óvænt upp í tölvunni minni um daginn þegar ég var að skoða eitthvað allt annað en Biblíusögur, þá mundi ég svo greinilega eftir því að hafa rannsakað hana í krók og kring þegar ég var strákur. Og hrifist af – það var engin smáræðis hugmynd að fella borgarmúra með lúðrablæstri.

Ég kunnir þegar söguna í stórum dráttum og kynnti mér hana betur í Biblíusögubók



LÚÐRABLÁSTUR VIÐ JERÍKÓ

„OG ÞANNIG NÁÐU ÍSRAELSMENN BORGINN“

sem rak á fjörur mínar. Ísraelsmenn höfðu verið lengi búsettir í Egyptalandi þar sem þeir voru kúgaðir og smáðir þegar á leið dvölna. Að lokum leiddi Móse þá burt úr landi, drekkti her faraós í leiðinni og eftir furðu langan tíma í eyðimörkinu var allur hópurinn kominn aftur til Palestínu, þar sem Ísraelsmenn höfðu búið nokkrum öldum fyrir. Nema hvað þá var fólk fyrir í landinu og neitaði að lyppast niður undan Ísraelsmönnum. Íbúar í Jeríkó skelltu til að mynda borgarhlidum sínum í lás og töldu sig örugga bak við háa múrana. Þá var Móse dauður og Jósúa orðinn foringi Ísraelsmanna í staðinn, guð sagði honum að láta menn sína marsera umhverfis borgarmúrana í sjö sólarhringa og blása í lúðra og að því búnu féllu múrarnir.

Trúfesta Ísraelsmanna

„Og þannig náðu Ísraelsmenn borginni.“ Þannig lauk minnir mig orðrétt kaflanum

í Biblíusögubókinni þar sem ég las þetta. Gláður lesandi vissi að Ísraelsmenn höfðu stigið stórt skref í viðleitni sinni til að endurheimta Palestínu.

Barninu mér fannst þetta sem sagt hrifandi saga og myndin úr bókinni hans afa sérlega dramátísk, sjáid bara hvernig turnarnir eru að byrja að falla! Ég áttaði mig á því seinna að í Biblíusögum er sagan látin vera til marks um trúfestu Ísraelsmanna, guð launaði þeim með Jeríkó fyrir að trúa stöðugt að lúðrablasturinn myndi verða til þess að múrarnir féllu. Þannig er sagan líka túlkuð á Biblíuvefjum nútímans. Ég er búinn að skoða nokkra, flesta í Ameríku, og alltaf lýkur sögunni eins: „Og þannig náðu Ísraelsmenn borginni.“

Nú er það svo að ein stór hindrun í vegi þess að ég yrði prestur eins og afi vonaði kanski í alvöru, hún var sú að ég fann aldrei í brjósti mér vott af nokkurri trú en hana taldi ég að prestar hlutu að þurfa. Í staðinn var það sagan og þó líka sjálf náttúrufræðin í sögunni um múrana um Jeríkó sem höfðaði til mín. Hvernig í ósköpum gat þetta gerst? Þegar ég eignaðist á næstu árum ýmsar fjölfræðibækur við barna hæfi þá skoðaði ég alltaf kaflanum um hljóðbylgjur af sérstakri athygli. Gat verið að einhver veginn hefði tekist að magna þær svo upp í lúðrum Ísraelsmanna að þess vegna hefðu múrarnir hrundið? Og ég kinkaði hugsandi kalli þegar ég las nokkrum árum seinna bókina Voru guðirnir geimfarar? eftir Erich von Däniken þar sem hann ályktaði að hrun múrana hefði stafað af því að Ísraelsmenn hefðu fengið einhver ógurleg háþróuð hljóðbylgjuvopn að láni hjá vinum sínum geimbúnum. Í einhver misseri taldi ég slíkt vel hafa getað átt sér stað.

Drápu allt í borginni

En svo leið tíminn, ég hætti að velja þessu fyrir mér, hætti að skoða myndabækurnar hans afa, hætti að lesa Biblíusögurnar, og hætti (með heilmiklum trega þó) að trúa á kenningar Erichs von Däniken). Sagan um Jósúa og lúðrasveit hans við Jeríkó blundaði bara einhvers staðar í minninu sem táknmynd um trúfestu og mikilfengleik guðs og gæsku hans við sitt fólk, þótt ég sjálfur tryði engu í þá áttina.

„Og þannig náðu Ísraelsmenn borginni.“ Nema hvað löngu seinna fór ég af rælni að lesa sjálfa Jósúabók Biblíunnar þar sem frá þessu er greint. Og þá gaf á að líta. Framhaldið er svona: „Allt sem í borginni var helguðu þeir banni, karla og konur, unga og gamla, nautgripi, sauðfé og asna, allt helguðu þeir banni með sverðseggjum.“

Þannig er þetta orðað í nýju Biblíubýðingunni sem er fárra ára gömul. En hvað þýðir þetta „helguðu þeir banni“? Er þetta vísitandi tilraun þýðendanna til að draga fjöður yfir hvað raunverulega gerðist? „Að helga einhvern banni“ hljómar eins og tiltölulega saklaus athöfn. Í gömlu Biblíubýðingunni er orðalagið aðeins harðneskjulegra: „Og þeir

bannfærðu allt sem í borginni var... með sverðseggjum.“

En jafnvel þetta segir ekki alla söguna. Það sem Ísraelsmenn gerðu var einfaldlega að drepa allt sem í borginni var. Karla og konur, unga og gamla, og auk þess blessaðar skepnurnar.

Fjöldamorðið í Aí

Sömu meðferð fá íbúar fleiri borga af hálfu guðs og Jósúa. Hinir ógæfusuðu íbúar í Aí eru oft nefndir til sögunnar: „Ísraelsmenn hjuggu Aímenn til síðasta manns, enginn varð eftir og enginn bjargaði sér á flotta... Tólf þúsund féllu þennan dag, karlar og konur, allir íbúar Aí.“ Sumir guðfræðingar hafa reynt að réttlæta fjöldamorðið í Aí með því að íbúar þar og í nærliggjandi borgum hafi dýrkað grimma guði eins og Baal sem krafðist mannfórna. Því er þá til að svara að heimildir um hinar grimmilegu mannförnir sem Baal heimtaði eru ærið vafasamar. Vel getur verið að Baal hafi stundum heimtað mannsblóð; það hafa nálega allir guðir gert fyrir eða síðar. En heimildir um grimmdina og ólífnaðinn sem fylgdi Baalsdýrkun eru raunar fyrst og fremst komnar úr Gamla testamentinu – sennilega hefur hann ekki verið hótinn grimmi en til dæmis Gamlatestamentisguðinn sjálfur.

En fleiri en íbúar Aí máttu þola hörð örlög, segir í Biblíunni. Dæmi af handahófi: Lífna: „Jósúa hjó niður alla sem í henni bjuggu, allt kvíkt, með sverðseggjum.“

Hóram: „Jósúa... lét engan flóttamann sleppa.“

Hebron: „Jósúa felldi með sverðseggjum alla íbúa borgarinnar... allt lífandi í henni og í borgunum umhverfis Hebron, engan flóttamann létu þeir sleppa.“

Og þannig mætti lengi telja. Í 11. kapitula Jósúabókar kemur meira að segja persónuleg skipun frá guði um að Jósúa skuli láta skera á hásinar hestanna sem andstæðingarnir beita fyrir stríðsvagna sína – ekki einu sinni skynlausar skepnur njóta miskunnar guðs.

Sennilega allt uppspunni

Hvernig það má vera að sögur um Jeríkó og aðrar borgir þar um slóðir séu tákn um gæsku og mikilfengleik guðs, það skildi ég náttúrulega ekki eftir að hafa lesið þetta. Og þegar þarna var komið sögu var afi minn dáinn svo ekki gat ég spurt hann hvernig hann leit á málið. En allra skrytnast er þó að sennilega er allt saman uppspunni. Fornleifafræðingar hafa ekki fundið nein merki um hrunda múra Jeríkó-borgar frá þeim tíma sem hér um ræðir, og heldur ekki um fjöldamorð aðkomumanna líkt og Biblían greinir frá að Jósúa hafi staðið fyrir. Á einhverjum tímum hafa skrifað Ísraelsmanna sem sagt talið æskilegt að ljúga upp á sjálfa sig því líkum fjöldamorðum sem Jósúabók skýrir frá. Það er næstum því enn óskiljanlegra en að fremja slík fjöldamorð í raun og veru.



Jafnréttisviðurkenningin 2014

Jafnréttisráð óskar eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2014.

Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála. Í ár stendur til að veita tvær viðurkenningar. Eina til fyrirtækis, sveitarfélags eða stofnunar og aðra til einstaklings, hóps eða félagasamtaka.

Rökstuðningur vegna tilnefningar skal fylgja með. Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum. Til að koma til álita við veitingu Jafnréttisviðurkenningarinnar þarf viðkomandi aðili að vera tilbúinn að taka á móti fulltrúum Jafnréttisráðs og svara spurningum þess.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en **13. febrúar 2014** til Jafnréttisráðs, á heimilisfangið Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, eða tölvupósti jafnretti@jafnretti.is.

“Og ég kinkaði hugsandi kalli þegar ég las nokkrum árum seinna bókina Voru guðirnir geimfarar? eftir Erich von Däniken þar sem hann ályktaði að hrun múrana hefði stafað af því að Ísraelsmenn hefðu fengið einhver ógurleg háþróuð hljóðbylgjuvopn að láni hjá vinum sínum geimbúnum.”

next

ÚTSALA

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

200%

VIÐBÓTAR-
AFSLÁTTUR*
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

400% AFSLÁTTUR

* Viðbótarafsláttur reiknast af afsláttarverði vöru. Demó: Verð kr. 5.000 x 60% afsláttur = verð kr. 2.000 x 20% viðbótarafsláttur = verð alls kr. 1.600

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.



Fylgstu með okkur á Facebook

	OPIÐ
mán. - mið.	10:00 - 18:30
fimmtudaga	10:00 - 21:00
föstudaga	10:00 - 19:00
laugadaga	10:00 - 18:00
sunnudaga	13:00 - 18:00

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Konráð og félagar á ferð og flugi ⁸¹

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Hér segir að það sé falið nafn á mánuði í þessari mynd,” sagði Kata vantrúuð. „Þetta finnst mér grunsamlegt, það er ekkert nafn á neinum mánuði svona.” Lísaloppa horfði rannsakandi á myndina. „En þetta er líka þraut,” sagði hún. „Það er eitthvað sem við eigum að gera til að geta fundið mánaðarnafnið,” bætti hún við. „Já,” sagði Kata. „En ekki get ég séð hvernig það er gert, ég get ekki einu sinni lesið þetta.”

Getur þú hjálpað Kötunni og Lísuloppu að leysa þessa þraut og fundið nafn á mánuði út úr myndinni?



Brandarar

Hvers konar terta er þetta?
Djöflaterta.
Nú, ég hélt að þú hefðir ætlað að baka englatertu.
Já, en hún féll.

Ég heyrði að þú ættir kött sem gæti sagt nafnið sitt.
Já, það er víst.
Og hvað heitir kötturinn?
Mjá.

Mamma! Get ég fengið líftinn bróður?
Nei, Dísu mín, af hverju biður þú mig um það?
Æ, það er svo tilbreytingarlaus til lengdar að stríða kettinum.

Veistu hvað pabbi sagði þegar ég bað um fullkomna tölvu í jólagjöf?
Nei.
Hvernig vissirðu?

Hvað er þorri?

Þorri er byrjaði á bóndadaginn og lýkur á konudaginn. En hver er þessi þorri?

Þorri er eitt af gömlu íslensku mánaðaheitunum. Þorri er fjórði mánuður vetrar og hefst á bónda-degi á föstudegi í 13. viku vetrar, sem getur verið á bilinu 19. til 26. janúar. Þorranum lýkur á þorra-þræl sem er laugardagurinn fyrir konudag og tekur þá góa við.

Mánaðarheitið þorri er sennilega þekktast af gömlu mánaðarheitunum í dag því hann tengist ýmsum hefðum sem enn er viðhaldið eins og bóndadegi, en þá tíðkast að gefa bóndanum blóm eða gera vel við hann á annan hátt. Þorramaturinn er kominn í búðir áður en þorri sjálfur gengur í garð og finnst mörgum ómissandi að gæða sér á gómsætum hrútsþungum, lundabagga, hákarli, og fleiru. Landsmenn gera sér glaðan dag á þorrablotum með því að snæða þorramat í ómældu magni og hlýða á skemmtiatriði ýmiskonar.

Forníslenskt tímatal var reiknað í vikum og miss-



ÞORRINN Þótt það sé kalt á þorranum getur verið gaman. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

erum. Sumarmánuðirnir eru: harpa, skerpla, sól-mánuður, heyannir, tvímánuður, haustmánuður. Vetrarmánuðirnir eru: gormánuður, ýlir, mörsugur, þorri, góa, einmánuður. Heimild: Orðabók Háskólans

Bóklestur, töfrabrögð og trommuleikur

Eyþór Alexander Hallsson á Laugum í Pingeyjarsveit sigraði í sínum aldursflokkum í vísnaðsamkeppni grunnskólanna. Auk þess að yrkja á hann mörg áhugamál.

Hvar átt þú heima? „Á Laugum í Pingeyjarsveit.“

Hvað ertu gamall og í hvaða bekk ertu? „Ég er tólf ára og er í sjöunda bekk.“

Eru margir krakkar í þínum bekk? „Nei, við erum bara sex.“

Hver eru helstu áhugamálin þín? „Ég hef gaman af því að sýna töfrabrögð, leysa rubik-teninga og spila bæði á píanó og trommur.“

Svona er verðlaunavísan sem varð til þegar Eyþór botnaði fyrripart Ragnars Inga:

Ligg ég hér og les í bók, létt er mér í skapi. Eyðir skrímslum Ofurbrók, áttum þó hann tapi.

Hefurðu gaman af vísunum? „Ég hef gaman af vísunum, sérstaklega að búa þær til.“

Eru einhver skáld í kringum þig? „Pabbi og afi yrkja oft vísur.“

Lærir þú vísnaðerð í skólanum á Litlu-Laugum? „Hún hefur eitthvað verið kennd en ekki mikið.“

Lest þú mikið? „Já, ég les mikið af bókum og hef gaman af því.“

Áttu þér uppáhaldsbók? „Já, bækurnar eftir Ole Lund Kirkegaard.“

Er þessi Ofurbrók sem þú yrkir um í vísunni persóna í bók?

„Já, í bókunum um Kaftin Ofurbrók sem eru eftir Dav Pilkey.“

Hvað fékkst þú í verðlaunum í vísnaðsamkeppni? „Ég fékk bókina Draumasverð eftir Kjartan Ingva og Snæbjörn.“

„Ég hef gaman af vísunum, sérstaklega að búa þær til.“

EYÞÓR ALEXANDER „Ég hef gaman af vísunum, sérstaklega að búa þær til,” segir Eyþór.



TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Allir leysa léttu þraut

Vísuþotnar frá 288 nemendum í 32 skólum bárust í vísnaðsamkeppni grunnskólanna sem Námsgagnastofnun efndi til í haust.

Einum nemanda á hverju stigi grunnskólanna voru veitt bóka-verðlaun og viðurkenningarskjal fyrir besta vísuþotninn sem sendur var inn í vísnaðsamkeppni Námsgagnastofnunar. Fyrripartana orti Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Brimir J. Búason var hlutskarpastur á yngsta stigi, hann er nemandi í Pingeyjarskóla í Pingeyjarsveit, deild Litlu-Laugaskóla. Svona er vísan með botninum hans:

Sjáið hvernig sólin skín, sendir geisla inn til mín. Máninn stóri mætir senn með stjörnur líkt og fylgdarmenn.



BRIMIR Lagði áherslu á efnistöð og rím eins og fyrir yngsta stigið var lagt.

Á unglingsstigi fékk Ragna Benedikta Steingrimsdóttir, nemi í Brekkubæjarskóla Akranesi, verðlaun fyrir sinn vísuþotna:



RAGNA Hljóðstafir og rím voru áhersluatriði á unglingsstigi.

Létt er okkar lærdómsbraut, líður brátt að jólu. Allir leysa léttu þraut í lífsins góðu skólum.



Vnr. 52246316
HONSEL VISO loftljós,
70x30 cm, 3xE14.
29.995 kr.

**LÝSTU UPP
HEIMILIÐ**

Úrval af fallegum ljósum og
lömpum til að fegra heimilið.



52236015/33
Loftljós, 5 arma E14, 45 cm þver-
mál, 38 cm hátt, hvítt eða svart. **19.995** kr.



Vnr. 52237289
NETTUNO loftljós, E27,
45 cm, 60W. **32.995** kr.



Vnr. 52248043
Loftljós hvítt, 50 cm.
13.995 kr.



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 52233848-50
KINGSTON gólfampi
með dimmi, 300W
og 42W, 180 cm.
12.995 kr.



Vnr. 52248046
Loftljós, E27,
53W, 25 cm, hvítt.
6.995 kr.



Vnr. 52237595
VICENZA lampi,
44 cm, E14, hvítt/króm.
7.995 kr.



Vnr. 52248042
ANANAS loftljós.
12.995 kr.




Vnr. 52215053
DALLAS loftljós frá COLORS,
18 cm, G9 halógen.
7.995 kr.



Vnr. 52237690/434
BERGAMO ljósakróna,
5xE14, 42W, fimm arma.
Einnig til hvít.
19.995 kr.



Vnr. 52237297
MADRID loftljós, G9,
króm, 5x42W.
29.995 kr.



Vnr. 52237023-7
TOUCH borðlampi, 5 litir,
E14, 42W með snertidimmi.
9.995 kr.



Vnr. 52237518
Borðlampi með
rósamynstri,
E14, krómskermur.
5.995 kr.


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Yfirdrifið flaustur og fínerí, þetta er nú bara möl (11)
- Vil að þú berir drykk í þær fylkingar sem þú færðist undan (9)
- Áfenga eyjajukkið portúgalska fer vel með kjöti (12)
- Örk útlagans svipar helst til kassaræfla (9)
- Rífur niður rótgróin sannindi sem aðrir smíðuðu (8)
- Sköfum lungun úr leggjunum (12)
- Ritarinn innritar (8)
- Smá trall áður en ég þjálfra kryddjurt í að vera varablóm (9)
- Hasar hljóma og eininga (5)
- Vil ekki að þú ryðjist fram með mengun marga (8)
- Rófa er rót Ofvítans (4)
- Allt um táknið og sporin (8)
- Staðfesti í tvígang óra þeirra kvenna sem ég helst kys (13)
- Stór stampur voða og vera (7)
- Jafna krimmakappa við bófabálk (13)
- Mikil geymir grip, það kostar heljarinnar fyrirhöfn (8)
- Læt væl vaða um meltuna (6)
- Himinglóð í svefni jafnt sem vöku (8)
- Hin glæsta borg sem hljómar vel (8)
- Rætur neðan við föng (6)
- Innantóm fullnægjum feittum (8)
- Skjall og skítur hafa hreinsað andrúmsloftið (6)
- Engjablóm eða vallastrá? Nema það sé akurgras? (7)
- Pverhaus eimaði óskir (8)
- Með slátur í matinn (6)

LÓÐRÉTT

- Hið lifandi klink er best í passlegum mæli (11)
- Skorðum mark í kjörnum (10)
- Kássuslappur en mjúkur sem mauk (10)
- Hinn ódjúpi sær nær fljótt til botns við ströndina (8)
- Hér segir af djásnum dreka (9)
- Ófrjálsar eru algjörlega hugmyndasnaugar (9)
- Tel lítinn mat í litlum mola (5)
- Innritar reiprennandi (9)
- Les dóm sögunnar um sjálfa sig (9)
- Vindkjarr á línunni (8)
- Tilmæli um vax (3)
- Hér má sjá harðan dónalim í ruglinu (7)
- Koma húsum og dulum í höfn (11)
- Með Línu nokkurn veginn á sínum snærum (6)
- Tom Jones sér sér hag í lyftara (5)
- Hita heimreið fyrir kubbslega kagga (8)
- Vextir og verðbætur eru hamingjukostir (8)
- Er sjóundið milli lands og eyjar drottningar mikið afrek? (11)
- Fabúleringar um gin byggja ekki á traustum heimildum (11)
- Gramsar við gróf hvar upphaf var áður (9)
- Skyldi stingur ramba á krossblómið? (8)
- Ár gátu valið um þessi kjör eða engin (8)
- Galaði þá hinn málhaldi goggur (8)
- Fundum lausn við þrautum (5)



S	E	G	U	L	S	T	Ö	Þ	V	A	R	B	L	Ú	S	B	S			
I	U	Ú	E	I	I	I	U	G	L	U	M									
L	Æ	D	U	P	O	K	A	S	T	K	S	M	Ó	Á						
F	S	U	E		G	R	J	Ó	T	G	A	R	Ð	U	R					
U	P	P	S	L	Á	T	T	U	R	A	A	R	B	U						
R	J	E	I		A	F	R	Í	K	U	F	Í	L	U	M					
S	T	A	F	G	I	L	D	I	N	Á	O	E	E							
K	L	U	L		N	E	Ð	A	N	M	I	T	T	I	S					
O	F	L	Æ	R	T	S	R	S	A	T	T	M								
T	A		R		K	V	A	R	T	A	N	D	I	U	Y					
T	Í	M	A	T	A	K	A				Ú	R	G	R	Á	R				
U	A		Ð		M	A	N	N	F	Ó	L	K	L		N					
R	Á	Ð	R	Í	K	U	M	Á	N	K	Ó				A					
					U				A	T	A	U	G	A	S	L	A	P	I	R
B	A	R	M	A	R				Í	N				V	A		Á			
S	Á				S	M	Á	G	R	E	I	Ð	A		G	F				
Á	F	A	L	L	S	A	A			P	L	A	U	K	A	R				
A	F	K			N	Ú	N	A	T	A	K	K	L	R						
F	L	Ó	A	B	O	T	N	U												

Lausnarorð síðustu viku var
UPPSJÁVARVEIÐAR



VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni HHHH eftir Laurent Binet frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ásthildur Ísídóra Sigurðardóttir, Kópavogi.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist birtist alltof algeng stjórnunaraðferð á Íslandi og víðar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 5. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1. febrúar“.

SUNNUDAG
13:00

MÍNSKOÐUN

MIKAEL TORFASON

Í OPINNI DAGSKRÁ!

📺 | Sunnudag 13:00

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar

Nýr þjóðmálaþáttur hefur göngu sína á sunnudaginn í umsjón Mikael Torfasonar, aðalritstjóri fréttamiðla 365. Fjallað verður um stjórnsmál og fréttir líðandi stundar, mikilvæg samfélagsmál verða rædd frá öllum hliðum og þau krufin til mergjar. Á meðal sérfræðinga þáttarins verða Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Sanngjarn og heiðarlegur þáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál varða.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

EIRÍKUR
HAUKSSON

EYÞÓR INGI
GUNNLAUGSSON

STEFÁN
JAKOBSSON

LED-ZEPPELIN

HEIÐURSTÓNLEIKAR | HARPA ELDBORG 21.03.2014

Heiðurstónleikar Led Zeppelin í **Hörpu, föstudaginn 21. mars kl. 20**. Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Á þessum heiðurstónleikum verða spiluð bestu lög þessarar rafmögnuðu hljómsveitar.

Sérstakir gestir eru Birgir Haraldsson söngvari Gildrunnar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari.

Tónlistarstjóri er Þórir Úlfarsson.

AF HVERJUM SELDUM MIÐA RENNA 500 KR. TIL STYRKTAR MOTTUMARS

Miðasala er á harpa.is, midi.is eða í síma 528 5050.



DÆGURFLUGAN



KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr og snjöll



Ókryddað



Hvítlauks- &
rósmarín-
marinerið



Trönuberja- og epla-
marinerið

1398

kr.
kg

Lambalæri, allar tegundir

New york-
marinerað



Píparmarinerað



FRÁBÆRT
VERÐ

1998

kr.
kg

Krónu kjúklingabringur

ÍSLENSKIR

KJÖT DAGAR



20%
afsláttur

1758

kr.
kg

Verð áður 2148 kr. kg
Lambahryggur



3998

kr.
kg

Lambafille með fiturönd

Þorrabakki
Lambasviðasulta,
súrsaðir hrútsprungar,
hangikjöt og saltkjöt

1745

kr.
pk.

Goða þorrabakki, 500 g



PEPSI MAX BOMBA



2 lítrar

Hámark
16 flöskur
á mann meðan
birgðir endast!



27%
afsláttur

49 kr. stk.
Verð áður 67. kg
HD 100% epla- eða
appelsínusafi, 200 ml

4
í pk.



2
lítrar

396 kr. pk.
Toppur án bragðefna, 4 í pakka

30%
afsláttur

159 kr. stk.

Verð áður ~~229~~ kr. stk.
Pepsi max, 2 lítrar



1198 kr. stk.
Krónu Gulrótarkaka 2 hæða



698 kr. stk.
Emmessís gamaldags ís, 1 lítri, 3 teg.



3 fyrir 2
258 kr. 3 stk.
Verð áður 387 kr./3 stk.
Nizza súkkulaðistykki, 5 teg.
Fullt verð 387 kr./3 stk. eða 129 kr./stk.

MERKISATBURÐIR

- 1935** Áfengisbann sem staðið hafði frá 1. janúar 1915 var fellt úr gildi á Íslandi.
- 1946** Norðmaðurinn Trygve Lie var kjörinn fyrsti aðalritari Sam-einuðu þjóðanna.
- 1948** Ríkisútlitarpíð hóf stuttbylgjusendingar fyrir Íslendinga erlendis.
- 1973** Viðlagasjóður var stofnaður til að bæta tjon eftir eldgosíð í Vestmannaeyjum.
- 1977** Síðasta mjólkurbúðin í Reykjavík var lögð niður.
- 2003** Þórolfur Árnason tók við sem borgarstjóri Reykjavíkur.
- 2009** Ríkisstjórn undir forsæti Jóhanna Sigurðardóttur tók við völdum.

+

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

PÁLMA S. RÖGNVALDSSONAR
rafvirkjameistara,
Gullsmára 9, Kópavogi.

Sigríður A. Jóhannsdóttir og fjölskylda.



+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

UNNAR GUÐMUNDSDÓTTUR
frá Drápuhlíð í Helgafellssveit,
Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,
áður til heimilis að Hvassaleiti 56.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á skilunardeild Landspítalans v. Hringbraut og Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir góða hjúkrun og umönnun.

Sigurþór Jóhannesson
Kristrún Jóhannsdóttir
Unnur Sigurþórsdóttir
Erla Sigurþórsdóttir
Eva Finnbogadóttir
Albert Finnbogason
og barnabarnabörn.

Árný Ásgeirsdóttir
Fróði H. Isaksen
Örn Viðar Grétarsson
Hannes Bjarki Vigfússon
Berglín Snæbjörnsdóttir



+

Ástkær móðir okkar,

EBBA DAHLMANN

sem lést á Landspítalanum 24. janúar sl., verður jarðsungen frá Neskirkju þriðjudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

Fyrir hönd annarra vandamanna,

Hanna Lára Gunnarsdóttir
Sigurður Axel Gunnarsson



+

Hjartans þakkir til ættingja og vina sem sýndu okkur samúð og heiðruðu minningu okkar ástkæru

HERMÍNU SIGURÐARDÓTTUR

sem jarðsett var 6. janúar sl. Starfsfólk á deild F-3 á Hrafnistu í Reykjavík fær sérstakar þakkir fyrir góða umönnun á síðustu árum.

Jóhann Long
Gunnar Finnlaugsson
Þórlaug Finnlaugsdóttir Toft
Hulda Finnlaugsdóttir
Snorri Finnlaugsson
Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir
barnabörn og makar þeirra, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Gunilla Maria Finnlaugsson
Soffía Guðmundsdóttir
Kai Toft
Sigríður Birgisdóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Alúð • Virðing • Traust

Áratuga reynsla

Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

PETTA GERÐIST: 1. FEBRÚAR 1904

Fyrsti ráðherra Íslands tók við völdum

Íslendingar fengu heimastjórn 1. febrúar 1904 og varð Hannes Hafstein þá fyrsti ráðherra landsins með búsetu á Íslandi. Magnús Stephensen lét þá af störfum sem landshöfðingi og við stutta athöfn í Stjórnarráðshúsinu um hádegisbil afhenti hann Hannesi stjórnartaumana. Síðan var skálað í kampavíni. Hinu nýja stjórnarráði Íslands var skipt upp í þrjár deildir; kennslu- og

dómsmáladeild, atvinnu- og samgöngu-deild og fjármála- og endurskoðunardeild. Næstur ráðherra að völdum kom landritari sem var allsherjar aðstoðarmaður og staðgengill ráðherrans. Með öllum þessum breytingum horfðu Íslendingar fram á nýja tíma því með heimastjórninni hófst mikill upp-gangur í landinu.



Merkilegt rit sem gefur innsýn í heim skrifarans

Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur ætlar að flytja erindi um eitt merkasta rímnahandrit þjóðarinnar í Bókasafni Akraness í dag og Steindór Andersen ætlar að kveða rímur.

Þverhandarþykk skinnbók – Staðarhólsbók rímna nefnist erindi sem Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur og rannsóknarlektor hjá Árnastofnun, heldur á Bókasafni Akraness í dag klukkan 14. Kvæðamaðurinn Steindór Andersen kveður þar líka rímur af sinni alkunnu sníld. Viðburðurinn er fyrsti dagskrárliðurinn í fjölbreyttri afmælis dagskrá bókasafnsins sem fagnar 150 ára afmæli í ár. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Á bókasafninu er sýning er tengist verkefninu og hefur yfirskriftina Handritin alla leið heim. Þar má sjá nákvæma eftirgerð af Staðarhólsbók rímna.

„Það má eiginlega segja að þetta sé eitt merkasta rímnahandrit þjóðarinnar. Í því eru 33 rímnaflokkar og það er meira en helmingurinn af þeim rímum sem varðveist hafa frá því fyrir 1600. Af þeim eru fjórtán rímnaflokkar sem eru hvergi til annars staðar,“ segir Rósa Þorsteinsdóttir um þetta merka rit. Hún segir nafn þess dregið af því að Árni Magnússon handritasafnari hafi fengið það að gjöf frá Pétri Bjarnasyni bónda á Staðarhóli í Saurbæ í Dölum. „Pétur sendi einhvern með handritið til Árna á Alþing árið 1707,“ lýsir hún.

Rósa segir handritið ekki einungis merkilegt rímnanna vegna heldur líka fyrir klausurnar sem skrifari þess skildi eftir á spássíunum. Þar séu til að mynda margir málshættir sem sumir hverjir lifi enn í dag, svo sem „Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær“ og „Oft veltir lítil þúfa þungu hlasi“. Þeir eru greinilega ævagamlir. En er handritið allt skrifað af sama manningum og er vitað hver hann var?

„Já, það er talið vitað. Þrír feðgar, allir miklir skrifarar, voru uppi í lok 16. aldar og byrjun þeirrar 17., Ari prestur á Stað í Súgandafirði og synir hans, Tómas og Jón. Það er til bók með sögum sem þeir skrifuðu allir þrír og með samburði hefur Karl Óskar Ólafsson komist að þeirri niðurstöðu að Tómas hafi skrifað alla Staðarhólsbók rímna.

Tómas ávarpar líka sjálfan sig stundum í þessum spássíuklausum. Kvartar yfir blekinu, skriftinni og sjóninni. „Lítt temprast nú blekið fyrir þér gamli minn Tómas,“ stendur á einum stað og á öðrum stað er vísa þar sem nafnið hans er falið,“ segir Rósa.

gun@frettabladid.is



RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR Hún segir handrit Staðarhólsbókar rímna ekki einungis merkilegt rímnanna vegna heldur líka fyrir klausurnar sem skrifari þess skildi eftir á spássíunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Handritin alla leið heim

Verkefnið Handritin alla leið heim var sett á laggirnar í tilefni af 350 ára fæðingarafmæli handritasafnarans og Dalamansins Árna Magnússonar. Sýningin sem nú er í Bókasafni Akraness var áður sett upp í Byggðasafni Dalamanna á Laugum í Sælingsdal.

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

HAUKUR HARALDSSON
Austurgerði 4, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

Auður Jónsdóttir
Jón Haukur Hauksson
Brandur A. Hauksson
Margrét Hauksdóttir
Ólafur Þór Hauksson
Kristín Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Hannes Guðmundsson
Guðný P. Ólafsdóttir



+

Þökkum öllum hjartanlega sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

KARLS KRISTINS ÞÓRÐARSONAR
Hlíðsnesi.

Valgerður Guðmundsdóttir
Júlíana Karlsdóttir
Þórunn Hafðis Karlsdóttir
Heiða Björk Karlsdóttir
Guðmundur Karl Karlsson
Þór Karlsson
Freyr Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Víðir Jóhannsson
Bjarni Guðmann Ólafsson
Sigurjón Heiðar Hreinsson
Anna Káradóttir
Rósa Kristín Jensdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.





Í STÓRHÝSI „Það er mikil þörf fyrir þetta hús. Við munum hafa það í notkun, líklega öllum stundum.“ segir Sigurlaug Anna, framkvæmdastjóri Spretts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aætlar að nýta tækifærin í hestamennskunni

Hestamannafélagið Sprettur opnar stærstu reiðhöll landsins að Kjóavöllum í dag. Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir er framkvæmdastjóri og ætlar að hafa þar líf og fjör.

„Það er mikil þörf fyrir þetta hús. Við munum hafa það í notkun, líklega öllum stundum því hestamennskan er vaxandi og allt sem að henni lýtur, keppni, þjálfun, kennsla og tanningar,“ segir Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Spretts og stærstu reiðhóllar landsins sem opnuð verður á Kjóavöllum í dag. Kjóavellir eru á bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs með hesthúshverfin Heimsenda á aðra hönd og svæði hins gamla Andvara á hina.

Hestamannafélagið Sprettur varð til þegar hestamannafélagin Andvari í Garðabæ og Gustur í Kópavogi sameinuðust.

„Auðvitað var áskorun að sameina tvö öflug félög en það gengur ljóm-

andi vel,“ segir Sigurlaug Anna. Að sjálfsögðu þykir öllum vænt um gamla félagið sitt og við verðum að leyfa þeim minningum að lifa en nú ætlum við að sameinast um að vera Sprettarar,“ segir hún.


Sjálf er Sigurlaug Anna í hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði en þegar auglýst var eftir framkvæmdastjóra hjá Spretti sótti hún um og fékk starfið. En með hverjum ætlar hún að halda þegar kappreiðar hefjast?

„Nú heitir ekkert Gustari eða Andvari, bara Sprettari og ég ætla að vera Sprettari. Svo á ég dóttur í Sörla og held með mínu barni. En hvorki ég né hún erum keppnisnappar.“

Sprettur er næststærsta hestamannafélag landsins, kemur næst á

eftir Fáki og er með tæplega þúsund félagsmenn. Reiðhöllin er tæplega 4.000 fermetrar að stærð og Sigurlaug Anna segir hægt að skipta henni í þrennt. „Hér mun öllum aldurshópum verða kennd reiðmennska á ýmsum stigum og tanningamenn nota höllina fyrir sína vinnu. Aðaltímabil hestamennskunnar í þjálfun og reiðmennsku er frá jólum til vors, en á sumrin eru reiðskólar, ferðamennska og hestaleiga á svæðinu,“ segir Sigurlaug Anna sem er ákveðin í að reka mannvirkin sem búið er að byggja upp á Kjóavöllum. „Ég ætla að hafa hér líf og fjör,“ lofar hún, „og nýta tækifærin sem eru svo sannarlega til staðar í hestamennskunni.“

gun@frettabladid.is



+

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON
 húsgagnsmiður og bóndi,
 Ballará, Skarósströnd,

lést 4. janúar sl. á Dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Alúðarpakkir til starfsfólks Barmahlíðar fyrir góða umönnun og hlýhug.

Guðriður Magnúsdóttir
Elín Magnúsdóttir
Ólafía Magnúsdóttir
Guðrún Magnúsdóttir
Svarar Guðmundsson
 og fjölskyldur.

Sæmundur Sigurlaugsson



+

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
STELLA STEFÁNSDÓTTIR
 Mýrarvegi 117, Akureyri,

lést 27. janúar sl. Útförin fór fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 4. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Kvenfélagið Hlíf á Akureyri.

Hjördís Ingunn Sørensen og Helge Sørensen
Svava Gunnarsdóttir og Bjarni Jónasson
Guðrún Jóna Gunnarsdóttir og Finnur Marinósson
Stefanía Erla Gunnarsdóttir og Kristleifur Kolbeinsson
Elín Stella Gunnarsdóttir
Gylfi Þorgeir Gunnarsson og Sigrún Þorlaksdóttir
Ragna Gunnarsdóttir og Gunnar Hannesson
Fríður Gunnarsdóttir og Bjarni Bjarnason
Konráð Stefán Gunnarsson og Guðfinna Sölvadóttir
Ingibjörg Margrét Gunnarsdóttir
Bessi Gunnarsson og Indiana Ásmundsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir og Gunnar Jónsson
Hanna Dröfn Gunnarsdóttir og Ólafur Þorsteinsson
 barnabörn, langömmubörn og langlangömmubörn.



+

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður og barnabarns,
SVEINS ZOËGA
 Suðurmýri 40B, Seltjarnarnesi.

Gunnar Zoëga
Jenny Zoëga
Guðlaugur Jónsson
Jón Gunnar Zoëga

Valdís Guðlaugsdóttir,
Sigríður Þorsteinsdóttir
Guðrún Björnsdóttir

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
 frá Björgum,



lést á dvalarheimilinu Lögmannshlíð 30. janúar. Útför hennar fór fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.30.

Magnús Björnsson
Gestur Björnsson
Sigrún Lára Björnsdóttir
Kristín Björnsdóttir
 ömmu- og langömmubörn.

Fanney Þórðardóttir
Ingibjörg Kjartansdóttir
Jón Aðalsteinsson

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir, amma og langamma,
ELÍN SIGURÐARDÓTTIR
 Ártúni 15, Selfossi,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 28. janúar. Útförin fór fram frá Selfoskirkju föstudaginn 7. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Selfoskirkju.


Birgir Jónsson

Ari Birgisson
Jón Þór Birgisson
Aðalheiður Guðmundsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

Súsanna Valsdóttir
Kathrina Andersen

+

Minningarathöfn um elskulega systur okkar, mágkonu og frænku,
ÖNNU PÁLMAÐÓTTUR WILKES
 sem lést 4. janúar 2014 í Baltimore, fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 4. febrúar 2014 kl. 15.00.



Helga Pálmadóttir
Guðmundur Pálmason

+

Elskulegur bróðir okkar, mágur og stjúpaðir,
SÆVAR HAFSTEINSSON
 Völvufelli 22, Reykjavík,



lést mánudaginn 20. janúar. Útför hans fór fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 4. febrúar klukkan 13.00.

Hörður Hafsteinsson
Þorsteinn Hafsteinsson
Anna María Hafsteinsdóttir
Elsa Hafsteinsdóttir
Ægir Hafsteinsson
Hafsteinn Hafsteinsson

Þórunn Erla Guðmundsdóttir
Marsibil Baldursdóttir
Einar Guðmundsson
Einar Axel Kristinsson

Sigrún Óskarsdóttir
Sara Berglind Jónsdóttir

+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
UNNAR ÓLAFSDÓTTUR
 Dalalandi 6, Reykjavík.



Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir alúð og góða umönnun.

Alfreð Eymundsson
Axel Þórir Alfreðsson
Hermann Alfreðsson
Þórunn Jóhanna Alfreðsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Jensdóttir
Þórunn Jónsdóttir
Ellert Valur Einarsson

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
INGIBJÖRG MARGRÉT KRISTJÁNSDÓTTIR
 (Donna frá Brúastöðum í Vatnsdal)
 síðast til heimilis að Hlíðarsmára 7,



lést á hjúkrunarheimilinu Eir 18. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að hennar eigin ósk að Lágafelli í Mosfellsbæ. Kærar þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug, einnig þakkir til starfsfólks 2b á Eir fyrir umhyggju og góða umönnun.

Margrét S. Guðmundsdóttir
Kristján Guðmundsson

Þorgeir Sæmundsson
Helga Jörundsdóttir
Hrafnhildur S. Þorleifsdóttir
Ragnheiður Austfjörð
Ásthildur Jónsdóttir
Hlímfríður G. Magnúsdóttir
Tjórví Dýrfjörð Birgisson
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Bjarni Rúnar Guðmundsson
Ásgeir Pétur Guðmundsson
Órygur Atli Guðmundsson
Nína Hrönn Guðmundsdóttir
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



KL. 19:45
Ísland Got Talent

Sjónvarpsviðburður vetrarins heldur áfram – sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

Meiriháttar sunnudagskvöld

KL. 19:10
Sjálfstætt fólk

Í Sjálfstæðu fólki heim-sækjum við þá sem leitað hafa skjóls á Íslandi í von um betra líf í fylgd Teits Atlasonar.



Í OPINNI DAGSKRÁ

KL. 21:25
The Tunnel

Glænýir breskir spennuþættir sem byggðir eru á dönsku þáttaröðinni Brúin.



KL. 22:15
The Following

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



KL. 23:00
Banshee

Önnur þáttaröðin um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee.



KL. 19:45
The Cleveland Show

Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilegu teiknimyndapáttum frá handritshöfundum American Dad og Family Guy.



SNÝR AFTUR

KL. 07:00-20:00
Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

8		5	9	3					
1				5	7			8	
7		4						3	
						3		2	
		7	8	9		5	6		
	6			1					
				2	1	9	7	4	
3	1			7		6	2		
4				8					

LÉTT

8			3			9		7	
6		3			4			5	
		5	6		8	1		4	
1	6				5			8	
	4					7			
			2	4	1				
4					3				
		7		6					
		8	1			4			

MIDLUNGS

				2					8
2	3			5					
		5	8	9					
							8		
5			7		8	1		4	
				3	4	2	5		
	9	5	8	3	4				
	2			1					
8						7		9	

PUNG

5	2	7	1	6	8	4	9	3	
3	4	1	7	9	2	5	6	8	
8	9	6	3	4	5	1	7	2	
4	5	9	2	7	3	8	1	6	
1	6	3	5	8	9	2	4	7	
7	8	2	4	1	6	3	5	9	
6	3	4	8	5	7	9	2	1	
2	7	5	9	3	1	6	8	4	
9	1	8	6	2	4	7	3	5	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Þú gengur ekki í burtu ef þú elskar einhvern. Þú hjálpar þeirri manneskju.“

Hillary Clinton

1			2	3	4	5		
6		7			8			
9			10			11		
12				13				
		14						15
16					17			
18			19			20		
21								

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. þrótt, 6. ógrynni, 8. þvottur, 9. farvegur, 11. kringum, 12. bit, 14. framvegis, 16. bardagi, 17. iðka, 18. almætti, 20. pfn., 21. nabbi.

LÓÐRÉTT

1. hryggð, 3. pot, 4. reiðufé, 5. fálum, 7. fáskiptinn, 10. dorma, 13. frjó, 15. kviður, 16. síða, 19. tveir eins.

LAUSN

magl, 19. agra, 19. öð. 5. fúm, 7. fálátur, 10. sef, 13. fræ, 15. LÖBRET: 1. sorg, 3. of, 4. lausaref, æfa, 18. gudu, 20. æg, 21. arða. 11. um, 12. gjeft, 14. áfram, 16. at, 17. LARÉTT: 2. golf, 6. of, 8. tau, 9. rás,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Sigurbjörn Björnsson (2.375) vann nettan sigur á Gauta Páli Jónssyni (1.616) í áttundu umferð Skákþings Reykjavíkur.

Svartur á leik:



31... Bxg3! 32. Dxa1 (32. fxe3 Ha2! með hótuninni 33... De2+ vinnur strax) 32... Dxa1 og svartur vann skákina nokkru síðar. Stefán Kristjánsson, Dagur Arngrímsson og Björn Þorfinnsson eru efstir á Nóa-Sírus-mótinu með 3½ vinning eftir 4 umferðir. www.skak.is: Lokaumferð Skákþingsins á morgun.

MÖGNUM ÚTSALA

Á YFIR 1000 VÖRUM

ALLT AÐ **70%**
AFSLÁTTUR

BÆTUM VIÐ VÖRUM DAGLEGA - ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

ÚTSÖLULOK ÚTSÖLULOK ÚTSÖLULOK ÚTSÖLULOK ÚTSÖLULOK

MIKID
ÚRVAL
RAFTÆKJA
Á ÚTSÖLU

byggto**g**búið

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid

Brauðristar,
Hraðsuðukönnur,
Blandarar, Kaffivélar,
Safapressur, Vöflujárn,
Mínútuþrill, Töfrasprotar,
Matvinnsluvélar,
Baðvogir, Straujárn

FRANCIS FRANCIS ESPRESSO KAFFIVÉLAR 20-30% - KAFFI OG BOLLAR FYLGJA MEÐ ÖLLUM VÉLUNUM!

Y3 - HYLKJAVÉL



20%



Littu á verðið!
Innbyggt hólf fyrir
notuð hylki.

VERÐ ÁÐUR.... 29.900
TILBOÐ 23.900

X1 - MALAÐ KAFFI



30%



Vél úr stáli, 15bar þrýstingur, öflugur
flóari. Þekkt gæði og ending.

VERÐ ÁÐUR.... 99.900
TILBOÐ 69.900

X7 - HYLKJAVÉL



20%



Einfaldasta leiðin til að gera
fullkominn espressó.

VERÐ ÁÐUR.... 36.900
TILBOÐ 29.520

POTTAR, PÖNNUR OG BÚSÁHÖLD 20-50%

Fissler
Fissler. Perfect every time.



25%

50%

GRUNBERG
KERAMIK PÖNNUR TRISTAR PÖNNUR



20%

FISSLER POTTAR OG PÖNNUR

FACKELMANN
SALTKVÖRN

50%



VERÐ ÁÐUR... 5.499
TILBOÐ 2.750

GRUNBERG HNÍFAR
ÖLL LÍNAN

25%



VERÐ FRÁ 2.246 - 4.121

RAFTÆKI 20-50%

Dolce Gusto Genio
SJÁLFVIRK KAFFIVÉL

33%



VERÐ ÁÐUR... 29.995
TILBOÐ 19.995



TRISTAR
BLANDARI 500W
MYLUR KLAKA!

30%

VERÐ ÁÐUR... 9.990
TILBOÐ 6.990



iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI
SPARADU ÞÚSUNDIR!!!
Verð frá 44.995



BABYLISS
PRO HÁRBLÁSARI
2000w AC MÓTOR

50%

VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOÐ 5.500

RÝMINGARSALA **50-70%**



aida
daily design

BOLLAR, GLÖS, DISKAR, SKÁLAR OG FLEIRA

50%

ALLT Á AÐ
SELJAST!

HITABRÚSI 1L

VERÐ ÁÐUR... 3.999
TILBOÐ 2.000

50%

70%

ÍSFA
TATA
MEÐ SKEIÐ

VERÐ ÁÐUR... 4.399
TILBOÐ 1.299



ALLIR
RAMMAR

50-70%

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Gott verð í Bónus **Gott verð í Bónus** Gott verð í Bónus



798
kr. kg

BÓNUS FERSKT Grísahakk



998
krónur kg.

BÓNUS FERSKT Grísahnakka-fillet



Ali **598**
kr. kg

ALI FERSKUR Grísabógur



1298
krónur kg.

BÓNUS Grísahryggur úrb.



1298
krónur kg

ÍSLANDSNAUT Nautgriphakk
Upprunaland: Spánn



129
krónur 2 ltr.

198
krónur 1.5 ltr.

198
krónur 1.5 ltr.



1598
krónur kg.

BÓNUS BEIKON/BACON



1598
krónur kg

ÍSLANDSLAMB Grill blandaðar
lambalærisneiðar



398
krónur 350g.

THAI TILBÚNIR
FROSNIR ASIURÉTTIR
PARF AÐEINS AÐ HITA



898
krónur 700g

BÓNUS Súkkulaðikaka 700g
Mömmudraumur



1998
krónur kg

FROSNAR Lambakótilettur
í brauðraspi

1998
krónur kg

FROSNAR Lambalærisneiðar
í brauðraspi



139
krónur stk.

AFGREIÐSLUTIMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



1398
kr. kg.

Kjarnafæði ferskt kryddað heiða-lambalæri

VINSÆLUSTU
kjúklingabringurnar
í verslunum Bónus




1548
krónur 900g.

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus



279
kr. 100gr

Sollu hrískökur 100g



279
kr. 100gr

Sollu lífrænt Súkkulaði 100g



379
kr. 340gr

Sollu lífrænt Hnetusmjör 340g



298
kr. 75g

BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía



759
kr. 500ml

Sollu lífræn Ólifuolía kaldpressuð 500ml

MOROCCAN ARGAN hárvörurnar komnar aftur í Bónus



698
kr 500ml

MOROCCAN ARGAN Hárnæring



698
kr 500ml

MOROCCAN ARGAN Shampoo



898
kr 100ml

MOROCCAN ARGAN Hárolía



998
kr. 1 ltr.

LISTERINE COOL MINT Munnskol Listerine 1 ltr.



398
kr. 200g

BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn



459
kr. 750g

AVÓCADÓ Í NETI 750g
Upprunaland: Chile



98
kr. pk.

Frosin Smoothie blanda 375g.



398
kr. 10 stk.

Boostglös 10 stk. rör m/loki

fróosh Ferskur ávaxta fruit: bottled -orkudrykkur



298
kr. 250ml.



398
krónur 600g.

EPLI Pink Lady 600g



459
kr. 1 kg.

Frosnir Mangóbitar 1.0 kg.



459
kr. 1.2 kg.

Frosin Jarðarber 1.2 kg.



298
kr. 250gr

Frosin Bláber 250g.



398
krónur 600g.

EPLI Honey Crunch 600g

BÓNUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR
10:00-18:00



FARIÐ VIÐA Á VÆNGJUM SÖNGSINS
Við slaghörpuna í hálföld hóf göngu sína fyrir tæpum tveimur vikum.

Við slaghörpuna í hálföld

Troðfullt var út úr dyrum á fyrstu tónleikum Jónasar Ingimundarsonar í tónleikaröðinni Við slaghörpuna í hálföld í Salnum sem hóf göngu sína fyrir tæpum tveimur vikum.

Á morgun klukkan 12 er komið að næstu tónleikum raðarinnar. Þá verða Gunnar Guðbjörnsson tenór og Arnar Jónsson leikari gestir Jónasar sem situr sem fyrr við flygilinn.

Gunnar og Jónas hafa unnið saman í mörg ár og farið víða á vængjum söngsins svo sem til Noregs, Wigmore Hall í London og hingað og þangað í Þýskalandi.

Á efnisskrá tónleikanna eru lög eftir Sjöberg, W. Peterson-Berger, Hugo Alven, Gunnar Reyni Sveinsson, Jón Þórarinnsson og Franz Schubert.

Arnar Jónsson leikari les öll ljóðin, þau íslensku eftir Halldór Laxness og Stein Steinarr og þau erlendu í íslenskrri þýðingu Reynis Axelssonar.

Horfðu á myndlist á sama hátt og hlustað er á tónlist

Sýningin Hljómfall litar og línu verður opnuð í Hafnarhúsinu í kvöld. Þar eru sýnd verk í anda sjónrænnar tónlistar allt frá sögulegu yfirliti yfir þróun hennar hér á landi og verkum frumkvöðlanna í listgreininni til þess allra nýjasta.

„Það er von þú spyrjir,“ segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, spurður hvað sjónræn tónlist sé eiginlega. „Þetta er tilraun listamanna annaðhvort til að túlka tónlist í myndmáli eða að skapa myndverk sem virka sem tónlist.“

Ástæðan fyrir spurningunni er að í kvöld verður opnuð í Hafnarhúsinu sýningin Hljómfall litar og línu sem snýst um myndverk í anda sjónrænnar tónlistar. Hafþór segir flest verkin á sýningunni vera með tónlist og nefnir sem dæmi nýja innsetningu, Trajectories eftir Sigurði Guðjónsson og Önnu Þorvaldsdóttur, sem frumflutt var á Reykjavík Visual Music Festival í vikunni.

Sýningin er þrískipt en í fyrsta hluta hennar eru sýnd lykilverk eftir helstu frumkvöðla sjónrænnar tónlistar, Viking Eggeling, Thomas Wilfred, Oskar Fischinger og bræðurnar John og James Whitney. Verkin gefa hugmynd um sögulegt baksvið listgreinarinnar.

Annar hluti sýningarinnar samanstendur af verkum eftir íslenska og erlenda samtímalistamenn. Meðal verka er fyrrnefnd innsetning Sigurðar Guðjónssonar og Önnu Þorvaldsdóttur. Þá verður sýnt verkið DeCore (aurae) eftir listamanninn Doddu Maggý og valin verk eftir bandaríska listamanninn Jeremy Blake. Einnig verða sýnd verðlaunaverk frá sjónrænu tónlistarhátíðinni.

Þriðji hluti sýningarinnar samanstendur af minni verkum eftir rúmlega 20 listamenn. Þeirra á meðal eru verk eftir Dieter Roth, Svavar Guðnason, Margréti Blöndal, Önnu Jónsdóttur og Kjarval.



HAFÞÓR YNGVASON við verk eftir Thomas Wilfred.

Fréttablaðið/Valli

Verkin sýna hvernig hugmyndir um samhengi myndlistar og tónlistar þróuðust hér á landi.

Spurður hvort Svavar Guðnason og Kjarval hafi mikið verið að velja fyrir sér sjónrænni tónlist í verkum sínum eða yfirhöfuð þekkt hugtakið segir Hafþór svo vera. „Þetta hugtak, sjónræn

tónlist, kom fram um 1911 þegar málara modernismans voru að þróa abstraktmálverkið. Þeir höfðu tónlistina að fyrirmynd og notuðu hana til að útskýra málverkin fyrir fólki sem skildi ekki hvers vegna það var ekki mynd af „neinu“ í þessum verkum. Því var ráðlagt að horfa á myndirnar

„Þetta hugtak, sjónræn tónlist, kom fram um 1911 þegar málara modernismans voru að þróa abstraktmálverkið.“

á sama hátt og það hlustaði á tónlist.“

Sýningarstjórar eru auk Hafþórs þau Yean Fee Quay og Jón Proppé og sýningin er haldin í samstarfi við Miðstöð sjónrænnar tónlistar og opnuð á fyrstu hátíð sjónrænnar tónlistar á Íslandi. fridrikab@frettabladid.is

Sumartónleikar

Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Listasafn Sigurjóns býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudags-tónleikum safnsins sumarið 2014. Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2014. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu safnsins www.LSO.is → sumartónleikar



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík
LSO@LSO.is - 553 2906



KJARVALSSTOFA Í PARÍS

KJARVALSSTOFA Í PARÍS er stúdíóbúð/vinnuástaða, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2014 verða þau evrur 421 á mánuði fyrir einstakling en 571 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuástöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2014 til 31. júlí 2015. Sótt er um á Rafrænni Reykjavík, rafraen.reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2014. Frekari upplýsingar veitir skrifstofa Menningar- og ferðamála-sviðs í s. 590-1520 eða á netfanginu menning@reykjavik.is.

Stjórn Kjarvalsstofu í París

Tónleikaröðin Töfrahurðin kynnir börnum nútímatónlist

Á tónleikum Töfrahurðarinnar í Kaldalóni á morgun verður flutt nýtt íslenskt tónlistarævintýri, auk tveggja annarra verka sem eru sérstaklega samin fyrir börn.

Tónleikaröðin Töfrahurðin lýsir upp skammdegið á Myrkum músíkdögum með sérstakri dagskrá um nútímatónlist fyrir börn.

Þá verður nýtt tónlistarævintýri, Strengir á tímaflakki eftir Steingrím Þórhallsson, flutt við sögu Pamelu De Sensi.

Tvö önnur nútímaverk sem eru sérstaklega samin fyrir börn verða einnig flutt á tónleikunum, Færíbandið eftir Guðmund Stein Gunnarsson og Einu sinni var eftir Oliver Kentish. Börnin munu kynnast verkunum undir leiðsögn sögumanna, Sigurþórs Heimissonar og Valgerðar Guðnadóttur, en þau munu fylgja börnunum í gegnum verkin og kynna fyrir þeim hvernig nútímatónlist er hugsuð og búin til.

Börnin fá að heyra hvernig verk fyrri alda hljóma í samburði við nútímatónlistina og læra því að þekkja muninn á þessum ólíku tónlistarstefnum. Þau fá einnig að taka virkan þátt í efnisskránni með ýmsum hætti.

Kammerhópurinn Shéhérazade, sér um flutning verkanna ásamt Frank Aarnink slagverksleikara. Tónleikarnir verða haldnir í Kaldalóni í Hörpu á morgun, sunnudaginn 2. febrúar, klukkan 11.



PAMELA DE SENSI



STEINGRÍMUR ÞÓRHALLSSON



Ragnheiður

ópera eftir

Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · VIÐAR GUNNARSSON · ELMAR GILBERTSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · ELSA WAAGE · GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR · BERGPÓR PÁLSSON
ÁGÚST ÓLAFSSON · BJÖRN INGIBERG JÓNSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
DANSHÖFUNDUR: INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR · LÝSING: PÁLL RAGNARSSON
BÚNINGAR: ÞÓRUNN S. ÞORGRÍMSDÓTTIR · LEIKMYND: GRETAR REYNISSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: PETRI SAKARI · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

FRUMSÝNING 1. MARS 2014 · 2. SÝNING 8. MARS · 3. SÝNING 15. MARS

TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI · MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS · MIÐASÖLUSÍMI 528 5050



ÍSLENSKA ÓPERAN

E. Ól með ljósmyndasýningu

Einar Ólason ljósmyndari er gestalistamaður ART67 á Laugavegi 67. Hann opnar ljósmyndasýningu þar í dag klukkan 14. Boðið er upp á léttar veitingar og allir eru hjartanlega velkomnir. ART67 er er opið frá 12 til 18 á virkum dögum og frá 12 til 16 á laugardögum og sýningin hans Einars Óla stendur út febrúarmánudag.



Tréskurðarsýningu lýkur

Tréskurður – Handverk og list nefnist sýning sem stendur yfir í Gerðubergi. Þar má sjá fjölda tréskurðarverka eftir ýmsa höfunda. Sýningunni lýkur á morgun.

Sýningunni Tréskurður – Handverk og list í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi lýkur á morgun. Á sýningunni eru fjölbreytt skurðverk eftir tólf félagsmenn í Félagi áhugamanna um tréskurð, sex karlmenn og sex konur. Verkin eru úr ólíkum viðartegundum og af fjölbreyttum toga; lágmyndir, smáhlutir, lampar, speglar og kistlar svo nokkuð sé nefnt. Sýningin verður síðar sett upp á Skriðuklaustri og mun þar

prýða Státsstofuna um páskana.

Verkin á sýningunni eru ýmist hefðbundin tréskurðarverk eða eigin hugarsmíð tréskeranna. Auk tréútskurðar eru til sýnis gripir úr horni og hvaltönnum.

Þátttakendur í sýningunni eru þau Anna Lilja Jónsdóttir, Bjarni Þór Kristjánsson, Friðgeir Guðmundsson, Guðmundur Ketill Guðfinnsson, Guðný Jóhanna Kjartansdóttir, Jón Adólf Steinólfsson, Karen Huld Gunnarsdóttir, Lilja Sigurðar-

→ Verkin eru úr ólíkum viðartegundum og af fjölbreyttum toga; lágmyndir, smáhlutir, lampar, speglar og kistlar.

dóttir, Sigga á Grund, Sigríður Sigurðardóttir, Sigurjón Gunnarsson og Stefán Haukur Erlingsson.

Sýningin er opin laugardag og sunnudag frá klukkan 13 til 16.



TRÉSKURÐUR Verkin á sýningunni eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg.

Dansverk um hljóð

Miðnætursýning í Norðurljósal.

SCAPE of GRACE verður flutt í Norðurljósal Hörpu sem hluti af dagskrá Myrkra músíkdaga annað kvöld. Um miðnætursýningu er að ræða, í kjölfar tónleika japanska raftónlistar- og myndlistarmannsins Ryoji Ikeda á Reykjavík Visual Music Festival.

SCAPE of GRACE fæst að vissu leyti við sjónræna framsetningu á raftónsmíð, en sýningin sker sig úr annarri dagskrá Myrkra músíkdaga fyrir þær sakir að verkið leikur á mörkum tónsmíða og kóreógráfíu – er í senn sviðsettir hljómleikar og dansverk um hljóð. Höfundar eru Hallvarður Ásgeirsson tónskáld og Saga Sigurðardóttir danshöfundur, en þau njóta fulltingis dansaranna Katrínar Gunnarsdóttur, Kristins Guðmundssonar, Sigurðar Arents Jónssonar og Védísar Kjartansdóttur.

Verkið var áður frumflutt í Listasafni Reykjavíkur á Reykjavík Dance Festival síðastliðið haust.



Minning um nótt á hráum teknóstað

Stór dagur verður hjá Gunnari Andreasi Kristinssyni tónskáldi á morgun. Þá verða frumflutt tvö verk eftir hann, hvort á sínum tónleikunum í Hörpu.

„Við Ingólfur lögðum grunninn að þessu verki í fyrravor þegar ég dvaldi hjá honum nokkrar vikur í Berlín,“ segir Gunnar Andreas Kristinsson tónskáld um klarinettukonsertinn Sisyfos sem frumfluttur verður af Ingólfi Vilhjálmssyni og Kammer-sveit Reykjavíkur í Norðurljósal Hörpu annað kvöld klukkan 21.

Gunnar segir leiðir þeirra Ingólfs oft hafa legið saman á tónlistarbrautinni og tekur fram að verkið Sisyfos tengi þá saman á þrennan hátt. „Við vorum saman í heimspekítímum í MH þar sem við kynntumst fyrst goðsögninni um Sisyfos, sem Albert Camus fjallar um í þekktri heimspekiritgerð. Einnig vorum við saman á námskeiði í indverskum ryþmum við Konservatoríð í Amsterdam fyrir átta árum. Um miðbik konsertsins beiti ég tækninni sem við lærðum þar og gef þannig Ingólfi tækifæri til að rifja upp þessa tíma. Undir lokin dettur verkið svo inn í þrástefjaríkt algleymi og minningin um nótt á hráum teknóstað í gamalli raforkustöð í Berlín – E-Werk, árið 1994, nær að lauma sér inn í verkið á þessum tímamarki.“

Þessar útskýringar kalla á enn frekari upplýsingar. „Eftir nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og MH fórum við Ingólfur báðir til Hollands, ég til Haag og hann til Amsterdam. Hann heimsótti mig og spilaði verk eftir mig á tónleikum í konunglega tónlistarskólanum í Haag. Svo var hann líka í kammersveitinni Seul og spilaði þar annað verk eftir mig,“ lýsir Gunnar og rifjar líka upp Interrail-ferðalag sem þeir félagar fóru í eftir kórferð með Hamrahliðarkórnum til Danmerkur 1994.

„Við tókum Austur-Evrópu og komum við í Berlín á áhuga-verðum tíma, því aðeins nokkur ár voru liðin frá falli múrsins.“ Áður en að flutningi Sisyfosar kemur, eða klukkan fimm á morgun, verður annað verk eftir Gunnar frumflutt. Það nefnist Regradeation og mun líka hljóma í Norðurljósal Hörpu, leikið af Stockholm saxofon kvartett.

gun@frettabladid.is



TÓNSKÁLDIÐ „Við Ingólfur lögðum grunninn að þessu verki í fyrravor þegar ég dvaldi hjá honum nokkrar vikur í Berlín,“ segir hann um klarinettukonsertinn Sisyfos.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tenging við goðsögnina um Sisyfos

„Samkvæmt grísku goðafræðinni var Sisyfos kóngur í Efýru (Korintu) sem dæmdur var af guðunum, vegna ósæmilegrar hegðunar, til að velta voldugum steini upp á fjallsbrún að eilífu; steinninn rann alltaf aftur niður á byrjunarreit. Ingólfur fer í hlutverk Sisyfosar, klarinettið er steinninn.“

Tækniþróunar-sjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur 15. febrúar

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Sjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á www.rannis.is



Tækniþróunarsjóður



ATVINNUEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



rannís
www.rannis.is

FYRIRTÆKJALAUSNIR

NETSAMBÖND - SÍMKERFI - VEFLAUSNIR - UPPLÝSINGATÆKNI - FORRITUN

www.opex.is - 512-3900 - opex@opex.is

2004 - 2014
Upplýsingatækni í 10 ár.

OPEX
Engin vandamál - bara lausnir.

ÁLNAVÖRUBÚÐIN

Hveragerði

-Þjóðarsátt í verðum

Útsala útsala útsala útsala útsala

ÚTSALA

...enn meiri verðlækkun!

A.T.H.
Við sendum
FRÍTT
á útsöluinni

Við sendum
hvert á land
sem er



SIXMIX 1014/A Loð
Verð: 17990 kr
NÚ: 13500 kr



SIXMIX 1058
Verð: 15490 kr
NÚ: 13167 kr



SIXMIX 1096
Verð: 16990 kr
NÚ: 14442 kr



SIXMIX 831-A
Verð: 19990 kr
NÚ: 16993 kr



SIXMIX 13279
Verð: 22990 kr
NÚ: 16093 kr



Jessie Girl
Verð: 9990 kr
NÚ: 6993 kr



Studio London
Verð: 9990 kr
NÚ: 4995 kr



Duffy
Verð: 11990 kr
NÚ: 4990 kr



Duffy
Verð: 11990 kr
NÚ: 5990 kr



Duffy
Verð: 11990 kr
NÚ: 7194 kr



IMAC -leður
Verð: 15990 kr
NÚ: 9594 kr



Flexx
Verð: 15990 kr
NÚ: 10393 kr



Studio 56
Verð: 9990 kr
NÚ: 4190 kr



Duffy
Verð: 9990 kr
NÚ: 4496 kr



Studio London
Verð: 7990 kr
NÚ: 4395 kr



Classman -leður
Verð: 13990 kr
NÚ: 9093 kr



IMAC herra leður
Verð: 13990 kr
NÚ: 10492 kr



Angus
Verð: 5490 kr
NÚ: 3568 kr



Angus
Verð: 5490 kr
NÚ: 3568 kr



SIXMIX 9511
Verð: 11990 kr
NÚ: 9592 kr



BARNA kulda
Verð: 6990 kr
NÚ: 3490 kr



Skóðuðu úrvalið

Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin

Allt að
60% afsláttur
af útsöluvöru

OPNUNARTÍMI Virkir dagar 10-18 Laugar- dagar 10-18 Sunnu- dagar 12-18

Útsala útsala útsala útsala Útsala Útsala útsala útsala Útsala Útsala útsala útsala



RÍSANDI STJARNA
Anna Rún byrjar feril sinn í myndlistinni í listaborginni Montreal.

Heldur sína fyrstu einkasýningu

Anna Rún Tryggvadóttir kveður eiginmann og börn til að sinna listagyðjunni.

Myndlistarkonan Anna Rún Tryggvadóttir heldur til Montreal nú í vikunni en þar mun hún setja upp sína fyrstu einkasýningu í galleríinu The MAI í Plataeu-hluta Montreal. Sýning Önnu Rúnar er einnig lokaverkefni hennar í masters-námi við Concordia-háskóla í Montreal.

„Já, ég er að fara núna eftir tvo tíma upp á flugvöll,“ sagði Anna Rún þegar blaðamaður heyrði í henni í gær. „Þetta er auðvitað frábært tækifæri. Fyrsta stóra einkasýningin mín og gaman að geta unnið stóra sýningu í alvöru umhverfi.“

Anna Rún er tveggja barna móðir og þarf því að kveða eiginmann og börn til að sinna

listagyðjunni. „Ég er auðvitað svolítið blúsuð í augnablikinu en það lagast þegar maður kemur út. Eiginmaður minn er líka listamaður og því getur lífið orðið talsvert flókið. En sem betur fer kemur fjölskyldan öll út daginn áður en sýningin verður opnuð og við munum því njóta dagsins saman.“

Sýningin heitir Render and React og er í formi innsetningar í 140 fermetra rými. „Ég verð svo úti í nokkrar vikur eftir að sýningin opnar og held áfram að vinna í henni. Ég lít ekki á opnunina sem lokapunkt heldur byrjunina á listrænu ferli,“ segir listakonan Anna Rún en sýning hennar verður opnuð 27. febrúar næstkomandi. - sb



ÚRVALSFÓLK (60+) ATHUGIÐ

HÚLLUM HÆ Í HÍÐASMÁRANUM

SUNNUDAGINN 2. FEBRÚAR

KLUKKAN 13:00

Sérstakt tilboðsverð á vorferð Úrvalsfólks, veitingar í boði og heitt á könnunni.

Við hlökkum til að sjá þig!



ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

1. FEBRÚAR

Tónleikar

22.00 Góðgerðarrapp á Gamla Gauknum. Listamennirnir Emmsjé Gauti, Úlfur Úlfur, Larry BRD og Kött Grá Þjé skemmta gestum. Miðaverð er 2.000 krónur. Ágóði af miðasölu rennur í tækjasjóð Barnaspítala Hringinsins. Á Gamla Gauknum, Tryggvagötu 22.

23.00 Bo&Co á Spot. Björgvin Halldórs-son og félagar halda tónleika á Spot í Kópavogi. Miðar í forsölu á promo.is kosta 2.200 krónur en við hurð kosta miðar 2.900 krónur.

11.00 Stockholm Saxophone Quartet verður með barnadagskrá á Myrkum músíkdögum í Norðurljósasal Hörpu. Miðaverð er 500 kr.

16.00 Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna verða haldnir í Langholti-skirkju. Á tónleikunum koma fram 85 tónlistarnemendur á aldrinum 13-24 ára.

23.00 Stjórnarball í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.500 krónur.



Hönnun

09.00 First Lego League, hönnunarkeppni grunnskólanema 2014, fer fram í Háskólabíói klukkan 9.00 til 16.00. Allir velkomnir.

Hátíðir

13.00 Japanshátíð á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Hátíðin stendur frá kl. 13.00 til 17.00 og er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Kvikmyndir

20.00 Frumsýning á myndinni **Scarface**

á Íslandi í Bíó Paradís. Miðaverð er 1.400 krónur.

Leikrit

20.00 Leikisýningin Pioneers frá Grænlandi fer fram í Nemendaleikhúsi leiklistardeildar Listaháskóla Íslands við Sölvhólgötu. Miðaverð er 1.200 kr. Hægt er að taka frá miða í móttöku Norrena hússins.

Tónlist

23.00 Eiki Sigurðarson og gestir skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Fritt inn!

Myndlist

20.00 Opnun sýningarinnar Hljómfall litar og línu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Léttar veitingar í boði.

Markaðir

12.00 Flóamarkaður í bílskottum í bílakjallaranum í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði klukkan 12.00-16.00.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR

2. FEBRÚAR

Tónleikar

11.00 Barnadagskrá Strings in a time warp á Myrkum músíkdögum í Kaldalóni í Hörpu. Miðaverð er 500 krónur.

12.00 Við slaghörpuna í hálfu öld. Tónleikaröð Jónasar Ingimundarsonar í tilefni af því að fimmtíu ár eru liðin frá því hann hóf þátttöku í íslensku tónlistarlífi. Gunnar Guðbjörnsson syngur og Arnar Jónsson les ljóð. Tónleikarnir fara fram í Salnum í Kópavogi. Miðaverð 2.900 krónur.

13.00 Tinna Þorsteinsdóttir spilar á píanó á Myrkum músíkdögum. Í Norðurljósasal Hörpu. Miðaverð er 2.500 kr.

21.00 Lokatónleikar Myrkra músíkdaga. Kammersveit Reykjavíkur spilar í Norðurljósasal Hörpu. Miðaverð er 2.500 krónur.

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

Söfn

14.00 Ókeypis barnaleiðsögn í Þjóðminjasafninu klukkan 14 og klukkan 15. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

15.00 MÍR sýnir rússnesku kvikmyndina **Eyjuna** (Ostrov) frá 2006 á Hverfisgötu 105. Rússneskt og þýskt tal. Ensukur texti. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í félagsheimili **Félags eldri borgara** í Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl.20.00-23.00. Danshljómsveitin **Klassík** leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Tónlist

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.



Félagsstarf

19.00 Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is

HLÚÐU AÐ VIÐKVÆMRI HÚÐ Í FROSTINU

HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI. ENGIN ILM- EÐA LITAREFNI.

APÓTEK
- Lífið heil

Ást á tímum snjallsíma

KVIKMYNDIR ★★★★★

Her

Leikstjóri og Handrit: **Spike Jonze**
Aðalhlutverk: **Joaquin Phoenix, Scarlett Johansson og Amy Adams.**

Er hægt að verða ástfanginn af stýrikerfi? Kvikmyndin Her eftir Spike Jonze svarar þeirri spurningu í einni frumlegustu mynd ársins. Myndin fjallar um Theodore (Joaquin Phoenix) sem fellur kylliflatur fyrir nýja stýrikerfinu sínu sem heitir Samantha (rödd Scarlett Johansson).

Leikstjórinn Spike Jonze hefur leikstýrt frábærum myndum á borð við Being John

Malkovich og Adaptation sem báðar voru gerðar eftir handriti Charlie Kaufman auk þess sem hann hefur leikstýrt mörgum myndböndum Bjarkar Guðmundsdóttur. Her er fyrsta myndin sem hann skrifar og leikstýrir sjálfur.

Myndin gerist á óræðum tíma þar sem allt er órlítið á skjön við raunveruleika okkar í dag. Einstaklingurinn er orðinn eyland, fólk lifir gegnum tölvur og síma. Aðalpersónan Theodore vinnur við að skrifa ástarbréf fyrir ókunnugt fólk en er á sama tíma ófær um að tjá tilfinningar sínar. Samantha er því hinn fullkomni félagi, lífsförunautur sem hann getur kveikt og slökkt á að vild.

Stýrikerfið verður smátt og smátt með-

vitað um eigið hlutskipti; um eigin takmarkanir og möguleika. Og að lokum þarf Theodore að horfast í augu við sjálfan sig og brjótast út úr þeim gerviheimi sem hann hefur sjálfur skapað sér.


Her er þess fullkomlega verðug að hafa verið tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta myndin. Hún er kærkomin hvíld frá tæknibrelluófreskjum Hollywood þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé einmitt tæknin og áhrif hennar á okkar daglega líf. Þeir sem sjá Her eiga líklega eftir að horfa á snjallsíma sinn öðrum augum næstu daga á eftir.

Símon Birgisson

Niðurstaða: Ein besta mynd ársins. Frumleg og einlæg ástarsaga. Vel leikin og frábært handrit.



VERÐUR ÁSTFANGINN AF STÝRIKERFI Joaquin Phoenix í hlutverki sínu í Her.



AFMÆLISTÓNLEIKAR FM957 Íslendingar eru spennir fyrir David Guetta.

Seldist upp á tveimur tímum

Gríðarleg eftirspurn er eftir miðum á afmælistónleika FM957 með David Guetta sem haldnir verða 16. júní næstkomandi í Laugardalshöll.

„Forsala hófst í morgun kl. 10 og seldist mjög hratt upp, eða á tæpum tveimur tímum,“ segir dagskrárstjóri FM 957, Heiðar Austmann.

„Tónleikahaldarar eru að vonum mjög ánægðir með viðbrögðin og þann áhuga sem landsmenn hafa sýnt tónleikum Davids Guetta,“ segir Heiðar jafnframt.

Formleg miðasala á tónleikana hefst á midi.is á mánudagsmorgun klukkan 10.



TILNEFNDAR MYNDIR TIL SÝNINGA Hross í oss, Málmhaus og XL.

Eddusýningar í Bío Paradís

Þær kvikmyndir og stuttmyndir sem hlutu tilnefningu til Eddunnar verða sýndar í Bío Paradís.

Um er að ræða myndirnar Hross í Oss eftir Benedikt Erlingsson, Málmhaus eftir Ragnar Bragason og XL eftir Martein Þórssson. Stuttmyndirnar þrjár sem hlutu tilnefningu voru Heilabrotinn eftir Braga Þór Hinriksson, Hvalfjörður eftir Guðmund Arnar Guðmundsson og Víkingar eftir Magali Magistry.

Frítt er fyrir meðlimi ÍKSA, Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunnar, en almenn miðasala fer fram á midi.is og í miðasölu Bíos Paradísar.

Veldu MeisterStück frá Bosch.

Frábær tækni, enginn óþarfi, heldur nákvæmlega það sem til þarf á afar hagstæðu verði.

Bosch hefur nú sett á markað glæsilegar uppþvottavélar, þvottavél og þurrkara sem öll eru MeisterStück-tæki.

MeisterStück er tákni um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægð(a)n. Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni innan 100 daga.

Bosch er rötgróið þýskt vörumerki og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.



Uppþvottavél, hvít

SMU 55M125K

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirk kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skulun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).

Fyrir 13 manna borðbúnað.

Tilboðsverð: 139.900 kr. stgr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



Uppþvottavél, stál

SMU 55M155K

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirk kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skulun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).

Fyrir 13 manna borðbúnað.

Tilboðsverð: 159.900 kr. stgr.

Fullt verð: 209.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



Uppþvottavél, alklæðanleg

SMV 55M005K

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Fimm kerfi: Kraftmikið 70° C, sjálfvirk kerfi 45 - 65° C, Eco 50° C, TurboSpeed (20 mínútur á 60° C) og skulun. Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa (VarioSpeedPlus).

Fyrir 13 manna borðbúnað.

Tilboðsverð: 179.900 kr. stgr.

Fullt verð: 229.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



Þvottavél

WAS 32471SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvindhraði: 1600 sn./mín. Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát. Sérkerfi: Dúnkerfi, sérkerfi fyrir dökkan þvott, skyrtur, sérkerfi fyrir ípróttafatnað, mjög stutt 15 mín. hraðkerfi, húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki.

Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.

Fullt verð: 209.900 kr.

Þú sparar 60.000 kr.



Þurrkari

WTW 86371SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakabéttir. Sérkerfi: Ull, ípróttafatnaður, dúnkerfi og 40 mín. hraðkerfi. Stór og skýr skjár. Krumpuvörn í lok kerfis.

Tilboðsverð: 149.900 kr. stgr.

Fullt verð: 209.900 kr.

Þú sparar 60.000 kr.



Made by Germans

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Bökur og brownie-kaka

Matgæðingurinn Svava Gunnarsdóttir heldur úti blogginu Ljúfmeti og lekkerheit og deilir nokkrum gómsætum uppskriftum með lesendum Fréttablaðsins.

Brownie-kaka

með Daim og jarðarberjafraudi

Brownie-botn

110 g smjör
2 1/3 dl sykur
1 msk. sýróp
2 egg
1 1/2 dl hveiti
1/2 tsk. salt
1 1/2 tsk. vanillusykur
1 dl kakó
2 stk. stór Daim (56 g hvor pakning), grófhakkað

Jarðarberjafraudi

5-6 matarlímsblöð
1/2 kg jarðarber
3 eggjarauður
2 dl flórsykur
6 dl rjómi

Skraut

1 kg jarðarber

Brownie-botn

Hitið ofninn í 175°C. Hrærið smjör, sykur og sýróp saman þar til blandan verður ljós og létt. Hrærið egginn saman við. Bætið hveiti, salti, vanillusykri, kakói og grófhökkuðu Daim út í og hrærið saman. Setjið deigið í smurt smelluform sem er 24 cm í þvermál og bakið í 20 mínútur. Látið botninn kólna alveg áður en jarðarberjafraudið er gert.



Það getur verið gott að losa um kökuna í forminu áður en jarðarberjafraudið er sett yfir hana, til að það sé einfaldara að flytja kökuna yfir á kökudisk þegar hún er tilbúin.

Jarðarberjafraudi

Leggið matarlímsblöð í kalt vatn í 5 mínútur. Maukið jarðarber í matvinnsluvél eða með töfrasprota og leggið til hliðar. Hrærið eggjarauður og flórsykur saman þar til blandan verður ljós og létt. Léttþeytið rjómann í annarri skál. Hitið 1/10 af jarðarberjamaukinu í potti. Takið matarlímsblöðin úr vatninu, kreistið mesta vökvann úr þeim og bætið blöðunum í pottinn. Látið þau bráðna við vægan

hita í jarðarberjamaukinu. Þegar matarlímsblöðin hafa bráðnað er blandan hrærd saman við restina af jarðarberjamaukinu.

Blandið eggjablöndunni varlega saman við jarðarberjamaukið og hrærið síðan rjómann varlega saman við þar til blandan er slétt. Hellið blöndunni yfir brownie-botninn. Látið kökuna standa í að minnsta kosti 4 tíma í ísskáp áður en hún er borin fram. Það má einnig frysta kökuna og þá er hún tekin út og látin standa við stofuhita í 4 tíma áður en hún er borin fram.

Setjið jarðarber yfir kökuna áður en hún er borin fram.



Fiskbakan frábæra

(uppskrift frá Jamie Oliver)

6 stórar kartöflur, afhýddar og skornar í bita

ólífuolífa (eða smjör)

salt og nýmalaður svartur pipar

múskat (má sleppa)

2 egg

2 stórir hnefar af spínati

1 laukur, saxaður smátt

1 gulrót, skorin í tvennt og söxuð smátt

2,5 dl rjómi

2 vænir hnefar af rifnum cheddar- eða parmesanosti

safi úr 1 sítrónu

1 kúfuð teskeið enskt sinnep

stór hnefi af steinselju, saxaðri smátt (má sleppa)

450 g ýsu- eða þorsklök, roðflett, bein- hreinsuð og skorin í ræmur

Hitið ofninn í 230°C. Setjið kartöflurnar í sjóðandi saltað vatn og látið þær sjóða í 2 mínútur. Setjið egginn varlega út í og sjóðið þau í 8 mínútur. Egginn eiga þá að vera orðin harðsoðin og kartöflurnar líka soðnar. Gufusjóðið spínatið um leið

í sigti ofan á pottinum (það tekur bara um 1 mínútu). Takið spínatið úr sigtinu, kreistið varlega úr því umframvætu og leggið til hliðar.

Takið egginn úr pottinum, kælið undir köldu vatni, takið utan af þeim og skerjið í fern. Leggið til hliðar.

Stappið kartöflurnar og setjið ólífuolífa eða brætt smjör saman við þær (ég nota alltaf smjör). Kryddið með salti, pipar og jafnvel smá múskati. Leggið til hliðar.

Steikið lauk og gulrót í ólífuolífa við vægan hita í um 5 mínútur. Hellið þá rjóma yfir og hitið að suðu. Takið pönnuna af hitanum og hrærið ost, sítrónusafa, sinnep og steinselju saman við.

Setjið fiskinn, spínatið og egginn í eldfast mót. Hellið rjómasósunni með grænmetinu yfir og endið á að setja kartöflumúsina ofan á. Setjið í ofni í 25-30 mínútur eða þar til kartöflurnar eru orðnar gylltar á lit. Berið fram með bökudum baunum og tómatsósu.

Pestóbaka

með bökuðu grænmeti

Skelin

3 dl hveiti

125 g smjör, kalt úr ísskáp

2 msk. kalt vatn

Blandið hveiti og smjöri saman í grófa mylsnu í matvinnsluvél, með gaffli eða með fingrunum. Bætið vatninu saman við og vinnið snögglega saman í deig. Prýstið deiginu í botn á 24 cm bökuðmóti með lausum botni og pikkið botninn með gaffli. Látið standa í ísskáp í 30 mínútur.

Fyllingin

2 paprikur, gul og rauð

2 rauðlaukar

1 kúrbítur

1 msk. ólífuolífa

salt

svartur pipar

3 egg

2 dl mjólk

1 dl pestó

Hitið ofni í 250°C. Skerið paprikur í bita, rauðlauk í þunna báta og kúrbít í sneiðar. Setjið á ofnplötu, dreypt



ólífuolífa yfir og kryddið með salti og pipar. Bakið í miðjum ofni í 15-20 mínútur.

Hrærið saman egg, mjólk og pestó.

Þegar grænmetið hefur bakast er ofnhitinn lækkaður í 200°C. Forbakið bökuskelina í miðjum ofni í um 10 mínútur. Setjið þá grænmetið í botninn og hellið eggjablöndunni yfir. Bakið í miðjum ofni í 35-40 mínútur.

Berið bökuna fram með góðu salati og jafnvel salami, hráskinku og ólífum.





ÚTSÖLULOK

VERIÐ VELKOMIN Í HOLTAGARÐA OG GERIÐ GÓÐ KAUP UM HELGINA

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT
ÚRVAL!

FRÁBÆR
VERÐ!




DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludraverslun landsins
Sími 568 66 68
Opíð 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar
Næg bílastæði á efra plani



Súkkulaðisjeik

Uppskrift frá Mitt Kök

4 dl mjólk

2 dl vanillús

3 msk. Nesquik

1 tsk. vanillusykur

Mixið allt saman í blandara eða með töfrasprota. Hellið í glös og skreytið með þeyttum rjóma, súkkulaði-spónum og súkkulaðisósu.



LOSTÆTI Svava les mikið af matarbloggum og uppskriftabókum.

MYNDIR/SVAVA GUNNARSDÓTTIR

RISA SKÓ

ÚTSALA

50-90% afsláttur

Í TOPPSKÓNUM
Í FULLUM GANGI

H&H



Toppskórinn er á 2 stöðum Smáratorgi og Grafarholti

Mikið úrval af Dömu, herra og barna skóm

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
Sunnudaga: 12-18

Stærsti skemmtipáttur allra tíma!

★★★★★

„Ísland Got Talent er gargandi sníld. Nú er gaman að horfa á íslenskt sjónvarp.“

Björn Bússi Sigurðsson, Latabæ

„Öll fjölskyldan sat límd fyrir framan sjónvarpið. Get ekki beðið eftir næsta þætti!“

Kolla Björnsdóttir, sjónvarpskona

„Frábærir þættir! Mikið af hæfileikaríku fólki á Íslandi.“

Ívar Guðmundsson, útvarpsmaður á Bylgjunni

FÖSTUDAG
19:45



LAUGARDAG
19:45



Hefst 11. feb.

PRÍÐJUDAG
20:10



TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!

Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum þökkum.

Internet og heimasími

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

SUNNUDAG
19:45



ÍSLAND GOT

TALENT

MÍÐVIKUDAG
20:25



Hefst 12. feb.



LÉTTIR SPRETTIR
MEÐ RIKKU

FIMMTUDAG
20:05



Heilsugengið

Frábær íslensk dagskrá í febrúar!

Febrúar er skemmtilegri með Stöð 2!

Í febrúar verður íslensk dagskrárgerð í hávegum höfð á Stöð 2. Við skemmtum okkur yfir Spurningabombunni hans Loga, Spaugstofunni og Ísland Got Talent og í Geggjuðum græjum kynnumst við ótrúlegum tækjum og tólum. Bættri heilsu og betra mataræði eru svo gerð góð skil í þætti Rikku og Heilsugenginu hennar Völu Matt.

180.000 kr.
sparnaður
á 36 mánuðum

fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!
7.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriðja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift!

365.IS

Óskynsamleg skíðasniðganga

BAKPANKAR Forseti Íslands og frú hafa þegið boð um Hildar Sverrisdóttur

Forseti Íslands og frú hafa þegið boð um að vera viðstödd Vetrarólympíuleikana í Sotsj. Það er gott þrátt fyrir skiljanlega umræðu um hvort ráðamenn þjóðarinnar ættu að sniðganga leikana til að mótmæla grófum mannréttindabrotum Rússa gagnvart samkynhneigðum.

SLÍK tillaga var meðal annars lögð fram á Alþingi sem er reyndar áhugavert því að sama dag stóðu sömu þingmenn og höfðu hvatt til sniðgöngu leikanna að jákvæðri umræðu um fríværslunarsamning við Kína. Það er áhugavert að sömu þingmenn hafi hverjir tekið sína afstöðuna í þeim tveim málum því að um þau gilda í grunninn sömu lög- mál; frjáls verslun brýtur niður múra í ríkjum sem þurfa að gera betur. Að sama skapi eru samskipti betri en útskúfun gagnvart ríkjum sem þurfa að gera betur. Á Ólympíuleikunum taka allir þátt á jafnréttisgrundvelli, sem stuðlar að friði og samvinnu þjóða – alveg eins og að í húsi Sam- einuðu þjóðanna tala allir saman þótt mörg ríki megi þar gagnrýna fyrir stjórnarhætti sína.

ÞAÐ er vissulega ærin ástæða til að gagnrýna stefnu rússneskra stjórnvalda gagnvart samkynhneigðum. En það er vand- séð hvar eigi að draga mörkin ef Ísland á í framtíðinni ekki að sniðganga flest alþjóð- leg íþróttamót. Ráðamenn mættu á Ólympíuleikana í Kína til að hvetja silfurstrákana okkar þrátt fyrir mannréttindabrotin þar og forseti Íslands var um daginn að hvetja strákana okkar í Abú Dabí sem mun seint kallast fyrirheitna landið. Næstu Ólympíuleikar verða í Brasilíu þar sem verið er að jafna fátækrahverfi við jörðu til að rýma fyrir íþróttamannvirkjum og varla verður talið að Ísland sé fylgjandi dauðarefsingum ef við sniðgöngum ekki leika í Bandaríkjunum.

ÞAÐ er hægt að gagnrýna alltof margt úti um allan heim en sniðganga er ekki leiðin til þess. Miklu frekar eiga ráðamenn að mæta til Rússlands og fagna þegar íþróttamenn skarta naglalakki í regnbogalitunum og þegar Þjóðverjar mæta íklæddir sínum lítt dulbúnu skilaboðum. Nota tækifærið ef þeir hitta rússneska ráðamenn til að segja sína skoðun og hafa með sterkri og stoltri mannréttindavitund áhrif í öðrum ríkjum.



Hverfisgata í 100 ár

Ný veggmynd tekur á sig form í miðbæ Reykjavíkur.

Athugulir miðborgarbúar hafa ef til vill tekið eftir nýrri veggmynd sem nú er í vinnslu á Hverfisgötu. Myndin er verk þriggja listamanna, þeirra Arnar Tönsberg, Margeirs Dire og Rögnvalds Skúla Árnasonar, sem allir eru í listamannahópnum 33.

„Þetta er bara frontur á nýja galleríinu okkar sem stendur við Laugaveg“, segir Örn um verk- ið. „Þælingin með vegginn er að blanda saman myndum frá því í dag og líka frá því fyrir hundrað

árum. Segja þannig sögu Hverfis- götunnar í hundrað ár.“

Veggmyndin er í grennd við Hjómalindarreitinn svokallaða, en Örn og félagar voru fengnir til að gera myndina af Ícelandair sem hyggst reisa hótél á reitnum. Örn segir óvíst hvenær takist að klára myndina að fullu.

